



FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

2. apríl 2006 – 90. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## Ósóttar ávísanir upp á 74 milljónir

Fleiri hundruð ávísanir eru óinnleystar og liggja hjá ríkinu vegna greiðslu barna- og vaxtabóta og inneigna eftir skattaálagningu. Upphæðin nemur 74,4 milljónum króna. Ávísanir eru á ábyrgð eigendanna.

**SKATTGREIÐSLUR** Alls höfðu tæplega 118 milljónir vegna greiðslu barna- og vaxtabóta eftir álagningu til einstaklinga og lögaðila ekki verið sóttar til ríkisins um áramótin. Frá áramótum og til 24. mars lækkaði sú upphæð um tæplega 43,4 milljónir og stendur því í 74,45 milljónum.

Um 37 milljónir eru frá 2003 eða fyrr, rúmlega tíu milljónir frá 2004 og rétt um 27 milljónir frá síðasta ári. Fjársýsla ríkisins tók tölurnar saman fyrir Fréttablaðið.

Af þessum rúmu tíu milljónum frá 2004 eru tæplega 9,7 í eigu einstaklinga. Af 27 milljónum frá í fyrra eiga einstaklingar 20,7. Vextir reiknast ekki á upphæðirnar þar sem það er á ábyrgð eigendanna að vitja þeirra.

Alfred Erlingsson á bókhalds-

sviði Fjársýslu ríkisins segir að tölurverður fjöldi ávísana sé endursendur fljótlega eftir að þær séu sendar út þar sem viðtakandi finnist ekki. Starfsmenn Fjársýslunnar kanni reglulega hvort eigendurnir séu komnir með nýtt heimilisfang og komi ávísuninni þá til skila.

„Í nokkrum tilfellum hafa ávísanir verið stoppaðar og teknar til hliðar til nánari skoðunar af skattayfirvöldum og til afgreiðslu síðar. Einnig liggja hér ávísanir til útlendinga sem fá inneignir greiddar eftir álagningu, en þessir aðilar hafa verið hér í vinnu tímabundið og eru fluttir af landi brott.“ Erfiðast mun vera að ná til þeirra.

Alfred segir Fjársýsluna reyna að lágmarka útgáfu ávísana og sendi eyðublað með útsendum ávísunum þar sem fólk sé hvatt til

að skrá sig inn á ráðstöfunarskrá hjá bönkum sínum eða á þjónustusíðu Ríkisskattstjóra.

Af tæpum tvö þúsund ávísunum frá í fyrra eru 1.216 undir fimm þúsund krónum. Sú hæsta er hins vegar 626.808 krónur. Sautján eru frá 100 til 450 þúsund króna. Enginn tékkanna 1.091 sem ósóttir eru frá 2004 er hærri en 450 þúsund krónur.

Fréttablaðið óskaði fyrst eftir upplýsingunum í desember 2004. Var erindinu ítrekað frestað. Til kynnt var í janúar að upplýsingarnar yrðu afhentar nú í mars. Frá áramótum hafa rúmlega 390 vitj- að inneigna hjá ríkinu, samtals 43,4 milljónir króna. Aðeins rúm 24 þúsund voru sótt af inneignum eldri en þriggja ára, sem nema um 37 milljónum króna.



JEVISOVKA Í TÉKKLANDI Loftmynd af þorpinu Jevisovka í Tékklandi umkringdu vatni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þúsundir yfirgefa heimili sín:

## Mikil flóð í Mið-Evrópu

**TÉKKLAND, AP** Ár flæða yfir bakka sína í Tékklandi og Þýskalandi vegna rigninga og bráðnunar snjós og þurftu þúsundir manna að yfirgefa heimili sín á laugardag.

Í Þýskalandi hafa samtals 1.300 manns þurft að yfirgefa heimili sín í átta borgum vegna flóðanna.

Áhrifa hefur einnig gætt í Austurríki en þar virðast flóðin í rénum og ekki ætla að verða eins mikil og í Þýskalandi og Tékklandi.

Búið er við áframhaldandi flóðum á svæðinu næstu daga en mikill viðbúnaður er hjá björgunarsveitum vegna þeirra.



## Mestu sinueldar sögunnar

Sinueldarnir á Mýrum í Borgarfirði loguðu í tvo sólarhringa. Baráttan var oft tvísýn eins og myndir Vilhelms Gunnarssonar sýna.

Í DAG 46

## Vefur sögu H.C. Andersen og speki Kierkegaards

Myndlistarmaðurinn heimspektti, Joseph Kosuth, sýnir söguteppe á Kjarvalsstöðum.



MENNING 20

## Í nógu að snúast

Halldór Ásgeirsson var á útopnu síðastliðið föstudagskvöld þegar hann keppti í úrslitum Músiktilrauna og Morfís.




FÓLK 38

## ÍBV Íslandsmeistari

ÍBV varð í gær Íslandsmeistari kvenna í handbolta eftir sigur á HK í lokumferðinni. Eyjastúlkur eru vel að sigrinum komnar og sigur þeirra á HK var verðskuldaður.


ÍÞRÓTTIR 34

## VEÐRIÐ Í DAG



**BJART MEÐ KÖFLUM** - Í dag verður fremur hæg norðlæg átt. Eljagangur norðvestan til og sumstaðar úti við norðausturströndina, annars yfirleitt þurrt og skýjað með köflum. Frost 0-6 stig í dag en hlýnar heldur á morgun.

VEDUR 6



VETRARLEIKIR Á JÖKLI Fallegt vetrarveður var á Suðurlandi í gær og þeir Smári Sigurgrímsson og Sindri Snær Oddgeirsson brugðu á leik við Guðnastein á Eyjafjallajökli. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sinueldarnir á Mýrum í Borgarfirði:

## Mýrarnar loga á nýjan leik

**SINUELDAR** Eftir að talið var að tekist hefði að slökkva sinueldana á Mýrum í Borgarfirði í fyrrinótt tóku þeir sig aftur upp um miðjan dag í gær. Slökkviliðin frá Borgarnesi, Akranesi, Búðardal og Reykjavík voru þegar kölluð út að nýju og þyrilan sem tók þátt í slökkvistarfinu á föstudag með góðum árangri var sett í viðbragsstöðu. Það er ljóst að Mýraeldar eru mestu sinueldar Íslandssögunnar.

Eldurinn tók sig upp að nýju fyrir norðan bæinn Ánastaði sem var lengi í hættu á föstudag. Bjarni



MÝRAELDAR Sinueldarnir tóku sig aftur upp um miðjan dag og logaði á fimm kílómetra kafla í gærkvöldi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þorsteinsson, slökkviliðsstjóri í Borgarnesi, sagði í gærkvöldi að það logaði á fimm kílómetra kafla og þá nálægt bænum Hrafnkelsstöðum auk Ánastaða. Þá var allt það lið sem barðist við eldana fyrr, um 80 til 100 manns, að mæta aftur til starfa. Stóð til að nota jarðýtur til að reyna að stöðva för eldsins.

Bjarni hafði verið vongóður um að sigur hefði unnist en grunur hans um að glóð í mó og mosa gæti kveikt nýja elda reyndist á rökum reistur. Strax í gærdag höfðu meira en 100 ferkílómetrar lands brunnið.

Guðfinna Einarsdóttir:

## Lést í gær 109 ára að aldri

**ANDLÁT** Guðfinna Einarsdóttir lést í gær, 109 ára að aldri, en hún var elsti Íslendingurinn.

Guðfinna fæddist 2. febrúar 1897 á Leysingjastöðum í Dalasýslu.

Undanfarna þrjú áratugi bjó Guðfinna hjá einkadóttur sinni, Jóhönnu Þorbjarnardóttur. Hún var lengst ævinnar heilsuhraust. Í vetur dvaldi hún á hvíldarinnlögn á Landakoti.

Afkomendur Guðfinnu eru þrettán, átta barnabarnabörn, fjögur barnabörn auk dótturinnar Jóhönnu.



GUÐFINNA EINARSDÓTTIR

Innbrot í þýskan kastala:

## Stálu fornum fallbyssukúlum

**ÞÝSKALAND, AP** Þjófar höfðu í skjóli nætur á brott með sér um tvö þúsund fallbyssukúlur frá sextánda öld, sem nýlega fundust við fornleifauppgröft í kastalarústum í grennd við Wolfenbüttel í vestanverðu Þýskalandi.

Hver kúla er um 12 sentimetrar í þvermál og vegur um eitt kíló. Kúlurnar voru steyptar úr brotjárn fyrir furstann er ríkti þarna árið 1575. Ártalið er greipt í sumar kúlurnar.

Á uppboðssíðum á vefnum kváðust safnarar vera tilbúnir til að greiða um 1700 krónur fyrir hverja kúlu.

# STYSTA LEIÐIN Í BANKANN

Fjárhagsleg velgengni byggist á að vita  
alltaf hver staðan er

Með Glitni í símanum þínum tryggir þú  
þér stystu leiðina í bankann.

Glitnir í símanum veitir þér aðgang að öllum  
helstu fjármálaupplýsingum sem þú þarft.  
Þar sérð þú stöðuna á reikningunum þínum,  
helstu kauphallarupplýsingar og gengi gjaldmiðla.

Og þú getur líka millifært, greitt reikninga  
eða fyllt á GSM frelsi.

Farðu á **glitnir.is** og kynntu þér hvernig þú færð  
Glitni í símann.

## NETBANKI GLITNIS Í SÍMANUM ÞÍNUM

*nánari upplýsingar á [glitnir.is](http://glitnir.is)*



UPP Á TOPP 86 M

Reikningsyfirlit

Yfirlit skuldabréfa

Millifærslur

„ÆTLI ÉG SÉ BÚIN  
AÐ FÁ ÚTBORGAD?“

SKÁLI 2 KM

GLITNIR 43 CM

**GLITNIR**



## SPURNING DAGSINS

Jón, er síminn ekki bara bóla?

Það er engin spurning.

Fyrirtækið NetAFX ætlar að bjóða upp á farsímasamtöl um internetið á vörðunum. Jón Elíasson er framkvæmdastjóri NetAFX.

Átök blossa upp í Kúrdahéruðum í suðausturhluta Tyrklands:

# Verstu óeirðir í yfir áratug

**TYRKLAND, AP** Óeirðir héldu áfram í borgum í Kúrdahéruðunum í suðausturhluta Tyrklands í gær. Þetta var þriðja daginn í röð sem til átaka kom milli mótmælenda og lögreglu í borgum í Kúrdahéruðunum, en kveikja mótmælanna voru dráp á 14 kúrdískum skæruliðum fyrir í vikunni.

Talsmaður Evrópusambandsins, Krisztina Nagy, sagði þessar fréttir mikið áhyggjuefni og skoraði á stjórnvöld í Ankara að veita kúrdíska minnihlutunum meiri réttindi til að draga úr spennunni.

Sex manns hafa látið lífið í óeirðunum síðustu daga. Þetta eru verstu óeirðir sem sést hafa í

stærstu borginni á svæðinu, Diyarbakir, í yfir áratug. Þær breiddust einnig út til bæjarins Batman.

Skæruliðar hins bannaða Verkamannaflokks Kúrdistans, PKK, hafa barist fyrir sjálfstjórn tyrknesku Kúrdahéraðanna síðan árið 1984. Skærum hefur fjölgað aftur eftir að PKK aflýsti vopnahléi árið 2004. Tyrkneskir hermenn fellu í vikunni fjórtán meinta PKK-liða í Mus-héraði. - aa

**ÍRAFÁR Í DIYARBAKIR** Slósuðum dreng forðað af vettvangi óeirða í Diyarbakir.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Kostnaður Gettu betur liða:

## Sitja ekki við sama borð

**SJÓNVARPSEFNI** „Augljóst er að lið MA, sem kemur að norðan til að taka þátt í Gettu betur, situr ekki við sama borð og þau lið sem koma frá Reykjavík,“ segir Páll Magnússon, útvarpsstjóri RÚV, um ummæli Láru Stefánsdóttur í Fréttablaðinu í gær þar sem hún sagði RÚV mismuna keppnisliðum eftir búsetu. Lára hyggst taka málið fyrir á næsta fundi útvarpsráðs.

„Við reyndum að koma til móts við keppnislið MA þegar ljóst var að liðið þyrfti að koma oftar en einu sinni til Reykjavíkur,“ segir Páll.

Endanleg afstaða til málsins verður tekin eftir helgi. - jóa

Samningslausir hjartalækna: Ríkið kemur til móts við þegna

**HEILBRIGÐISMÁL** „Það er skaði að heilbrigðisfyrirvöld skuli ekki hafa neinn samning við sjálfstætt starfandi hjartasérfræðinga,“ segir



**SIGURBJÖRN SVEINSSON, FORMAÐUR LÆKNAFÉLAGS ÍSLANDS**

Sigurbjörn Sveinsson, formaður Læknafélags Íslands. „En það er jákvætt að ríkið skuli gera ráðstafanir og gefa sjúkratryggðum þegnum möguleika á að fá endurgreidda lækningu þjónustu sem þeir þurfa hjá samningslausum hjartalæknum. Það er hins vegar umhugsunarvert fyrir heilsugæslulækna að þurfa að gefa út greiðsluheimildir á ríkissjóð vegna þessarar þjónustu,“ segir Sigurbjörn. - jh

Fylgi flokka í Reykjavík:

## Samfylkingin bætir við sig

**STJÓRN MÁL** Samfylkingin eykur lítillega fylgi sitt og fylgi Sjálfstæðisflokks minnkar samkvæmt nýrri könnun Gallup á fylgi flokka í Reykjavík. Sjálfstæðisflokkur fengi þó enn hreinan meirihluta í borginni væri kosið nú. Fylgi hans mældist 47 prósent í mars sem er fimm prósentustigum minna en í febrúar. Samfylkingin eykur fylgi sitt úr 35 prósentum í 36 prósent.

Þetta er í samræmi við þróun Gallup-kannana síðustu mánuði þar sem Samfylkingin hefur verið að auka fylgi sitt í borginni en fylgi Sjálfstæðisflokks minnkað.

Vinstri grænir mælast nú með 11 prósentu fylgi, Framsóknarflokkur með rúm þrjú prósent og frjálslyndir með rúm tvö prósent.

- sdg

# Tilvísanakerfi tekið upp fyrir hjartveika

Heilbrigðisráðherra bregst við vandanum með því að taka upp tilvísanakerfi og telur að hluti sjúklinga geti fengið þjónustu á heilsugæslustöðvum. Engar greiðslur komu frá Tryggingastofnun síðustu mánuði ársins segja sérfræðingar.

**HEILBRIGÐISMÁL** Liðlega tuttugu sérfræðingar í hjartalækningum hafa sagt sig frá samningi Læknafélags Reykjavíkur við Tryggingastofnun ríkisins. Af þeim sökum gaf Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra út reglugerð í gær, sem kveður á um að sjúklingar öðlist rétt til endurgreiðslu vegna þjónustu hjartalækna, sem nú eru samningslausir, með því að fá tilvísun frá heilsugæslustöð eða heimilislækni. „Þeir sem kjósa að fara án tilvísunar til viðkomandi hjartasérfræðinga hafa ekki endurgreiðslurétt,“ segir Siv Friðleifsdóttir heilbrigðisráðherra. Hún segir að ljóst sé að hluti sjúklinganna fái með þessum hætti úrlausn sinna mála með ódýrum og hagkvæmum hætti á heilsugæslustöðvunum. „Hluti sjúklinganna þarf meiri aðstoð og fer þá með tilvísun sína til hjartasérfræðinganna.“

Siv tekur fram að tilvísana frá heilsugæslustöðvum eða heimilislæknum verði ekki krafist fyrstu vikuna frá því reglugerðin tekur gildi.



**SIV FRÍÐLEIFSDÓTTIR** Heilbrigðisráðherra segir að ný reglugerð tryggi að hluti hjartasjúklinga geti fengið úrlausn sinna mála með ódýrum og hagkvæmum hætti á heilsugæslustöðvum.



**SKURÐAÐGERÐ Á SJÚKRAHÚSI** Ný reglugerð heilbrigðisráðherra gerir ráð fyrir því að þeir sem svo kjósa geta leitað beint til hjartasérfræðings án tilvísunar en fá engar endurgreiðslur fyrir vikið.

læknum verði ekki krafist fyrstu vikuna frá því reglugerðin tekur gildi.

Hjartalækarnir sögðu sig frá frá samningnum fyrir þremur mánuðum og tekur uppsögnin gildi í dag, 1. apríl.

Samkvæmt upplýsingum heilbrigðis- og tryggingaráðuneytisins má rekja um 65 prósent verktagreiðslna til hjartalækna til skoðunar sjúklinga, viðtala og hjartalínurita og metur heilbrigðisráðherra það svo að heilsugæslan eigi að geta leyst úr vanda sjúklinga að talsverðu leyti.

Þórarinn Guðnason, formaður Félags sjálfstætt starfandi hjarta-

lækna, segir að gildandi samningur hafi verið með öllu óviðunandi. „Í fyrra unnum við tvo síðustu mánuði ársins án þess að fá greiðslur frá Tryggingastofnun því umsamdar verkeiningar voru uppnar í októberlok. Greiðslur eftir það voru aðeins framlag sjúklinganna sem er að jafnaði um þriðjungur kostnaður.“ Þórarinn segir að hjartalækarnir muni sinna sjúklingum sínum áfram. „Endurgreiðslur eru algerlega mál sjúklinganna og Tryggingastofnunar. Við vonum að þetta verði sjúklingunum ekki til óhagræðis.“

johannh@frettabladid.is

Forseti Alþingis og þingmenn:

## Heimsækja írsku þingið

**STJÓRN MÁL** Sólveig Pétursdóttir, forseti Alþingis, heldur í dag í opinbera heimsókn til Írlands. Eiginmaður hennar, Kristinn Björnsson, er með í för ásamt þingmönnum Guðlaugi Þór Þórðarsyni, Rannveigu Guðmundsdóttur og Þórunni Sveinbjarnardóttur. Þá fer skrifstofustjóri Alþingis og forstöðumaður alþjóðasviðs þess utan.

Förin er farin í boði forseta neðri deildar írsku þingsins og mun sendinefndin heimsækja kjördæmi hans. Fundað verður með forseta Írlands, varaforsetisráðherra landsins, írskum þingmönnum og forystumönnum stjórnmálaflokkanna.

Heimsókninni lýkur á fimmtudag. - bps

Bilgreinasambandið:

## Ríkið fær um 45 milljarða

**FÉLAGSSTÖRF** Tekjur ríkissjóðs af ökutækjum verða um 45 milljarðar króna á þessu ári, sex milljörðum hærri en fjárlög gera ráð fyrir.

Þetta er mat aðalfundar Bilgreinasambandsins sem haldinn var í gær. Tekjur ríkissins af ökutækjum námu **ÚLFAR STEINDÓRSSON** 47 milljörðum á síðasta ári. Í ályktun fundarins segir að einfalda þurfi vörugjaldskerfi ökutækja og lækka gjöld á greinina. Óeðlilegt sé að vörugjöld feli í sér opinbera neyslustýringu og sérstakar undanþágur.

Úlfar Steindórsson, forstjóri P. Samúelssonar, var kjörinn formaður sambandsins og tekur hann við formennsku af Ernu Gísladóttur, forstjóra B&L. - bps

Hitaveita Suðurnesja um samning á sölu vatns til varnarliðsins:

# Samningnum verður ekki rift

**VARNARLIÐIÐ** Júlíus Jónsson, forstjóri Hitaveitu Suðurnesja, hefur þegar komið þeim skilaboðum til varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli að það geti ekki sagt upp samningi sínum við hitaveituna um kaup á heitu vatni fyrir varnarliðið.

Forsvarsmenn varnarliðsins sendu Hitaveitu Suðurnesja bréf fyrir skömmu þar sem óskað er eftir því að samningi um kaup á heitu vatni fyrir varnarliðið yrði rift.

Júlíus Jónsson telur varnarliðið ekki hafa heimild til þess að segja upp samningnum. „Varnarliðið vitnar til ákvæðis í samningnum frá 1980 þar sem segir að það sé 180 daga uppsagnarfrestur á samningnum. Síðan hafa verið gerðar á samningnum meira en sextíu breytingar þannig að við teljum það ekki raunhæft að vitna

til ákvæðis í upprunalega samningnum, sem er efnislega orðinn allt annar í dag.“

Varnarliðið á Keflavíkurflugvelli hefur um árabil verið stærsti einstaki kaupandi á heitu vatni hjá Hitaveitu Suðurnesja. Á síðasta ári keypti varnarliðið heitt vatn fyrir rúmar 600 milljónir króna, en mest hafa kaup varnarliðsins náð tæpum milljarði króna á ári.

„Ég hefði talið heppilegra ef fulltrúar varnarliðsins hefðu óskað eftir viðræðum vegna samningsriftunar í stað þess að segja samningnum upp með þessum hætti,“ sagði Júlíus. - mh

**VARNARLIÐIÐ** Riftun samningsins við Hitaveitu Suðurnesja, með þriggja mánaða fyrirvara, rennir stöðum undir það að varnarliðið muni fara af landinu á sumarmánuðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



## Flugvélaeigendur - Tryggingar

Flugmálatfélag Íslands vinnur nú að tryggingarmálum fyrir íslensk loftfór. Markmið félagsins er að ná hagstæðum samningum hérlendis eða erlendis til hagsbóta fyrir íslenska flugvélaeigendur.

Eigendur flugvéla sem hug hafa á að lækka reksturskostnað sinn með samfloti í samningum, sem Flugmálatfélag Íslands er að beita sér fyrir, eru beðnir að senda nafn sitt og einkennisstafi flugvéla sinna með tölvupósti til FMÍ [stjorn@flugmat.is](mailto:stjorn@flugmat.is) eða bréflaga til Flugmálatfélags Íslands.

Flugmálatfélag Íslands  
Reykjavíkflugvelli  
Pósthólf 1378, 121 Reykjavík.

# Netorka hf.

## Uppgjörskerfi raforkumarkaðar

Frá síðustu áramótum hafa allir landsmenn átt kost á að velja sér af hvaða raforkusala þeir kaupa raforku.

Raforkusala er nú ekki lengur bundin því orkufyrirtæki sem dreifir raforkunni á viðkomandi svæði, heldur opin öllum þeim sem hafa tilskilin leyfi. Þessi breyting leggur grunn að samkeppni á raforkumarkaði, raforkunotendur hafa nú val.

Netorka hf. er hlutafélag í eigu raforkufyrirtækjanna og gegnir því hlutverki að vera sameiginlegt mæligagna- og uppgjörsfyrirtæki fyrir íslenskan raforkumarkað í markaðsvæddu umhverfi.

Þann 3. apríl tekur Netorka í notkun upplýsingakerfi sem annast mun uppgjör og vinnslu sölumælinga.

Kerfið mun gera upp orkunotkun milli seljenda og kaupenda og halda utan um allar breytingar á viðskiptum raforkuseljenda og kaupenda.

Uppsetning Netorku á miðlægum gagnagrunni og einföldu skeytakerfi er einstök og fyrsta sinnar tegundar í heiminum í raforkuiðnaðinum. Kerfið tryggir að samskipti og uppgjör á íslenska raforkumarkaðnum verða í senn einfaldari, sveigjanlegri og skilvirkari en gerist hjá öðrum þjóðum.

Netorka, í samvinnu við Ax hugbúnaðarhús hf., WM Data, TM Software, Ráðorku ehf. og starfsmenn allra orkufyrirtækjanna, hefur séð um uppsetningu og innleiðingu á upplýsingakerfunum.



Orkuveita Húsavíkur



Rafveita Reyðarfjarðar



# netOrka

www.netorka.is

## GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 31.3.2006

## KAUP SALA

	Bandaríkjadalur	70,7	71,04
	Sterlingspund	122,79	123,39
	Evra	85,58	86,06
	Dönsk króna	11,467	11,535
	Norsk króna	10,744	10,808
	Sænsk króna	9,092	9,146
	Japanskt jen	0,6006	0,6042
	SDR	101,88	102,48

Gengisvísitala krónunnar 119,5127

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Áhrif sinubruna á gróður og fuglalíf:

## Hefur slæm langtímaáhrif

**NÁTTÚRA** „Þó að sinubruni geti haft góð áhrif til skamms tíma eru langtímaáhrifin slæm,“ segir Sigurður Magnússon, plöntuvistfræðingur hjá Náttúrufræðistofnun Íslands.

Við sinubruna losna næringar efni úr sinunni, köfnunarefni fer út í loftið og kolefnið verður að koltvísýringi en steinefnið verður eftir í óskunni og nýtast plöntum sem lifa brunann af.

Til lengri tíma litið er þetta slæmt vegna þeirra næringar efna, köfnunarefna og kolefna, sem tapast úr kerfinu við sinubruna að sögn Sigurðar. „Alltaf þegar sína er brennd hefur það



**SINUBRUNI** Bændur hafa stundað það í margar aldir að brenna sínu til að bæta beitilönd.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

áhrif á tegundsamsetningu gróðurs á svæðinu.“

Áhrifin magnast eftir því sem sínan er meiri, hitinn hærri og jörð þurrari. Ef það er aftur á móti frosin jörð og lítil sína verða áhrifin ekki það mikil.

Að sögn Arnórs Þóris Sigfússonar fuglafræðings mun sinubruninn nú ekki hafa afdrifaríkar afleiðingar á fuglalíf þar sem varp hefst ekki fyrr en eftir mánuð. Ef þetta hefði gerst seinna þá gætu áhrifin hafa orðið afdrifaríkari og valdið dauða fugla.

Hafi búsvæði fuglanna skaðast í sinubrunanum munu þeir væntanlega finna sér nýjan varpstæð í ár en það yrðu ekki varanlegar afleiðingar að sögn Arnórs. -sdg

Úrslit kosninganna í Úkraínu:

## Vilja að talið verði að nýju

**ÚKRAÍNA, AP** Viktor Júsjenko, forseti Úkraínu, hefur beint þeim til mælum til yfirmanns kosningastjórnarinnar, Yaroslavs Davydovych, að taka til greina kröfu fjögurra flokka um endurtalningu atkvæða. Þingkosningar fóru fram í Úkraínu um síðastliðna helgi.

Flokkarnir segja að fjögurra daga seinkun sem varð á birtingu fyrstu talna hafi vakið upp grunsmdir um kosningavindil við talningu atkvæða.

Davydovych segir að seinkunin hafi verið vegna tæknilegra vandamála og ekki sé um kosningavindil að ræða. -sdg



**DR. HANS BLIX** Hann kemur til landsins þann 4. apríl til að halda fyrirlestra. NORDICPHOTOS/AFP

Dr. Hans Blix væntanlegur:

## Heldur fyrirlestur og málstofu

**HEIMSÓKN** Dr. Hans Blix, formaður nefndar gegn geryðingarpöppum, heldur fyrirlestur sem ber yfirskriftina „Geryðingarpöpp, Sameinuðu þjóðirnar og valdbeiting í alþjóðasamfélaginu“. Fundurinn verður haldinn í hátíðarsal Háskóla Íslands föstudaginn 7. apríl klukkan 12-14 en fyrirlesturinn er öllum opin.

Dr. Hans Blix opnar sýningu til minningar um hundrað ára afmæli Dags Hammarskjöld í Norræna húsinu. Hann heldur enn fremur málstofu fyrir meistaranema í Háskóla Íslands í alþjóðasamskiptum þar sem rætt verður um samningatækni í alþjóðasamskiptum. Heimsókn hans lýkur þann 8. apríl. -sts

Góð staða hjá Dönum:

## Eiga meira en þeir skulda

**DANMÖRK** Í fyrsta skipti frá seinni heimstyrjöldinni eru skuldir Dana í útlöndum minni en lán þeirra til útlanda.

Haft er eftir sérfræðingi Danske bank í frétt Berlinske tíðende í gær að skuldir Dana við útlönd hafi farið minnkandi síðustu tuttugu ár en síðustu þrjú ár hafi gengið betur en nokkru sinni fyrr að greiða upp skuldirnar. Árin þar á undan var ríkissjóður rekinn með halla og erlendur skuldir jukust. -ks

## Lýsa eftir íslenskum tillögum um varnir

Vonbrigði hversu marklausar viðræður sendinefndar bandarískra stjórnvalda og íslensku samninganefndarinnar voru. Þetta segja formenn stjórnarandstöðuflokkanna á Alþingi. Viðræður nefndanna halda áfram á næstu mánuðum.

**VARNARMÁL** Formenn stjórnarandstöðuflokkanna telja hæggagang viðræðna um varnarmál á milli íslenskra og bandarískra stjórnvalda, vera til þess fallinn að veikja stöðu Íslands í samningaviðræðunum.

Geir H. Haarde, utanríkisráðherra, sagði að loknum fundi um stöðu varnarmála hér á landi í fyrradag, sem nefndir íslenskra og bandarískra stjórnvalda sátu, að hann teldi það ekki raunhæft að önnur þjóð tæki við því hlutverki sem Bandaríkin hefðu haft hér um áratugaskeið.

Ingbjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, segir það vera vonbrigði hversu illa gengur að komast að niðurstöðu um varnarmálin. „Mér fannst viðræðurnar heldur rislitlar. Íslensk stjórnvöld virðast setta sig við það að Bandaríkjamenn komi fram með tillögur um lausn á málinu, á meðan skortur er á skýrum samningsmarkmiðum eða hugmyndum um það hvernig þessum málum verður best sinnt.“

Ingbjörg telur íslensk stjórnvöld nú hafa tækifæri til þess að endurmeta stöðuna sem upp er komin. „Mér finnst að nú eigi menn að staltra við og notfæra sér síðustu grein varnarsamningsins og fara með málið með formlegum hætti til Atlantshafsbandalagsins. Þannig er hægt að setja málið í formlegt endurskoðunar-



**FRÁ KEFLAVÍKURFLUGVELLI** Óljóst er enn hvernig vörnum Íslands verður háttað í framtíðinni. Nefndir íslenskra og bandarískra stjórnvalda funda um varnarmálin á næstu vikum og mánuðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ATU



**STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON**



**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR**



**GUÐJÓN ARNAR KRISTJÁNSSON**

ferli og nýta þann tíma til þess að skoða hvaða kostir eru í stöðunni, aðrir en tvíhliða samningar við Bandaríkin.“

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs, segir undirbúning íslenskra stjórnvalda fyrir viðræðurnar við bandarísk stjórnvöld ekki vera trúverðugan. „Mér finnst íslensk stjórnvöld mæna upp á Bandaríkjamenn og gefa sér að það sé Bandaríkjamenn að koma fram með tillögur um lausn á málinu. Það virðist ekki hvarfla

að íslenskum stjórnvöldum að hafa frumkvæði að lausn þessa máls.“

Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, segir nú vera tækifæri til þess að ræða um öryggismál í víðu samhengi og því ættu íslensk stjórnvöld að nýta tækifærið til þess. „Miðað við stöðu í alþjóðamálum þá eru sáralitlar líkur á því að hér skapist hætta vegna árárs annarra þjóða. Þess vegna tel ég ekki nauðsynlegt að hér á landi verði erlent varnarlið. Það er nærtækara að skoða heldur hvaða öryggishlutverk við getum haft hér á landi, það er mengunareftirlit og öryggi á hafinu í kringum landið.“

Viðræður milli nefnda bandarískra og íslenskra stjórnvalda um varnarsamstarfið, halda áfram á næstu vikum og mánuðum.



**ÓPERUHÚSIÐ Í KAUPMANNAHÖFN** FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR

Íslendingar í aprílútrás:

## Reisa óperhús í Danmörku

**APRÍLGABB** Sagt var frá í Berlinske Tidende í gær að íslenskur fjárfestingasjóður hygðist reisa óperuhús í Kaupmannahöfn, rétt hjá danska óperuhúsinu.

Í fréttinni kemur fram að forsvarsmenn borgarinnar og óperunnar séu hæstánægðir með framtakið. Rætt er við konu að nafni Hildur Ámóldsdóttir frá „den islandske fond Saga Fairytales Holding“ sem tjáði sig um framtak íslensku útrásarmannanna sem að baki þessu standa.

Kom svo á daginn að um apríl-gabb var að ræða. Ekki er vitað hvort íslenskir fréttaritara í Kaupmannahöfn séu enn að leita að Hildi Ámóldsdóttur. -jóa

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**Árekstur við Lónsbakka** Tveir bílar skemmdust nokkuð er annar bílanna keyrði aftan á hinn í slæmu skyggni við Lónsbakka skammt frá Akureyri. Ökumenn bifreiðanna sluppu ómeiddir en báðir bílarnir eru óökufærir eftir áreksturinn.

**Tekinn á 155** Lögreglan á Hvolsvelli stöðvaði öku mann á Mýrdalssandi sem mældist á 155 kílómetra hraða. Fjórir aðrir ökumenn voru stöðvaðir á þessum slóðum í gær fyrir of hraðan akstur.

## APRÍLGABB

**Engin kostakjör** Frétt Fréttablaðsins um óvenju hagstæð íbúðalán Danske bank og SPRON sem birtist í blaðinu í gær var skrifuð í tilefni af fyrsta apríl.

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á VÍSIR VEF-TV



HORFÐU EINSOG PÉR SÝNIST!

Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir

í stafrænum gæðum á visir.is

## VEÐURSPÁ

um hádegi »




Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**VEÐRIÐ AÐ BREYTAST**


Dagurinn í dag verður sá síðasti í bili í þeirri röð daga þar sem veðrið hefur stjórnað af lægðum fyrir austan land sem dælt hafa stífum norðanáttum inn yfir landið. Nú er hæð í þróun vestur af landinu og ef fer sem horfir erum við að sigla inn í heldur mildara veður með skýjuðu veðri vestan til en björtu eystra.

**HÖFUDBORGIN Í DAG**

Hæg norðlæg átt. Bjart í fyrstu en þykkar smám saman upp. Hiti við frostmark. Veður fer hlýnandi.




» á morgun



5-10 m/s vestan til annars hægar.

» þriðjudagur



Viðast 5-10 m/s.

Kaupmannahöfn	7°C hálfskýjað	Paris	13°C skúrir	Alicante	24°C heiðskirt
Oslo	1°C alskýjað	Berlin	14°C alskýjað	Milano	14°C hálfskýjað
Stokkhólmur	5°C alskýjað	Frankfurt	14°C alskýjað	New York	17°C heiðskirt
Helsinki	0°C alskýjað	Madrid	20°C hálfskýjað	San Francisco	16°C skúrir
London	13°C hálfskýjað	Barcelona	20°C hálfskýjað	Orlando/Flórida	29°C hálfskýjað

\* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# SKO

Tala meira. Borga minna.

## Sko það er allt að gerast á netinu

Sko er nýtt farsímafyrirtæki sem býður þjónustu sína eingöngu á Netinu líkt og lággjaldaflugfélög gera. Með því að sjá alfarið um GSM þjónustuna á Netinu færðu lægra verð og ert alltaf númer eitt í röðinni.

Sko sendir ekki út reikninga og rukkar ekki mánaðargjald því auðvitað áttu bara að borga fyrir það sem þú notar. Sko er bara með eitt mínútuverð innanlands þannig að þú veist nákvæmlega hvað það kostar að hringja. Hjá okkur kostar jafnmikið að hringja í mömmu hjá Og Vodafone og ömmu gömlu hjá Símanum, það getur nefnilega verið fáránlega dýrt að hringja á milli símafyrirtækja hjá hinum. Svo kostar ekki nema 4,90 kr. að senda SMS og MMS myndskilaboð eru líka helmingi ódýrari. Samt er Sko með jafnöflugt dreifikerfi og hin fyrirtækin, bæði innanlands og erlendis.

Pegar þú skiptir yfir í Sko getur þú að sjálfsögðu haldið gamla númerinu þínu eða valið þér nýtt og flottara númer. Þú getur þess vegna skipt núna – **þú ferð bara á [www.sko.is](http://www.sko.is)**

**14,90kr.**  
Mínútuverð

**4,90kr.**  
SMS verð

**0,00kr.**  
Mánaðargjald



## KJÖRKASSINN

Verður þú að heiman um páskana?

Já	36%
Nei	64%

### SPURNING DAGSINS Í DAG

Hljópu 1. apríl?

Segðu þína skoðun á Vísir.is



Fasteignafélagið Klasi byggir fimm stjörnu heilsulind í Kaupmannahöfn:

## Að íslenskri fyrirmynd

**ÚTRÁS** Fasteignafélagið Klasi hefur í samvinnu við tvo danska aðila fest kaup á stórri lóð í Kaupmannahöfn og er ætlunin að þar rísi fullkomin heilsulind að íslenskri fyrirmynd á næstu árum.

Þetta staðfestir Ragnar Atli Guðmundsson, framkvæmdastjóri Klasa hf., sem segir að heilsulindin verði staðsett á þeim stað sem uppbygging verður hvað mest í dönsku höfuðborginni næstu árin. „Þetta er Örestad-svæðið skammt frá Kastrup-flugvelli en skipulagning þess svæðis er hafin. Þar ætlum við að byggja 17 þúsund fermetra heilsuhús og hótél í

grendd við það. Hugmyndin er ekki ósvipuð því sem World Class hefur gert við Laugar hér í Reykjavík. Þarna verður öll aðstaða fyrsta flokks og mér sýnist að við hér á Íslandi séum tíu árum á undan Dönum hvað slíka aðstöðu og hugsun varðar.“

Hröð uppbygging er á Örestad-svæðinu og munu þar rísa í framtíðinni verslunarmiðstöðvar og háskólaborp svo fátt eitt sé nefnt. Mikil þróunarvinna hefur farið í verkefnið og hlaut Klasi lóðina einungis eftir forval ýmissa aðila sem að þróuninni koma. Fyrir lóðina greiddi fyrirtækið 642 milljónir króna.



**UMRÆTT SVÆÐI** Örestad liggur nálægt Kastrup-flugvelli en mesta uppbyggingin í Kaupmannahöfn næstu árin fer fram þar.

Umdeilt herrakvöld KR:

## Aðalstjórnin biðst afsökunar

**FÉLAGSSTÖRF** Aðalstjórn KR harmar þátttöku nektardansmeija á herrakvöldi félagsins um síðustu helgi.

Í ályktun stjórnarinnar segir að miður þyki að slíkt atriði hafi farið fram í húsakynnum félagsins og að þeim tilmælum verði beint til leigutaka í framtíðinni að virða gildi KR um jafnrétti og virðingu fyrir einstaklingnum. Þá segir að aðalstjórn hafi ekki verið kunnugt um dagskrá herrakvöldsins.

Að endingu biðst stjórnin afsökunar á því dómgreindarleysi sem umræddur atburður endurspeglar.

-bbs

Ríkasti maður Úkraínu:

## Ætlar að laga efnahaginn

**ÚKRAÍNA, AP** Rinat Akhmetov, sem mun vera ríkasti maður Úkraínu, segist ætla að lappa upp á efnahagsástandið í landinu, en þó einungis ef Flokkur héraðanna, flokkur Jan-úkovítsj, fyrrverandi forseta, kemst til valda.



RINAT AKHMETOV

Akhmetov var frambjóðandi og helsti styrktaraðili flokksins, sem er hliðhollur

Rússlandi. Júsjenko forseti þarf nú að gera upp við sig hvort hann vill heldur að flokkur sinn, Okkar Úkraína, myndi stjórna með Héraðaflokknum eða með fyrrverandi samherjum sínum úr „appelsínugulu byltingunni“.

-gb

## LÖGREGLUFRETTIR

**Byggingarefni stolið** Byggingarefni var stolið á framkvæmdasvæði í Norðlingaholti í fyrrinótt. Maðurinn sem grunaður er um þjófnaðinn náðist fljótlega og að sögn lögreglu liggja málsatvik ljós fyrir og telst málið að mestu upplýst.

**Fíkniefni fundust** Lögreglan í Reykjavík fann lítillæði af fíkniefnum á tveimur mönnum á þrítugsaldri í fyrrinótt. Að sögn lögreglu þykir ekki líklegt að mennirnir hafi ætlað efnin til sölu. Þeir voru færðir á lögreglustöð eftir að efnin fundust.

**Ók á 140 kílómetra hraða** Sjö voru teknir fyrir of hraðan akstur á Hafnarfjarðarveginum í fyrrkvöld. Sá sem hraðast ók mældist á 140 kílómetra hraða en hámarkshraði er 80 kílómetrar á klukkustund á Hafnarfjarðarveginum.

**Brotist inn í Áskirkju** Maður á þrítugsaldri braust inn í Áskirkju í Reykjavík í fyrrinótt. Maðurinn leitaði verðmæta en fann ekki. Lögreglan kom á staðinn og tókst að handsama manninn. Överlegar skemmdir voru unnar á byggingunni. Málið telst að fullu upplýst.

# Með finnskri ferju yfir Breiðafjörð

**SAMGÖNGUR** Gamli Baldur, eins og hann er nú gjarnan nefndur, fór í sína síðustu ferð yfir Breiðafjörðinn á föstudag. Reyndar var ferjan komin í finnska eign þegar komið var til Brjánslækjar. Samgönguráðherra sló svo upp fagnaði í matsalnum þegar komið var til Stykkishólms í hinsta sinn.

Sextán ára þjónusta gamla Baldurs við ferðalanga um Breiðafjörð er nú lokið en ný ferja mun leysa hann af hólmi þann 12. apríl. Gamli Baldur, eða Eyvör sem er nýja nafn ferjunnar, er nú á leið til Turku í Finnlandi þar sem hún mun ferja ferðalanga á nálægur eyjar þar um slóðir.



**MAGNÚS JÓNSSON Í FLATEY** Íbúar í Flatey horfðu klökkir á eftir Baldri stíma frá höfn í hinsta sinn. Magnúsi fannst rétt að festa þessa sögulegu stund í lífi eyjaskeggja á filmu.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Það er finnska fyrirtækið Rosita sem hefur keypt ferjuna sem var komin í ferjuflota þess klukkann fjögur á föstudag en þá var hún á Brjánslæk. Síðustu ferðalangarnir fóru því með finnskri ferju yfir Breiðafjörð í þessari lokasiglingu.

Áhöfnin fékk veitingar í tilefni dagsins beggja vegna fjarðarins.



**SKIPVERJAR Í BRÚNNI** Heiðar Baldursson bátsmaður, Unnar Valby Gunnarsson skipstjóri og Ragnar Ragnarsson stýrimaður í brúnni.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR



**STURLA BÖÐVARSSON SAMGÖNGURÁÐHERRA** Samgönguráðherra bauð upp á veitingar í tilefni dagsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Lítið skemmtisiglingaskip ferst við Barein:

## 57 drukkna og 13 er saknað

**BAREIN, AP** Minnst 57 manns fórust þegar skemmtiferðaskip sökk í Persaflóa undan ströndum Barein seint á fimmtudagskvöldið. Að sögn talsmanns innanríkisráðuneytis Barein tókst að bjarga 67 manns, en 13 var saknað.

Skipið, Al-Dana, var lítið skemmtiferðaskip, en meðal hinna látnu voru 21 Indverji og 15 Bretar. Auk þeirra létust fimm frá Pakistan, fjórir frá Suður-Afríku, þrír frá Filippseyjum, tveir frá Singapúr, einn Þjóðverji og einn Íri. Ekki hafa verið borin kennsl á ellefu þeirra sem fórust.

Skipinu hvolfði í um eins og hálfis kílómetra fjarlægð frá landi, og ekki er ólíklegt að einhverjir þeirra sem saknað er hafi reynt að synda til lands.

Að sögn talsmanns landhelgisgæslu Barein var matarboð um borð í skipinu þegar það fórst. Verið



**SKIPI HVOLFIR** Björgunarsveitir unnu að björgun farþega og áhafnar skemmtiferðaskips í Persaflóa í gær, en skipinu hvolfði seint á fimmtudagskvöldið.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

er að rannsaka tildrög slyssins, en grunur leikur á að skipið hafi verið ofhlaðið og að því hafi hvolfst þegar flestir farþeganna færðu sig yfir

að öðrum borðstokknum. Banda-ríkjaher aðstoðaði við leitarn og björgunaraðgerðir, en herinn hefur aðsetur í Barein.

-smk



Bókaðu núna á [www.heimsferdir.is](http://www.heimsferdir.is)

# Costa del Sol

Frá **39.696** kr.

Margar brottfarir í júní og ágúst að seljast upp

frá **39.696** kr.

Netverð á mann með 10.000 kr. afslætti, m.v. hjón með 3 börn, 2-11 ára, vikufé 18. eða 25. maí. Castle Beach íbúðahótelid.



Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001  
Akureyri sími: 461 1099 • Hafnarfjörður sími: 510 9500



15%  
ENDUR-  
GREIÐSLA



20%  
ENDUR-  
GREIÐSLA



15%  
ENDUR-  
GREIÐSLA



15%  
ENDUR-  
GREIÐSLA



15%  
ENDUR-  
GREIÐSLA



15%  
ENDUR-  
GREIÐSLA



20%  
ENDUR-  
GREIÐSLA



15%  
ENDUR-  
GREIÐSLA



15%  
ENDUR-  
GREIÐSLA



20%  
ENDUR-  
GREIÐSLA



15%  
ENDUR-  
GREIÐSLA



15%  
ENDUR-  
GREIÐSLA



Gildir bæði fyrir e-kort og e<sup>2</sup> Vildarkort

# Veitingahúsavika

dagana 2.–8. apríl



Veitingahúsavika e-kortsins og e<sup>2</sup> Vildarkortsins er 2.–8. apríl og hafa ofangreindir samstarfsaðilar hækkað endurgreiðslu sína í tilefni þess.

Í vikunni geta korthafar gælt við bragðlaukana á mörgum af bestu veitingastöðum landsins.

Þú getur sótt um e-kortið á [www.ekort.is](http://www.ekort.is)  
og e<sup>2</sup> Vildarkortið á [www.e2.is](http://www.e2.is)

**e kort**  
[www.ekort.is](http://www.ekort.is)

**e<sup>2</sup> Vildarkort**

\* e<sup>2</sup> Vildarkorthafar fá 5% af afslættinum í formi Vildarpunkta.



AF EVRÓPUVETTANGI: AÐUNN ARNÓRSSON

## Staða EES-samningsins metin

„EES-samningurinn í nútíð og framtíð“ var yfirskrift ráðstefnu sem fram fór í Háttidarsal Háskóla Íslands nú fyrir helgina. Að henni stóðu lagadeild HÍ, utanríkisráðuneytið og EFTA-dómstóllinn. Framsögumenn voru flestir háttsettir fulltrúar EFTA-dómstólsins og systurdómstólsins hjá Evrópusambandinu, Evrópudómstólsins.

Eins og yfirskriftin gefur til kynna var markmiðið með ráðstefnunni að fara yfir það hvernig ástætt er um EES-samninginn frá sjónarhóli lögfræðinnar og þeirra manna sem halda uppi daglegu starfi stofnanna sem hafa það hlutverk að sjá til þess að ákvæði EES-samningsins séu virt.

Þar sem lögfræðingum er almennt lítið um það gefið að setja sig í spámannsstellingar, þaðan af síður dómurum, var reyndar lítið í því sem fram kom á ráðstefnunni að finna um síðari liðinn í yfirskriftinni – um framtíð EES-samningsins. Nema helzt í opunaræðu Geirs Haarde utanríkisráðherra, enda hafa stjórnarmálemenn meira frelsi til að setja sig í spámannsstellingar en lagatúlkunarfagmennirnir.

Geir lagði í máli sínu áherslu á að EES-samningurinn hefði reynzt Íslendingum vel. Hann gaf lítið fyrir mállutning þeirra manna, sem hafa

haldið því fram að EES-samningurinn væri að veikjast og að þessir „svokölluðu veikleikar“ samningsins kölluðu á að Ísland gengi í ESB. Geir talaði þannig um EES-samstarfið, að það væri nánast óskafyrirkomulag á tengslum Íslands við Evrópu, þar sem það veitti Íslendingum aðgang að innri markaðnum en gerði þeim kleift að standa utan við þá þætti í ESB-samstarfinu sem síður færu saman við íslenska hagsmunum. Þetta grundvallarmat á kostum EES var að sögn Geirs í alveg jafn góðu gildi nú og þegar samningurinn varð til á fyrstu árum tíunda áratugarins. Þannig ætti það líka að geta haldist um fyrisjáanlega framtíð.

Aberandi mikill munur er á þessu mati Geirs á horfunum á því að EES-samningurinn muni geta tryggt hagsmunum Íslands í Evrópu á komandi árum en komið hefur fram hjá Halldóri Ásgrímssyni forsætisráðherra og fyrirrennara Geirs í utanríkisráðuneytinu. Afdráttarlaus höfnun Geirs á því að Ísland stefndi að aðildarsamningum við Evrópusambandið undirstrikar þá ólíku afstöðu sem leiðtogar stjórnarflokkanna hafa til þessarar mikilvægu spurningar íslenskra utanríkismála.



# Samgönguguþing Selfossi 5. apríl

Samgönguráð stendur fyrir samgönguguþingi miðvikudaginn 5. apríl næstkomandi. Samgönguráð starfar samkvæmt lögum um samgöngugætlun og hefur umsjón með gerð samgöngugætlunar og gerir tillögu um hana til samgönguráðherra, sem leggur samgöngugætlun sem tillögu til þingsályktunar fyrir Alþingi. Í samgönguráði sitja auk formanns, sem skipaður er af samgönguráðherra, flugmálastjóri, siglingamálastjóri og vegamálastjóri. Nú er unnið að undirbúningi að gerð samgöngugætlunar 2007-2018 og er

samgöngugætlun haldið til þess að kynna stöðu vinnunnar við áætlunina og fá fram sjónarmið og viðbrögð hagsmunaaðila og notenda. Á samgöngugætlun verður gerð grein fyrir drögum að helstu forsendum og markmiðum samgöngugætlunar. Þingið verður haldið á Hótel Selfossi og hefst kl. 13. Samgöngugætlun er öllum opið og aðgangur er ókeypis. Nauðsynlegt er að væntanlegir þátttakendur skrá sig á netfangið [postur@sam.stjr.is](mailto:postur@sam.stjr.is).

### DAGSKRÁ

**13:00** Sturla Böðvarsson, samgönguráðherra: - Ávarp.  
**13:10** Ingimundur Sigurpálsson, formaður samgönguráðs: - Vinna við gerð samgöngugætlunar.  
**13:30** Hartmut H. Topp, Prof. Dr. Ing. Technische Universität Kaiserslautern: - Mobility and Transport seen from the year 2030.  
**14:00** Þorgeir Pálsson, flugmálastjóri: - Stefnumörkun í flugmálum til 2018.  
**14:20** Hermann Guðjónsson, siglingamálastjóri: - Stefnumörkun í siglingamálum til 2018.  
**14:40** Jón Rögnvaldsson, vegamálastjóri: - Stefnumörkun í vegamálum til 2018.  
**15:00** Fundarhlé.  
**15:20** Hreinn Haraldsson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs Vegagerðarinnar: - Áætlanir um breytta gjaldtöku af umferð.

**15:40** Bjarni Reynarsson, ráðgjafi hjá Landráði: - Umfjöllun um ferðatíma.  
**15:55** Axel Hall, hagfræðingur hjá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands: - Aðferðir við forgangsröðun framkvæmda.  
**16:10** Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins: - Samgöngustefna 2007 - 2018 frá sjónarhóli atvinnuveganna.  
**16:20** Birna Lárusdóttir, forseti bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar: - Samgöngustefna 2007 - 2018 frá sjónarhóli sveitarfélags á landsbyggðinni.  
**16:30** Árni Þór Sigurðsson, borgarfulltrúi: - Samgöngustefna 2007 - 2018 frá sjónarhóli sveitarfélags á höfuðborgarsvæðinu.  
**16:45** Almennar umræður.

Þingslit áætlun um klukkan 17:30



SAMGÖNGURÁÐUNEYTIÐ

## Stofnanir EES virka vel

Carl Baudenbacher, forseti EFTA-dómstólsins, var meðal ræðumanna á ráðstefnu um EES-samninginn, sem haldin var á vegum lagadeildar Háskóla Íslands, utanríkisráðuneytisins og EFTA-dómstólsins í Háskóla Íslands á föstudag. Auðunn Arnórsson ræddi við hann.



CARL BAUDENBACHER Forseti EFTA-dómstólsins í ræðustóli á föstudag.  
FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Í erindi sínu á ráðstefnunni fjallaði Baudenbacher um samhæfingu EFTA-dómstólsins og dómstóla Evrópusambandsins. Hann var síðast á ferð hér á landi fyrir tveimur árum, er þess var minnt að áratugur var liðinn frá stofnun EFTA-dómstólsins og annarra stofnana Evrópska efnahagssvæðisins. Þá lét hann meðal annars svo ummælt, að lagagrunnur Evrópusambands- og EES-réttar væri með tímanum að þróast æ lengra í sundur og þetta auðveldaði sannarlega ekki starf EFTA-dómstólsins. Hann var því fyrst spurður hvort hann teldi þessa þróun hafa haldið áfram á þeim tveimur árum sem liðin eru frá því hann lét þessi ummæli falla.

„Nei, þessi staða hefur ekki versnað neitt, þar sem stjórnarskrársáttmáli ESB var felldur af kjósendum í Frakklandi og Hollandi,“ segir hann. Baudenbacher samsinnir því að hefði stjórnarskrársáttmálin gengið í gildi hefði gjáin milli EES- og ESB-réttar stækkað töluvert. En þar sem ekki er útlit fyrir að af því verði sé um fyrisjáanlega framtíð ekki von á öðru en að þessi munur á grunni EES- og ESB-réttar haldist innan viðunandi marka.

### Réttarleg einsleitni tryggð

Baudenbacher bendir á að á síðustu árum hafi bæði dómstóll Evrópusambandsins og EFTA-dómstóllinn fella fjölda dóma þar sem áhersla var lögð á að réttarlegri einsleitni bæri að viðhalda á öllu EES-svæðinu.

„Í nýlegum dómi ESB-dómstólsins sem varðaði Liechtenstein segir, að EES-samningurinn framlengi innri markað ESB til EFTA-ríkanna,“ segir hann. Sérstaklega þýðingarmikið sé að bæði hafi dómstóll ESB og æðstu dómstólar í aðildarríkjum sambandsins fella dóma þar sem vísað er til EES-réttar og dómfordæma EFTA-dómstólsins. „Það má segja að þetta sé hin hliðin á EES-samstarfinu,“ segir Baudenbacher. Þetta sýni að það sé í raun gagnvirkt en ekki einstefnugata. „Að sjálfsögðu tökum við mjög mikið mið af þeim, en þeir taka sem sagt líka mið af okkur í vissum málum,“ segir hann. EFTA-dómstóllinn taki því í raun þátt í að móta ESB-rétt, eftir megni. En þótt stærðarmunur þessarar bræðradómstóla í Lúxemborg sé mikill sé það ekki stærðin

heldur beztu lögfræðilegu rökin sem gildi.

### Íslenskir hagsmunir í húfi

Baudenbacher bendir á að sumir af mest tilvitnuðu dómum EFTA-dómstólsins séu íslensk mál. Þeir þekktustu varði bótaskyldu ríkisins gagnvart borgurunum vegna réttinda sem EES-lög áttu að tryggja þeim en innlendir dómstólar létu þá ekki verða aðnjóandi vegna þess að þau voru ekki rétt innleidd í landslög.

Nú sé dómstóll ESB með til umfjöllunar stórt mál, sem EFTA-dómstóllinn hafi dæmt í fyrir einu og hálfu ári, en það snúist um það hvort að í mismunum í skattheimtu af arði felist brot á frjálsu fjármagnsflutningum. „Við komumst af þeirri niðurstöðu að svo væri, það kemur í ljós hvort dómstóll ESB mun fylgja okkur í því,“ segir hann.

Baudenbacher telur eftirtektarvert hve mörg af þeim málum sem vísað hafi verið til EFTA-dómstólsins á síðustu árum varði frjálsa fjármagnsflutninga, en á því sviði séu augljóslega miklir hagsmunir í húfi fyrir Ísland. Íslensk fyrirtæki hafi fjárfest mikið í öðrum löndum á innri markaðnum og þessi fyrirtæki því háð því að réttarleg einsleitni sé virk á þessu sviði milli EFTA- og ESB-landanna á Evrópska efnahagssvæðinu.

### Engin ástæða til að örvænta

Spurður um framtíðarhorfurnar segir Baudenbacher að EFTA-dómstóllinn og aðrar meginstofnanir EES virki vel og engin ástæða sé til að ætla annað en að þær geri það áfram, eins lengi og almenníngur og stjórnmál í aðildarríkjunum kjósa að halda EES-samningnum í gildi. Nú sé Evrópusambandið jafnvel farið að líta til EES sem nokkurs konar fyrirmyndar að hugsanlegri lausn á framtíðartengslum sambandsins við önnur grannríki sem ekki stendur til að bjóða fulla aðild að sambandinu. Það sé því engin ástæða til að örvænta um stofnanakerfi EES eins og sakir standa.

audunn@frettabladid.is

AUGLÝSINGASÍMI

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ



# SÆLKERA FERÐ UM ÍSLAND

Á fjórða hundrad aðilar kynna þér spennandi heim **MATARGERÐARLISTAR** OG **ÆVINTÝRALEGRA FERÐA** UM ÍSLAND.

## DAGSKRÁ SUNNUDAGUR 2. APRÍL.

- 08.00 - 15.20 One Culinary World KM
- 11.00 - 18.00 Sýning frá fagkeppni FÍK
- 12.00 - 14.35 Matreiðslukeppni barna FMT
- 12.00 - 16.00 Sýning FÍK. Úrbeining og pylsugerð.
- 15.30 Ostrukeppni KM
- 16.30 Ostrukeppni KM
- 17.00 - 18.00 Verðlaunaafhending

SPENNANDI ÚRSLIT Í ÍSLANDSMÓTI KAFFIBARÞJÓNA

**OSTRUKEPPNI  
SJÁÐU MATARGERÐAMENN OPNA ÁSTRÍÐU-  
ÁVÖXT HAFSINS.**

Buslugangur í boxhringnum.  
Komdu og sjáðu landslið  
uppvaskara sýna  
listir sínar.

Heilt torg af páskaeggjum.  
Súkkulaðilistamenn.

**MÍÐINN  
GILDIR SEM  
HAPPADRÆTTISMIÐI.**

Athugaðu hvort þú  
hefur dottið í  
lukkupottinn á  
[www.ferdatorg.is](http://www.ferdatorg.is).

Spennandi veisla fyrir smáfólkið í **ORKUELHÚSI BARNANNA** þar sem börnin fá að spreyta sig sjálf. Skemmilegar hugmyndir fyrir barnaveisluna sem öll börn geta tekið þátt í.



**FERÐATORG  
2006**



## LÍF OG FERÐAGLEÐI Á FERÐATORGI

Taktu þátt í Landsleik á sýningunni **Ferðatorg 2006** - glæsilegir vinningar verða dregnir út á 10 mínútna fresti alla helgina.

**Raddbandarfélag Reykjavíku þenur böndin kl. 15.00 og Trío Kristjáns Hannessonar leikur létt lög í vestfirskum anda.**

**Heyrst hefur að hafnfirskir víkingar muni einnig leggja leið sína á Ferðatorg um helgina.**

**OPNUNARTÍMI**  
Sunnudagur 2. apríl kl. 11.00 – 18.00

**MÍÐAVERÐ**  
Ath. Aðgöngumiðinn gildir inn á Matur 2006 og Ferðatorg 2006

Fullorðnir kr. 1000 / Börn 6 – 12 ára kr. 500  
Eldri borgarar kr. 800 / Öryrkjar kr. 800  
Helgarpassi kr. 1500

Ath. börn yngri en 14 ára verða að vera í fylgd með fullorðnum

# skoðun

SJÓNARMÍÐ  
PORSTEINN PÁLSSON

Nýr kafli hafinn í varnarviðræðum.

## Skýrari línur

Segja má með nokkrum sanni að nýr kafli hafi hafist í varnarviðræðunum þegar embættismenn Íslands og Bandaríkjanna komu saman í Reykjavík liðinn föstudag. Þó að fundarins hafi verið beðið með nokkurri eftirvæntingu í ljósi síðustu atburða var þess varla að vænta að stór skref yrðu tekin á þessu stigi málsins. Svar við þeirri spurningu hvort ásættanleg niðurstaða muni nást liggur því ekki fyrir.

Af yfirlýsingum sem gefnar hafa verið eftir fundinn má þó ráða að línur um framhald málsins séu skýrari en áður. Nokkur blæbrigðamunur er að vísu á viðbrögðum forystumanna ríkisstjórnarflokkanna. Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra segir þannig að ekkert nýtt hafi komið fram. Jafnframt hefur hann látið það alit í ljósi að fyrst eftir mánuð geti Íslendingar ráðfært sig við önnur ríki Atlantshafsbandalagsins, ef niðurstaða fæst ekki með Bandaríkjamönnum.

Geir H. Haarde utanríkisráðherra hefur á hinn bóginn sagt vera bjartsýnn þó að Ísland sé ekki í neinni óskastöðu. Athyglisverðast er þó að utanríkisráðherra hefur í tilefni af þessum fundi sagt mjög skýrt að hann telji ekki raunhæft að aðrar þjóðir taki að sér það hlutverk, sem Bandaríkin hafa gegnt varðandi varnir Íslands. Með þessari yfirlýsingu tekur ráðherra af skarið um álitaeftni sem verið hefur ofarlega í allri umræðu síðan Bandaríkjastjórn tilkynnti endanlega ákvörðun sína um að taka herþoturnar frá Keflavík.

Við þær aðstæður sem upp komu eftir að þessi veruleiki lá fyrir með þeim hætti sem raun varð á var ekki óeðlilegt að íhugum um aðra kosti en samstarf við Bandaríkin á þessu sviði kæmi upp á yfirborðið. Ýmsum tilgátum af þessu tagi hefur verið hent inn í umræðuna. Þar hafa einkum átt hlut að máli bæði innlendir stjórnálmenn og erlendir sérfræðingar.

Þegar atburðir af þessu tagi eiga sér stað er opin umræða bæði æskileg og nauðsynleg. Slík umræða þarf jafnan einhvern tíma. En eins og ævinlega geta stjórnvöld á endanum ekki vikist undan því hlutverki að taka af skarið og leggja skýrar línur um það hvaða braut skuli gengin.

Í sjálfu sér má segja að ekki hafi verið flókið mál að komast að niðurstöðu í þessu efni. En það var kominn tími til að stjórnvöld töluðu skýrt út þar að lútandi. Fyrir þá sök var gott að utanríkisráðherra skyldi hafa talað með þeim hætti sem hann gerði.

Þó að lausn á framtíðarvörnum landsins sé ekki fundin eru línur með þessu móti orðnar skýrari og framganga málsins komin í markvissari farveg. Á fáum sviðum er stefnufesta mikilvægari en í öryggismálum. Í ljósi þess sem sagt hefur verið eftir viðræðurnar á föstudag þarf enginn að ganga að því gruflandi hvert stefnir.

Þróun Evrópusamvinnunnar á þessu sviði er hvergi komin á það stig að unnt verði að leysa varnarmál Íslands á þeim vettvangi í næstu framtíð. Eins og málum er háttað í okkar heimshluta nú um stundir skipta skuldbindingar Bandaríkjanna og trúverðugar viðbragðsáætlanir þeirra mestu máli.

Tilgangur veru Bandaríkjahers hér var ekki að halda uppi atvinnu. Síst af öllu eiga slík sjónarmíð við nú. Það er verkefni sem við leysum upp á eigin spýtur. Í gegnum tíðina hefur stundum gætt nokkurs tvískinnungs af okkar hálfu um þetta efni. Og ef til vill voru hugmyndirnar um fjórar vopnlausar þotur ekki með öllu lausar við hann.

Þó að enn sjáist ekki fyrir endann á þessu mikilvæga máli er ærin ástæða til þess að fagna því að við þetta nýja upphaf varnarviðræðanna eru línur um sumt skýrari en áður.

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Egill fagnar Bubbadómnum

„Já, dómurinn í máli Bubba gegn slúðurtimaritinu Hér & nú er fagnaðar-efni,“ segir Egill Helgason fjölmiðla- maður í pistli um nýfallinn dóm Héraðsdóms Reykjavíkur. Sem kunnugt er þótti dómurinn blaðið fremja ólögmeta meingerð gegn friði og æru Bubba og var ritstjóra þess gert að greiða Bubba 700.000 króna miska- bætur og lögmanni hans



500.000 krónur í málskostnað. Þótt bótafjárhæðin sé fjarri þeim 20 milljónum sem Bubbi fór fram á er hún með því hærra sem brota-

mönnum hefur verið gert að greiða fórnarlömbum sínum, og er þá sama til hvaða brotaflokkis er litið. Blaða- mannafélagið efndi til fundar um dóminn á fimmtudagskvöld þar sem forsendur hans voru ræddar og var á flestum fundarmönnum að heyra að dómurinn kynni að þrengja að starfs- skilyrðum blaðamanna. Það má heita sérstakt að líkast til hefur Egill setið við að skrifa pistil sinn á meðan blaðamenn lýstu áhyggjum sínum á fundi sínum en hann var haldinn á kaffihúsinu Litla ljóta andarunganum í Lækjargötu, sem er í eigu tengdafjöls- skyldu Egils.

#### Ekki meira klám í KR

Að líkindum hefur síðasti nektardansinn

verið stigin í félagsheimili KR í Frosta- skjólínu. Landsfrægt herrakvöld var haldið þar fyrir viku og auk hefðbund- inna dagskrárliða sprönguðu fáklaedd sprund um salinn og dilluðu bossum sínum og börnum. Stríðið spurðist út og í kjölfarið hafa ábyrgir menn keppt við að fordæma það og sagt slíkt ekki eiga heima í íþróttamannvirkjum, hvað þá íþróttamannvirkjum sem njóta opinberra framlaga.



Gárungarnir hafa gert sér mat úr öllu sama og kalla herrakvöldið perra- kvöld og Frostaskjólíð Lostaskjól. Tím- inn mun svo leiða í ljós hvort herrarnir í KR geti hugsað sér að halda strípilaust herrakvöld í Frostaskjólínu eða hvort þeir gangi hreint til verks og haldi það á Óðali, Goldfinger eða Bóhem.

## Siglt eftir Pólstjörnunni

Ég hef verið að velja því fyrir mér hvað það hlýtur að vera angistar- fullt að vera í stjórnarandstöðunni þessa dagana. Einhvern veginn sama á hverju er snert, sama um hvað er talað, allt rennur saman í langdregið þras sem virðist hafa þann einn tilgang að fæla allt venjulegt fólk frá því að fylgjast með stjórnálmum. Kannski er það tilgangurinn. Eina eftirminnilega framlag stjórnarandstöðunnar undanfarið er þegar vesalings Samfylkingarþingmanninum varð mál í miðju málþófi um vatn. Sennilega má skrifa þetta dádleysi á reikning Steingríms J. Sigfús- sonar. Í fjarveru hans er stjórnar- andstaðan álíka áhugaverð og greiningardeild Den Danske Bank.

#### Ýmist of eða van

Stjórnarandstöðunni má skipta í tvo hópa. Annars vegar þá sem hljóða hástöfum yfir auknum skatttekjum ríkisins og þenslu vegna umsvifa þess og hins vegar þá sem kvarta sáran yfir því að ekki sé varið nægu fjármagni til allra þeirra góðu verkefna sem ríkið þarf að sinna. Vandinn er sá að í báðum hópnum eru nákvæm- lega sömu mennirnir. Þeir vappa um ganga Alþingis ábúðarfullir, með svip þess sem kann þá list að spara og eyða sömu krónum oft en einu sinni og oft en tvisvar. Flesta dagana virðast þingmenn stjórnarandstöðunnar kunna best við sig í útgjaldahópnum, enda áreynsluminnst.

#### Eflum Háskólann

Háskóli Íslands var til umræðu á Alþingi um daginn. Háskólarektor hefur sett stefnuna á að HÍ verði í hópi 100 bestu háskóla heims innan fárra ára. Það er ágætt markmið. Ég hef reyndar mínar efasemdir um að það sé gerlegt og þær efasemdir snúa ekki að fjár- hagslegum rökum. En markmiðið er gott þrátt fyrir það. Það er vel hægt að stýra eftir Pólstjörnunni án þess að maður sé sannfærður

Í DAG  
EFLING HÁSKÓLA  
ÍSLANDS

ILLUGI  
GUNNARSSON



Háskóli Íslands á að taka upp skólagjöld fyrir nemendur í meistara- og doktorsnámi. Þannig getur skólinn sjálfur haft áhrif á það að tekjur hans séu nægar til að bjóða það nám sem stenst alþjóðlega samkeppni.

um að lenda þar. En umræðan á þinginu snerist um það að HÍ þyrfti meiri peninga til að byggja upp framhaldsnámið. Efling þess náms er forsenda þess að skólinn styrki sig í samkeppni við bestu háskóla heimsins. Það leikur ekki vafi á því að HÍ þarf meiri fjár- muni í framhaldsnám skólans. En ég er ekki viss um að þeir pening- ar eigi allir að koma frá skatt- greiðendum. Ég held einnig að það eigi að hlusta vel á þá sem segja að breytingar verði að eiga sér stað í stjórnsýslu skólans.

#### Eflum framhaldsnámið

Háskóli Íslands á að taka upp skólagjöld fyrir nemendur í meist- ara- og doktorsnámi. Þannig getur skólinn sjálfur haft áhrif á það að tekjur hans séu nægar til að bjóða það nám sem stenst alþjóðlega samkeppni. Með slíkri gjaldtöku setur skólinn sjálfan sig undir þann aga að þurfa að bjóða nám sem stúdentar telja þess virði að borga fyrir. Það er ekki nóg að fá peninga, það þarf að ná árangri.

Það er löngu ljóst að stór hluti íslenskra námsmanna telur eðli- legt að greiða fyrir háskólanám.

Mesta gróskan er í þeim háskólum landsins þar sem skólagjöld eru innt af hendi og á hverju ári inn- ritast fjöldi íslenskra námsmanna í marga af bestu háskólum heims og greiða oft himinhá skólagjöld fyrir. Þeir vita sem er að þeir fá eitthvað fyrir aurana sína.

#### Sanngirnismál

Hagvöxtur næstu ára og ára- tuga mun eiga uppruna sinn í menntun og samfélagið okkar ein- kennist æ meira af því að mennt- un borgar sig. Launabilið milli þeirra sem sækja sér langskóla- menntun og þeirra sem fara fyrr út á vinnumarkaðinn mun óhjá- kvæmlega aukast ár frá ári. Háskólanám á framhaldsstigi er því fjárfesting, bæði einstaklings- ins og samfélagsins. Við hljótum því að geta verið sammála um að það sé skynsamlegt og sanngarnt að báðir borgi. Ríkið á að halda áfram að auka framlög sín til Háskóla Íslands og það á að tryggja jafnrétti til framhalds- náms með öflugum lánasjóð. En það er sanngirnismál að þeir sem fara í framhaldsnám við skólann taki þátt í kostnaðinum.

#### Hornsteinn þjóðfélagsins

Háskóli Íslands er mikilvægasta stofnun þjóðarinnar. Fyrsta flokks vel rekinn skóli er forsenda fyrsta flokks samfélag. Annars flokks háskóli þýðir annars flokks sam- félag. Ég sat í háskólaráði á náms- árum mínum í Háskólanum og fékk því tækifæri til að kynna- st mörgu af því frábæra fólk sem starfar við skólann. Ég fullyrði að það eru unnin afrek á hverjum degi í Háskóla Íslands. Íslenskt samfélag er stórum betra fyrir vikið. En ég varð líka vitni að því að skólinn á bágnt með að verð- launa þá sem skara fram úr og losa sig við þá sem standa sig illa. Því þarf að breyta ef markmiðið um sæti á lista hinna hundrað bestu á ekki að verða jafn fjarlægð og Pólstjarnan.

# MARKAÐURINN

## Mest lesna viðskiptablaðið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIDVIKUDAGA

AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRNAR: Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Amdís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaffahlíð 24, 105 Reykjavík. AÐALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFVANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabókum án endurgjalds. ÍSSN 1670-3871

# allt heimili

Alla fimmtudaga

# Björgunarskóli Sameinuðu þjóðanna

UMRÆÐAN  
BJÖRGUNARSKÓLI



ÓLAFUR ÞÓR GUNNARSSON

Fyrir tveimur og hálfu ári síðan skrifaði undirritaður grein í Morgunblaðið, þar sem ég lagði fram hugmynd mína um Björgunarskóla Sameinuðu þjóðanna. Í greininni benti ég á að fyrirséð væri að herlið BNA myndi fara frá landinu, og Íslendingar yrðu að hafa einhverja áætlun til að bregðast við, einkum með tilliti til öryggis- og björgunarmála. Ekki

urðu mikil viðbrögð við þessum greinaskrifum. Nú er staðan komin upp sem allir segjast nú „hafa vitað“ að kæmi upp, Bandaríkjamenn ætla að fara með sitt hafurtask, þegar þeim hentar, án samráðs við Íslendinga. Því miður hafa íslensk stjórnvöld sólundað miklum tíma sem hefði mátt nota til uppbyggilegri iðju en elast við Bandaríkjamenn, tíma sem til dæmis hefði verið hægt að nota í að kynna hugmyndir um aðrar leiðir og afla þeim fylgis.

Til glöggvunar ætla ég að segja hér stuttlega frá hugmyndinni um Björgunarskóla SP. Kjöráðstæður eru hér á landi vegna legu landsins, staðhátta og veðurfars verði á Íslandi náttúruhamfarir sem krefj-

ast viðbragða og björgunaraðgerða, og á löngum tíma hefur orðið til þekking í landinu á afar mörgum þáttum björgunarmála. Þar nægir að nefna björgun úr sjávarháská, leit á fjöllum í vondu veðri, rústabjörgun í tengslum við snjóflóð, viðbrögð við eldgosum og jarðskjálftum og svo mætti lengi telja. Í mörgum þessara greina hefur safnast mikil þekking á undanförunum áratugum, þekking sem Íslendingar geta miðlað. Þegar eru til stofnanir innanlands eins og Björgunarskóli Landsbjargar og Slysavarnarskóli sjómanna auk þjálfunarbúða Landsbjargar á Gufuskálum að ótöldum þeim opinberu stofnunum sem að björgunarmálum koma.

Íslensk stjórnvöld ættu að leggja til við Sameinuðu þjóðirnar að hér á landi verði settur á stofn Björgunarskóli Sameinuðu þjóðanna og notuð sú aðstaða sem þegar er fyrir hendi á Keflavíkurflugvelli. Þegar eru reknar deildir tengdar háskóla SP hér á landi og ekki ólíklegt að björgunarskóli fengi með tíð og tíma slíka tengingu. Náttúrulegar aðstæður allar hér á landi gætu nýst afar vel, og þegar er mikill mannaúður til staðar í landinu sem myndi þarna fá tækifæri til að vaxa. Ávinningur okkar gæti falist í því að búnaður sem fylgdi slíkum skóla gæti nýst okkur við björgun innanlands þegar á þyrfti að halda. Auk þess myndu skapast störf á Suðurnesj-

um í tengslum við skólann, en stærsti hluti þeirrar aðstöðu sem þarf er þegar fyrir hendi á vellinum.

Stofnanir eins og Landhelgisgæslan, almannavarnarþáttur Ríkislögreglustjóra, Veðurstofan, sjúkrahúsin og háskólastofnanir auk Landsbjargar og sjómanna-samtakanna ættu að koma að undirbúningi og skipulagningu slíks skóla. Með stofnun og rekstri Björgunarskóla SP gætu Íslendingar stigið spor fram á við sem eftir yrði tekið á alþjóðavettvangi og þjóðin væri stolt af.

Höfundur er læknir og skipar 1. sæti V-lista vinstri grænna í Kópavogi.

# Ójöfnuði hafnað

UMRÆÐAN  
HEILBRIGÐISMÁL



ÁSTA RAGNHEIÐUR JÓHANNESSDÓTTIR  
ALPINGISMADUR

Nefnd á vegum heilbrigðisráðherra, kennd við Jónínu, leggur til að kannað verði hvort hækka skuli þjónustugjöld í heilbrigðis-kerfinu og hvort heimila skuli einstaklingum að greiða hærra gjald en almennum sjúklingshlut nemur til að flýta þjónustu eða fá viðbótarþjónustu.

Ég undrast reyndar að þessar hugmyndir séu settar fram í alvöru, því þær eru algjörlega úr takti við okkar norræna velferðarkerfi.

Við í Samfylkingunni höfum hafnað þeim alfarið.

Erlendar rannsóknir og reynsla í öðrum löndum sýna að einkagreiðslur sem þessar eru ávisun á ójöfnuð. Með því að hleypa því fyrirkomulagi inn í okkar kerfi er verið að setja í uppnám þá samstöðu þjóðarinnar sem er um velferðarkerfi okkar.

Þessi leið stytir ekki biðlista. Hún setur hina ríku fram fyrir þá efnaminni. Hún leiðir líka til þess að efnaminni fólk fær lakari þjónustu. Dýrustu heilbrigðis-kerfin sem við þekkjum eru einkagreiðslukerfi, - ég nefni Bandaríkin og Sviss. Við viljum ekki þannig kerfi. Þau heilbrigðis-kerfi sem reynast best og sem mestur jöfnuður ríkir í eru þau sem fjármögnuð eru að mestu með sköttum. Það er mjög tvíeggjað að auka þjónustugjöld. Rannsóknir frá Kanada sýna að afleiðingarnar eru þær, að aldradir og efnaminni leita síður til lækmis og í kjölfarið eykst heildarkostnaður við heilbrigðis-kerfið. Fleiri rannsóknir sýna að hærri notendagjöld leida ekki til lægri heilbrigðisútgjalda. Þau draga jafn mikið úr nauðsynlegri þjónustu og ónaúðsynlegri.

Ég fagna því að þessi hugmynd Jónínu þarf ekki frekari umræðu. Henni var hafnað af þingmönnum allra flokka á Alþingi og náðarhöggjið kom frá heilbrigðisráðherra, sem jarðaði hana endanlega. Við greiðum skatta til velferðarþjónustunnar eftir efnahag á meðan við erum heilbrigð og höfum atvinnu. Ég hafna auknum álögum á veikt fólk og einkagreiðslum hinna ríkari.

Við verðum að standa vörð um jöfnuð í heilbrigðisþjónustunni og um samhjálpinu, sem er undirstaða hennar.

Ég fagna því að þessar hugmyndir séu hér með úr sögunni. Nú þarf að einhenda sér í að auka jöfnuð í sjúklingsgjöldum, sem hefur minnkað, eins og yfirmenn sjúkratrygginga hjá Tryggingastofnun hafa bent á í skýrslu sinni.

# Betra verð.....

**Hundamatur með nautakjöti og lifur 300g**  
**kr 79.-**

**Hundamatur með kjúkling og lambakjöti 300g**  
**kr 79.-**

**Hundamatur með kjúkling og villibrád 300g**  
**kr 79.-**

**Hundaþurrfóður með kjöti og grænmeti 4kg**  
**kr 399.-**

**Hundaþurrfóður með kjöti og kornmeti 4kg**  
**kr 399.-**

**Kattamatur með villibrád og kanínukjöti 100g**  
**kr 29.-**

**Kattamatur með nautakjöti 100g**  
**kr 29.-**

**Kattamatur með kjúkling 100g**  
**kr 29.-**

**Kattamatur með lax og bleikju 100g**  
**kr 29.-**

**Kattapurrfóður með kjöti, fiski, kjúklingsi og grænmeti 1,5kg**  
**kr 198.-**

**Kattapurrfóður með fiski og grænmeti 1kg**  
**kr 179.-**


**Kattapurrfóður með kjöti og grænmeti 1kg**  
**kr 179.-**

**Kattapurrfóður með fiski og grænmeti 1kg**  
**kr 179.-**

býður betur

BÓNUS

býður betur





## 124 SINNUM TIL TUNGLSINS

Starfsemi okkar teygir sig víða og hefur sannað gildi þess að fá góða hugmynd frá Íslandi. Einstakt leiðakerfi með skiptistöð á Keflavíkflugvelli, tíðar áætlunarferðir í farþegaflugi og fjölbætt þjónusta í frakt- og leiguflugi eru grundvöllur að velgengni okkar og sífellt aukinni hlutdeild á alþjóðamarkaði. Samtals flugu vélar á vegum Icelandair Group 47.485.000 km. árið 2005 sem samsvarar því að flogið væri 124 sinnum fram og til baka til tunglsins.



JÓHANNES PÁLL PÁFI (1920-2005) LÉST ÞENNAÐAN DAG

„Frelsið felst ekki í því að gera hvað sem við viljum, heldur að hafa rétt til þess að gera það sem við eigum að gera.“

Jóhannes Páll hafði áhrif á heimsbyggðina á þeim tuttugu og sjö árum sem hann var páfi.



# tímamót

tímamot@frettabladid.is

## AFMÆLI



**Torfi Jónsson** kennari og myndlistarmaður er 71 árs.



**Sigrður H. Richter** dýrafraeðingur er 63 ára.



**Gissur Pétursson** forstjóri Vinnuálagstofnunar er 48 ára.



**Anna Rósa Sigurðardóttir** leikkona er 37 ára.



**Jón Hjaltalín Magnússon** verkfræðingur er 58 ára.



**Ástríður Pálsdóttir** sameindalífpræðingur er 58 ára.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðlaugur Björgvin Þórðarson** kaupmaður, Suðurgötu 36, Hafnarfirði,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi í Hafnarfirði þriðjudaginn 28. mars síðastliðinn, verður jarðsönginn frá Frikirkjunni í Hafnarfirði þriðjudaginn 4. apríl kl. 15.00.

Sjöfn Lára Janusdóttir

Janus Friðrik Guðlaugsson Sigrún Edda Knútsdóttir  
Kristinn Guðlaugsson Hanna Ragnarsdóttir  
Brynhildur Garðarsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegar þakkir til allra er sýndu okkur samúð og hlýðug við andlát og útför elskulegrar eigin konu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Sigrúnar Grétu Guðráðsdóttur** Dalbraut 16, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks á deild 11-E á Landspítalanum við Hringbraut.

Sigurjón Ágústsson

María Hrunn Sigurjónsdóttir Jafet Óskarsson  
Guðræður Jóhann Sigurjónsson Unnur Ólöf Sigurðardóttir  
barnabörn og barnabarnabarn.



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur stuðning, vináttu og samúð við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Aðalheiðar Þorsteinsdóttur** frá Litlu-Tungu, Holtum, Grænumörk 2, Selfossi.

Sérstakar þakkir fá Þórir B. Kolbeinsson læknir, hjúkrunarfólk Deildar B-6, Landspítalanum Fossvogi og allir þeir aðrir sem sýndu henni hjálpssemi og alúð. Guð blessi ykkur öll.

Karl J. Þórarinnsson

Þórdís T. Þórarinnsdóttir Inga Jóna Einarsdóttir  
Vilhjálmur Þórarinnsson Guðbjörg Ólafsdóttir  
Vigdís Þórarinnsdóttir Gunnar A. Jóhannsson  
Þorsteinn G. Þórarinnsson Sigríður Ása Sigurðardóttir  
barnabörn og langömmubörn.

## PETTA GERÐIST: 2. APRÍL 2002

### Setið um fæðingarkirkjuna í Betlehem

Á þessum degi árið 2002 hófst umsátur Ísraelsmanna um Fæðingarkirkjuna í Betlehem. Hermennirnir sátu um kirkjuna í fimm vikur eftir að hátt í 240 Palestínunmenn leituðu gríða í henni.

Fólkið þurfti að dúsa í kirkjunni innan um nokkra af helgustu munum kristindómsins, meðal annars jötuna sem talið er að Jesús hafi verið lagður í. Nokkrir voru vopnaðir og var bæði skotið á kirkjuna og úr henni á meðan á umsátrinu stóð. Ísraelskum leyniskyttum tókst að bana nokkrum Palestínumönnum með því að skjóta inn í kirkjuna.

Umsátrinu lauk eftir langar sáttaumleitnir með samningi þess efnis að þrettán einstaklingum úr hópnun inni í kirkjunni skyldi vísað úr landi. Aðrir tuttugu og sex urðu að auki að hypja sig til heima-stjórnarsvæðis Palestínumanna á Gasaströndinni. Þeir sem eftir stóðu fengu að fara frjálst ferða sinna.

Miklar skemmdir urðu á kirkjunni í umsátrinu og hafa endurbætur staðið yfir síðan.



FÆÐINGARKIRKJAN Í BETLEHEM

## MERKISATBURÐIR

**1725** Eldgos hefst í nágrenni við Heklu og segir í annálum að skelfilegir jarðskjálftar hafi fylgt gosinu.

**1902** Fyrsta bandaríska kvikmyndahúsið er opnað í sirkustjaldi í borginni Los Angeles.

**1928** Jóhanna Magnúsdóttir fær lyfsöluleyfi og er fyrsta konan til að fá slíkt leyfi. Hún rak Lyfjabúðina lðunni í 33 ár í Reykjavík.

**1978** Fyrsti þáttur sápuóperunnar Dallas er sýndur á sjónvarpsstöðinni CBS og standa sýningar yfir í þrettán ár.

**1982** Argentínunmenn gera innrás í Falklandseyjar.



ALDA ÁRMANNA MYNDLISTARKONA Á von á fjölda manns í afmælisveisluna sína í dag en ætlar ekki að narra veislugestina til að kaupa af sér myndir í tilefni dagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

## ALDA ÁRMANNA: 70 ÁRA Í DAG

# Sjötug í sjöunda himni

Að mati myndlistarkonunnar Öldu Ármönnu eru sjötugsafmæli einstök tímamót. Hún hlakkar mikið til að hætta að vinna og býst við mannfjölda í afmælisveisluna sína í dag.

„Ég er búin að henda drasli og allskonar dýrgripum af vinnustofunni sem ég hélt að ég myndi aldrei henda, til að búa til rými og gera huggulegt. Ung listakona kemur og kokkar með mér og með henni verður vinur sem er flinkur við að skreyta. Innangengt er í vinnustofuna úr íbúðinni og svo er líka garður hjá mér og þetta verður allt að einum veislusal,“ segir Alda. Garðurinn verður mikilvægur í veislunni enda skjólgöður og sólríkur og þótt apríl sé nýhafinn er Alda meira að segja búin að fá lánuð garðhúsgögn fyrir veislugesti. „Ég er bara búin að plana að það verði sól og hef fylgst grannt með veðurspánni undanfarna daga. Venjulega man maður aldrei neitt um þetta

veður en núna fylgist ég alveg með þessu.“

Garðurinn nýtist líka mjög vel þegar Alda er í fríi því hún nýtur þess að drekka kaffi og sleikja sólargeisla. „Ég er farin að hugsa svo mikið um að fara í frí núna því ég er að hætta að vinna. Seinni partinn í maí ætla ég til Ítalíu í framhaldi af námskeiði með Ólafi Gísla listfræðingi og skoða myndlist og allt mögulegt á Norður-Ítalíu. Svo ætla ég að enda á því að slappa af í nokkra daga á Rímíni.“

Margt skemmtilegt stendur því til hjá Öldu sem grínast með að hafa alla ævi beðið eftir að verða sjötug. „Ég hlakka svo til og er alveg í sjöunda himni með þetta allt saman. Mér finnst ég vera aldurslaus kona og það er kannski vegna þess að mér finnst svo gaman að svo mörgu. Mér hefur lánast að vera virk í því að mála og sýna en vera samt í vinnu og getað lifað þokka-

lega.“ Hún segir að aðal málið sé að vera „röskur við þetta“ sem liggja í því að hafa gaman að öllu sem maður gerir.

„Ég hef alltaf reynt að búa mér til ekki of stífa vana og hafa hlutina hvern með sínum hætti,“ segir Alda og bætir við að hún voni að nýjum aldri fylgi ferskir straumar í listsköpuninni. „Ég hef gaman að því að detta inn á breytingar.“ Ný verkefni í myndlistinni bíða hennar handan við hornið og þótt hún sé hætt að vinna er hún alls ekki hætt að mála.

Aðspurð um hvort ekki verði myndlistarsýning eftir hana sjálfa í afmælisveislunni segist hún ekki ætlast til þess að fólk kaupi af henni myndir í tilefni dagsins. „Ég er svo eigingjörn að ég hef bara myndir eftir mig í íbúðinni minni en ætla ekki að reyna að narra fólk út í neinn skrattra. Mig langar bara að gestirnir njóti þess að vera til og hafi það bara skemmtilegt.“

## Þverfagleg eldmessa

Eldmessa verður haldin í Öskju í dag en svo heitir málþing um séra Jón Steingrímsson og Skaftárelda. Málþingið er þverfaglegt samstarfsverkefni Kirkjubæjarstofu, Guðfræðistofnunar, Jarðvísindastofnunar, Sagnfræðistofnunar Háskólans og Vísindafélags Íslands. Dagskráin hefst með setningarávarpi Jóns Helgasonar klukkan 13.00 og stendur yfir til klukkan 17.00.

Sex menn flytja erindi að setningarávarpinu loknu og koma þau úr öllum átum. Þorvaldur Þórðarson fjallar meðal annars um framvindu



LAKAGÍGAR Rætt verður um eldmessu séra Jóns Steingrímssonar í Öskju.

Skaftárelda og hnattræn Gunnar Þór Jónsson les bréf séra Jóns Jónssonar um Skaftáreldinn 1783. Í lok málþingsins verða umræður.

Gunnar Þór Jónsson les bréf séra Jóns Jónssonar um Skaftáreldinn 1783. Í lok málþingsins verða umræður.



ÍRAKAR GANGA TIL BÆNA Ekki er auðvelt fyrir marga Íraka að stunda trú sína um þessar mundir enda ekki alltaf óhætt að spássaera í moskuna. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



# Fermingar tilboð



**ÓTRÚLEGT VERÐ**

## HP Photosmart E327

- Vörunúmer: I2433a
- Upplausn: 5 Mega Pixel
  - 4x digital zoom
  - Video upptaka ótakmarkað, fer eftir stærð kortsins
  - Hljóð: ótakmarkað, fer eftir stærð kortsins
  - Fókus: Normal, macro
  - Hraði: 2 til 1/2000sek
  - Skjár: 1,8"
  - Flösk: Auto, flash off, flash on, red eye, night
  - Tímastilling/sjálfsmyndir: Já (10 sek.)
  - Minnisraufar: Secure Digital (SD) eða MultiMediaCard (MMC)
  - Minni: 16MB innra minni
  - Þyngd án rafhláða: 110gr
  - Rafhláða: 2 AA rafhláður fylgja
  - Stærð: 99,3x 32 x 52,6mm

**Office1**  
**13.990.-**

## HP Pavilion fartölva

- Vörunúmer: e1037ea
- Örgjörvi: AMD Turion 64 Mobile Processor ML-32
  - Skjár: 15.4" WXGA 1280x768 High Definition BrightView
  - Minni: 1024MB DDR 333MHz RAM (2x512), stækkanleg í 2GB
  - Harður diskur: 80GB 4200rpm EIDE
  - Drif: DVD+/-RW (DVD skrifari, dual layer)
  - Skjástýring: ATI RADEON XPRESS 200M IGP, allt að 128MB
  - Netkort: 10/100 netstýring og 802.11b/g (þráðlaust netkort)
  - Mótald: 56K Mótald
  - Tengir: PC CARD I/II, VGA, lás, 2xUSB 2.0, ExpressCard 34/54
  - Mic in, Line out, RJ-11, RJ-45, S-Video TV-out,
  - Remote Controle infrarautt tengi.
  - Rafhláða: 6-Cell Lithium-Ion rafhláða
  - Mús/lyklaborð: Touchpad með scroll zone og íslenskt limmiðum
  - Stýrikerfi: Microsoft Windows XP HOME
  - Þyngd: 2.98kg
  - Ummál(BDH): 263,9 x 357,8 x 44 mm
  - Ábyrgð: 2ja ára ábyrgð

**Office1**  
**129.900.-**



**ÓTRÚLEGT VERÐ**

## KISS DP-1500 DivX©/DVD Player

- DVD spilar sem spilar allar gerðir diska
- Nettengdur, hægt að tengja við heimilistölvuna til að spila skrár beint í sjónvarð
- Uppfærslu stýrikerfi (e. firmware) til að viðhalda nýjustu tækni
- 2ja ára neytendaábyrgð

**Office1**  
**15.990.-**



**ÓTRÚLEGT VERÐ**

**Office1**  
**Hnattlíkan**  
Vörunúmer: 025b2  
Flott hnattlíkan í herbergiö.  
**Aðeins 4.990.-**

**Office1**  
alltaf ódýrari



**ÓTRÚLEGT VERÐ**

**Office1**  
**Parker pennasett**  
Vörunúmer: 6956045  
Mjög vandað sett með kúlupenna og blekpenna. Falleg blekbyttu og blektylling fylgir með.  
**Aðeins 5.995.-**



**ÓTRÚLEGT VERÐ**

**Office1**  
**Sjónaukar frá Konus**  
Vörunúmer: 5222025  
Vandaðir og góðir sjónaukar.  
Stækkun 8 x 21  
**Aðeins 1.990.-**

**ÓTRÚLEGT VERÐ**

**Office1**  
**Sjónaukar frá Konus**  
Vörunúmer: 5222041  
Mjög góður free fókus sjónauki.  
Stækkun 10 x 25  
**Aðeins 3.990.-**

**ÓTRÚLEGT VERÐ**

**Office1**  
**Parker pennasett**  
Vörunúmer: 69575572  
Mjög vandað sett með kúlupenna og blýpenna. Vönduð borðklukka fylgir með.  
**Aðeins 5.995.-**

**Office1**  
**Parker pennasett**  
Vörunúmer: 695452525  
Mjög vandað sett með kúlupenna og blýpenna.  
**Aðeins 1.495.-**

**ÓTRÚLEGT VERÐ**

**Afgreiðslutímar**

**Office 1 Smáralind**  
Virka daga frá 11-19, laugardaga 11-18, sunnudaga 13-18

**Office 1 Skeifunni 17**  
Virka daga frá 9-18, laugardaga frá 11-16, sunnudaga 13-17

**Office 1 Akureyri og Ísafirði**  
Virka daga frá 10-18, laugardaga frá 11-16

**Eplisstöðum**  
Virka daga frá 10-18, laugardaga frá 11-14

**Vestmannaeyjum**  
Virka daga frá 9-18, laugardaga frá 10-16

# Office1 Superstore

**AZIZA ASCOUR MEÐ LOUBNA Í FANGINU OG HAJAR VIÐ HLIÐ SÉR** Loubna segir að sumir telji sig og systur sína vera nýbúa en það sé fjarri sanni þó þær líti öðruvísi út en flestir Íslendingar og móðir þeirra sé um margt ólík mæðrum bekkjarfélaga þeirra.

Sumir halda að við séum nýbúar," segir Loubna Anbari tólf ára stúlka af marokkóskum ættum og horfir á systur sína Hajar. „Við erum hins vegar fæddar hér og erum Íslendingar," bætir hún við.

Móðir hennar Aziza Ascour kom til Íslands fyrir 15 árum en þáverandi maður hennar vann hér á landi og var í fríi í heimalandi sínu þegar þau kynntust. Felldu þau hugi saman og flutti hún til hans á eyjuna köldu en nú er hún gift Íslendingi. „Það voru mikil viðbrigði að koma hingað, það var ekkert fólk að sjá nokkurs staðar. Það er annað en ég átti að venjast sem er alin upp í fimm milljón manna borg þar sem alltaf er ys og þys," segir hún og hlær við endurminninguna.

Hún vinnur sem aðstoðarmaður á krabbameinsdeild Landsspítalans og unír hag sínum hið besta hér á landi. „Samstarfsfólkið tekur mér afar vel og enginn virðist vera að spá í það að við séum af ólíkum uppruna. Það er helst þegar einhver slæðuklædd vinkona mín kemur að heimsækja mig í vinnuna að fólk fer að spyrja hvort ég sé múslimi. Þegar ég játa það lítur það undarlega á mig og spyr oft af hverju ég sé ekki með slæðu. Málið er hins vegar það að okkar trú snýst ekki um það hvernig þú ert til fara heldur það hvernig þú elur þinn innri mann. Ef þú ert góð manneskja þá skiptir það ekki svo miklu máli hvort þú ert með slæðu eða ekki. Ástæðan fyrir því að sumar konur eru slæðuklæddar er sú að þær vilja fá virðingu og frelsi. Frelsi til að vera kona og vera tekið sem slíkri. Þetta er þeirra val og það er alveg sjálfsagt að virða það.“

#### Afskiptaleysið er sárast

En einhvern tíma hlýtur menningarmunurinn að reynast þeim erfiður. „Fjölskyldan er það allra heilagasta fyrir okkur," segir Aziza. „Fjölskyldan er venjulega mjög samrýmd og við reynum að passa upp á vini og jafnvel nágranna. Til dæmis ef nágranni okkar veikist þá athugum við með hann og færum honum eitthvað að borða. Það tekur mig því afar sárt þegar ég er minnt á það að þessu er ekki svona farið hér á Íslandi. Verst þykir mér þegar ég sé það í vinnu minni að fólk er að deyja eitt og ættingjar láta ekki sjá sig fyrr en sá sjúki er farinn yfir móðuna miklu. Þá get ég ekki tára bundist.“

#### Vont að vera heimavinnandi á Íslandi

Hnia Monir er einnig frá Marokkó en hefur í tæp tvö ár búið ásamt eiginmanni sínum og börnum tveim hér á landi. Hún þekkir enn ekki marga Íslendina af því að hún talar ekki málið en hún ætlar að bæta úr því. „Ég ætla líka að reyna



# Arabíudætur á eyjunninni

Múslimskar konur eru síður en svo einsleitur og auðþekkjanlegur hópur. *Jón Sigurður Eyjólfsson* blaðamaður og *Haraldur Jónasson* ljósmyndari fengu að kynna þremur konur frá Marokkó og tveimur stúlkum af marokkóskum ættum sem sögðu þeim frá högum sínum hér á landi.

að fá vinnu hér á landi," segir hún. „Í Marokkó er þetta öðruvísi og margar konur kjósa að vera heimavinnandi því nóg er að gera enda margt fólk á ferli og þú getur heimsótt fólk eða fengið það í

heimsókn. Hér eru hins vegar allir að vinna svo maður er hálf einangraður ef maður er heimavinnandi.“

En það er fleira sem reynist henni vel í Marokkó en síður á

Íslandi. „Eins er ég yfirleitt slæðuklædd í mínu heimalandi enda er það hluti af okkar menningu. Það er það hins vegar ekki hér og vekur frekar eftirtekt en hitt svo ég klædist henni ekki hér.“

Hnia segir Íslendinga virða menningu sína og sýna henni skilning. Þó hefur hún lent í ónotalegum aðstæðum. „Einu sinni var ég í Mjódd og þá var þar karlmaður sem kallaði á mig og bað mig um að setjast hjá sér en ég tók til fótanna því þetta eru aðstæður sem ég á ekki að venjast frá mínum heimahögum. Eins var einn karlmaður með bjór í hendi að kalla á mig en ég skildi því miður ekki neitt og gat því ekki orðið við kalli hans. Hann tók því illa og sagði eitthvað sem ég gat þó skilið að voru engin vinahót," segir hún.

#### Ekkert tiltökumál að vera múslimi á Íslandi

Soumia Islami hefur búið hér á landi í fimm og hálf ár. Hún á tvö börn með eiginmanni sínum Jónasi Páli Björnssyni. Hún vann sem tenniskennari og stuðningsfulltrúi en er nú í barneignarleyfi og segist helst vilja vera heima meðan börnin vaxa úr grasi. „Það er ekkert tiltökumál að vera múslimi á Íslandi," segir hún. „Það er ekkert annað sem þú þarft að gera hér en annars staðar til að vera góður múslimi. Það felst í því að vera góð manneskja hvar sem þú býrð.“

**SOUMIA ISLAMI** Það er ekki erfitt að vera múslimi hér á landi, segir Soumia því kvaðir trúarinnar felast í því að vera góð manneskja hvort sem er á Íslandi eða í Marokkó.



**HNIA MONIR AÐ KAUPA INN** Stórmarkaðurinn í Mjódd er um margt ólíkur útímörkuðunum í Casa Blanca. Í verslunarferðum sínum hefur Hnia líka lent í aðstæðum sem hún á ekki að venjast í heimalandi sínu. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI


**KÚBUÆVINTÝRI TINNA ÞÓRUDÓTTIR ÞORVALDSDÓTTIR SKRIFAR FRÁ HAVANA**

## Skömmtunarbók og nauðsynlegt tóbak

Hér á Kúbu fara kaupin ekki alveg fram eins og á eyrinni heima. Efnahagurinn er í rúst og hér ríkir fátækt. Hún er þó annars konar fátæktin hér heldur en í nágrannalöndunum, þar sem þeir fátæku eru sveltandi á götunni og þeir ríku eiga allt til alls og meira til. Hér eiga nefnilega allir þak yfir höfuðið, menntun, heilbrigðisþjónustu og svo hrísgrjón og baunir. Það sveltur enginn á Kúbu. En það nær heldur ekki mikið lengra en það og maturinn á Kúbu er í orðsins fyllstu merkingu ekki upp á marga fiska. Til þess að enginn sveltir og að allir fái sinn skammt er hér við lýði skömmtunarkerfi og á hverju heimili er lítil skömmtunarbók sem kallast la libreta. Í lhenni kemur fram hve margir eru í heimili og á hvaða aldri heimilisfólkið er. Börn, sjúklingar og gamalmenni fá síðan aukavörur við hæfi. Svo fer maður með libretuna í skömmtunarbúðina sem kallast la bodega þar sem

maður fær vörurnar sína. Það er enginn lúxus seldur í þeim búðum en þar fær maður hrísgrjón, baunir, brauðbollur, kaffi, matarolíu, sykurlu, kartöflur, tannkrem og sápur. Einstaka sinnum er í boði kjúklingur eða sojahakk og þá er nú gaman. Vörurnar eru ekki alveg ókeppis en eru seldar á mjög vægu verði. Sem dæmi færðu lítinn pakka af kaffi á 15 krónur, lítra af matarolíu á tókall og brauðbollar á 15 aura. Það sem kemur manni síðan svolítið spáskt fyrir sjónir við þetta skömmtunarkerfi er að fyrir utan nauðsynjavörnar þá fær maður líka tóbak. Og meira að segja þrjár tegundir. Það eru sigarettur úr ljósu tóbaki, sigarettur úr svörtu tóbaki og svo náttúrulega vindla. Fídel gefur manni sem sé hrísgrjón, baunir og tóbak. Þannig að á endanum sveltur enginn á Kúbu og svo á maður alltaf svona eins og einn vindil til að svæla burtu sorgirnar.



# Merkjavara á silfurfat

## MIKIÐ ÚRVAL AF ÍÞRÓTTAVÖRUR FRÁ NIKE, ADIDAS OG PUMA

Upplýsingasími: 552 6634

Opið virka daga frá kl. 14:00 til kl. 18:00

Opið um helgar frá kl. 10:30 til kl. 18:00

**Fótboltavörur:** Nike, Adidas, Puma, Mitre - Góðar sumargjafir. Fótboltaskór - legghlifar - búningar - boltar mesta úrval landsins

**Sundfatnaður:** Nike, Adidas, Speedo, Arena og Triumph. Sundbolir, bikini, sundskýlur, sundbuxur (boxer), barnasundföt.

**Okkar takmark:** 50% - 80% lækkun frá fullu verði.

Adidas	Mitre	NIKE	Rucanor
Triumph	SPEEDO	Runway	adidas
Northland	Puma	Catmandoo	

### 50% - 80% lækkun

## V E R Ð D Æ M I

	Okkar verð	Fullt verð
Herrajakkar	5.000 kr.	16.990 kr.
Nikegallar kvenna	5.900 kr.	11.990 kr.
Gönguskór Conway	4.990 kr.	9.990 kr.
Nike öndunarúlpur	10.000 kr.	29.990 kr.
Adidas fótboltaskór	2.000 kr./ 2.500 kr.	4.000 kr./ 5.000 kr.
Spalding körfuboltar	1.000 kr.	2.000 kr.
Icepeak flísgallar kvenna	3.000 kr.	5.990 kr.
Rucanor skór	1.000 kr.	3.990 kr.
Bikini, Nike-Adidas-Arena-Speedo-Triumph	1.500 kr./ 2.000 kr.	3.500 kr./ 5.990 kr.
Vindjakkar, flísfóðraðir	1.500 kr.	3.990 kr.
Nike skór kvenna m/loftpúða	3.500 kr.	9.990 kr.
Northland töflur	2.000 kr.	5.990 kr.
Flísgallar barna, stærðir 80-120	1.200 kr.	2.990 kr.
Nike svitabönd	600 kr./ 800 kr.	1.200 kr./ 1.600 kr.
Puma skór	4.000 kr.	7.990 kr./ 9.990 kr.

Okkar takmark: 50% - 80% lækkun frá fullu verði

Visa/euro  
Sendum út á land

Opnunartími: Virka daga 14.00 - 18.00 • Laugardaga/Sunnudaga 10.30 - 18.00 • Upplýsingasími 552 6634

# köldu





## 10 grunnreglur™

### Námskeið sem breytir lífi þínu

**Þorbjörg Hafsteinsdóttir**,  
hjúkrunarfræðingur og næringarþerapisti D.E.T.  
og **Oscar Umahro Cadogan**, fæðulistamaður af guðs náð.

- Viltu losna við offitudrauginn í eitt skipti fyrir öll?
- Léttast á heilbrigðan hátt, missa fitu en ekki vöðva?
- Auka líkamsorkuna og varðveita hana?
- Fá betra útlit og fyrirbyggja ótímabæra öldrum?

Næstu námskeið verða 4. og 6. apríl og fara fram í Heilsuhúsinu, Smáratorgi 1.

Skráning í síma 692 8489 eða á [namskeid@10grunnreglur.com](mailto:namskeid@10grunnreglur.com)  
Nánari upplýsingar á [www.10grunnreglur.com](http://www.10grunnreglur.com) og [www.heilsa.is](http://www.heilsa.is)



JOSEPH KOSUTH MYNDLISTARMAÐUR Sýnir nýju fötin keisarans í marglaga listaverki á Kjarvalsstöðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

# Ævintýri merkingarinnar og ábyrgð listarinnar

Myndlistarmaðurinn Joseph Kosuth hreifst af sögunni um nýju fötin keisarans sem barn og þegar hann var beðinn um verk á sýningu helgaða H.C. Andersen ákvað hann að tengja saman tvo danska meistara, ævintýrprinsinn Andersen og heimspekinginn Søren Kierkegaard. *Kristrún Heiða Hauksdóttir* hitti Kosuth á Kjarvalsstöðum þar sem gestir geta gengið inn í hugarheim Andersens og stigið á söguteppið fræga.

Þetta verk er nokkurs konar afmælisgjöf til H.C. Andersen,“ útskýrir Kosuth. „Ég flétta saman tvo merka menn. Andersen þráði ætíð viðurkenningu fræðaheimsins en fékk hana ekki því hann skrifaði fyrir börn. Hann frétti að Kierkegaard ætlaði að skrifa um hann í fyrstu bókinni sinni og beið hennar með eftirvæntingu. Svo kom í ljós að skrifin voru harðorð og niðurrifandi og Andersen jafnaði sig aldrei á því.“

Nú eru þessir tveir dönsku andans menn sameinaðir því á teppinu gefur að líta sögu Andersens um nýju fötin keisarans en í hana eru ofin brot úr textum Kierkegaards, meðal annars úr bókinni *Uggur og ótti*. „Ég endurlas verk Kierkegaard gaumgæfilega og tók úr þeim textabrot og bjó til þessa brú á milli þeirra. Mig langaði að gefa Andersen eitthvað sem hefði skipt hann miklu máli,“ segir Kosuth.

#### Ævintýri fyrir allan aldur

„Frá sjónarhóli barns er sagan um nýju fötin keisarans mjög áhuga-verð og heillandi,“ segir listamaðurinn og útskýrir að sagan sé líka pólitísk og deili á gagnrýnislausu hugsun og hjarðeðli mannsins. Hann finnur líka sjálfur til ákveðinnar samsvörunnar við söguna því sem einn af upphafsmönnum hugmyndalistarinnar í Bandaríkjunum á sjöunda áratug síðustu aldar var hann sjálfur úthrópaður líkt og keisarinn í enda ævintýrisins. „Það er enn verið að hrópa á mig öðru hverju,“ segir Kosuth og kímur.

#### Samræða, ekki einstefna

Verkið á Kjarvalsstöðum ber heitið „Auðþekktanleg ólíkindi“ en í Hafnarhúsinu við Tryggvagötu má sjá annað verk eftir hann sem er „sjálfslýsing“ H.C. Andersen,

uppljómuð orð úr dagbókum höfundarins sem nú hefur verið komið fyrir í porti Listasafns Reykjavíkur en þessi sýning var áður uppi í Nikolaj-nýlistasafninu í Kaupmannahöfn í fyrra í tilefni af 200 ára afmæli Andersens. Kosuth hefur fengist við hugmyndalist síðastliðin þrjátíu ár þar sem hann kannar meðal annars framsetningu og hlutverk tungumálsins innan myndlistarinnar. Merkingin og ábyrgðin sem henni fylgir er honum hugstæð og hann er pólitískur í nálgun sinni á listina.

„Við þurfum fólk eins og listamenn, rithöfunda og heimspekinga sem eiga í öðru sambandi við menninguna, sem hugsa um hagsmuni okkar til framtíðar, fólk sem er mikilvægir þræðir sem styrkja efni hvers samfélags.“

#### Framsýning veraldarmaður

Kosuth er frægur um allan heim og ferðast mikið, til að mynda eru sýningar eftir hann í London og París um þessar mundir, en hann skrifar einnig bækur, kennir og heldur erindi um list og listfræði. Hann hefur sterkar skoðanir á hlutverki og mikilvægi listarinnar í nútímanum. „Við verðum að hafa í huga að okkar samfélög, einkum iðnvæddu velmegunarsamfélögin á Vesturlöndum, stjórna af tveimur hópum, fjármálamönnum sem hafa það skammtímamarkmið að hagnast sem mest og stjórn-

málamönnum sem hafa það skammtímamarkmið að halda í völd sín hvernig svo sem þeir öðlust þau,“ segir Kosuth og finnst þessi skammtímahugsun sem stjórnar okkur ekki heilbrigð. „Þess vegna þurfum við fólk eins og listamenn, rithöfunda og heimspekinga sem eiga í öðru sambandi við menninguna, sem hugsa um hagsmuni okkar til framtíðar, fólk sem er mikilvægir þræðir sem styrkja efni hvers samfélags.“

Honum verður tíðrætt um þann missi sem við upplifum allt í kringum okkur þegar menningarverðmæti glatast vegna stöðugrar kröfu nútímans um endurnýjun. „Við verðum að varðveita menningararfleifð okkar. Aðeins stóru nöfnin, þau sem eru sett á stall og hafa markaðslegt gildi, fá að lifa,“ útskýrir hann og bætir við að þetta sé að gerast allt í kringum okkur. Sem listamanni hefur Kosuth verið legið á hálsi fyrir að vera of framsækinn en hann segist ekki leitast við að skemmta eða gleða fjöldann en hann telur mikilvægt að listaverk tali til samtíma síns og umhverfis. „Þú getur sagt fólki sitthvað um menningu þess ef þú heldur þessum skilningi eða aðgengi að áhorfendum,“ segir hann.

#### Rætur og rótleysi

„Nútíminn leitast við að sannfæra fólk um að þess eigin menning sé óekta og það sé ekta sem fólk sér í sjónvarpinu – og það sem fólk sér er frá Ameríku,“ segir Kosuth sem sjálfur býr í New York og Róm. Hann er meðvitaður um sínar eigin bandarísku rætur en einnig um rótleysið sem þarlend menning byggir á. „Bandaríkin voru byggð af fólki af ólíkum uppruna en menning mótast af þeim jarðvegi sem fólk þrífst í, þeim tækjum sem fólk notar til þess að lifa af,“ segir hann en bætir við að vegna þessa sé bandarísk menning ekki „sprottin úr jörðinni“ heldur eru hún torræðari blanda ólíkra menningarheima.

„Sem Bandaríkjamaður vil ég gera eitthvað jákvætt fyrir heiminn, hver sýning sem ég geri er eins og afsökunarbeiðni sem mót-vægi við niðurrifandi nærveru heimalandsins míns,“ segir hann að lokum.

Sýningin á Kjarvalsstöðum verður opnuð í dag kl. 14.00 og stendur til fimmta júní.

**8.000 kr. afsláttur**

Ef þú bókar flug og gistingu til Tallinn eða Vilnius frá sunnudegi til miðvikudags fyrir 1. maí getur þú tryggt þér 8.000 kr. afslátt. Fyrstu 100 sætin.

**Beint flug í október og nóvember**



## Haustveisla Terra Nova 2006

Glæsilegir nýir áfangastaðir í beinu flugi frá Íslandi

Bókaðu á [www.terranova.is](http://www.terranova.is)




**Tallinn**  
frá 34.790 kr.

FRÁBÆRT VERÐ!



**Vilnius**  
frá 33.290 kr.

NÝIR ÁFANGASTAÐIR



**Sofia**  
frá 46.990 kr.

Skógarhlíð 18 · 105 Reykjavík · Sími: 591 9000  
[www.terranova.is](http://www.terranova.is) · Akureyri sími: 461 1099  
Hafnarfjörður sími: 510 9500



## Störf í boði...

- Sölumaður innréttinga
- Sölumaður húsgagna
- Sölumaður í íþróttaverslun
- Sölumaður í gluggjatjaldaverslun
- Sölumaður á ferðinni – leðurvörur
- Sölumaður á hjólbörðum og flutningatækjum
- Verslunarstjórn/afgreiðsla í herrafataverslun
- Afgreiðsla í fatahreinsun
- Vaktstjóri
- Uppsetning og framleiðsla á gluggatjöldum
- Lagermenn
- Bílstjórar í útkeyrslu
- Bílstjóri á körfubíl
- Tækjamaður á vélaskóflu
- Verkamenn
- Starfsfólk í búslóðaflutninga
- Starfsmaður í matvælaframleiðslu
- Starfsmaður í matvælapökkun
- Vélstjóri
- Húsasmiðir
- Smiður - plexíglar
- Vélvirki
- Rafvirki
- Bifvélavirki
- Sérhæfðir iðnverkamenn
- Byggingaverkfræðingar
- Byggingatæknifræðingar
- Veg- og gatnahönnun
- Burðarþolshönnun
- Loftræstihönnun
- Lagnahönnun
- Verkeftirlit
- Jarðtækni
- Tækniteiknari
- Framkvæmdastjóri á Austurlandi
- Önnur áhugaverð störf

Áhugasamir eru beðnir um að fylla út umsókn á [www.radning.is](http://www.radning.is) og tengja sig inn á viðkomandi störf.



**RÁÐNINGAR  
ÞJÓNUSTAN**  
...framtiðin er ráðin

[www.radning.is](http://www.radning.is)

Krókháls 5a • Sími 588 7700  
[www.radning.is](http://www.radning.is) • [radning@radning.is](mailto:radning@radning.is)



Flugþjónustan Keflavíkurflugvelli ehf., IGS, sem stofnsett var 1. janúar 2001, býður viðskiptavinum sínum, íslenskum og erlendum flugfélögum, upp á alla flugtengda flugvallarþjónustu við flugfélög og farþega á Keflavíkurflugvelli. IGS er eitt af dótturfélögum Icelandair Group. Hjá fyrirtækinu starfa að jafnaði um 400 starfsmenn og þar er rekin markviss starfsþróunar- og símenntunarstefna.

### Deildarstjóri Hlaðdeildar

Flugþjónustan Keflavíkurflugvelli ehf (IGS) leitar að öflugum einstaklingi í spennandi og krefjandi starf deildarstjóra Hlaðdeildar og Hleðslueftirlits.

#### Helstu verkefni

- Ábyrgð á daglegum rekstri hlaðdeildar og hleðslueftirlits
- Áætlanagerð
- Þarfagreining
- Umsjón með tímastjórnunarkerfi
- Umsjón með innkaupum og úthlutun vinnufatnaðar
- Dagleg samskipti við viðskiptavini og stofnanir

#### Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun eða sambærileg menntun
- Hæfni í mannlegum samskiptum og stjórnun mannahalds
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Mikið frumkvæði og fjó hagsun
- Öguð, skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Útsjónarsemi og heildarleiki

Umsóknir berist starfsmannaþjónustu IGS, Fraktmiðstöð IGS, byggingu 11, 235 Keflavíkurflugvelli, fyrir **12. apríl 2006**. Ferilskrá sendist á: [svala@igs.is](mailto:svala@igs.is)



VERKFRÆÐISTOFA

### Verk- og tæknifræðingar

**VSB Verkfræðistofa ehf, Hafnarfirði óskar eftir að ráða verk- eða tæknifræðing til starfa á framkvæmdasviði.**

Starfið felst hverskonar framkvæmdaráðgjöf, áætlanagerð, umsjón og eftirliti með framkvæmdum, ráðgjöf til vertaka og fl.

*Starfsreynsla er æskileg en ekki skilyrði.*

Leitað er að einstaklingi þar sem fagmennska og metnaður er í fyrirrúmi við lausn verkefna.

Frekari upplýsingar gefur Stefán Veturlíðason í síma 585 8606 og 660 8606 eða á netfangi [stefan@vsb.is](mailto:stefan@vsb.is)

VSB Verkfræðistofa ehf er að Bæjarhrauni 20 í Hafnarfirði og er fjöldi starfsmanna 28 manns. Fyrirtækið leggur metnað sinn í að veita verkfræðiráðgjöf á breiðu sviði bygginga- véla og rafmagnsverkfræði. Helstu verkefni eru við hönnun burðarvirkja, lagna- og loftræsikerfa, rafkerfa og lýsinga, byggðatækni, framkvæmdaeftirlit, framkvæmdaráðgjöf, mælingar ofl. Frekari upplýsingar um VSB má finna á heimasíðu [www.vsb.is](http://www.vsb.is)

# VERKEFNASTJÓRI

Concert, eitt öflugasta fyrirtæki í tónlistariðnaðinum á Íslandi, leitar að verkefnastjóra til að leiða og byggja upp þann hluta rekstursins sem fellur undir umboðsskrifstofu fyrir innlenda listamenn.

Starfssvið: Bókanir, samningagerð, uppfærslur á heimasíðum, frágangur á fréttatilkynningum, umsjón með miðasölu, samskipti við tækjaleigur, bilstjóra og listamenn ásamt öðrum tilfallandi störfum.

Hæfniskröfur: Háskólapróf er kostur en ekki skilyrði. Reynsla af sölumennsku æskileg sem og góð tölvukunnátta, lipurð í mannlegum samskiptum og kurteisi. Sjálfstæð og öguð vinnubrögð skilyrði. Reynsla af umboðsmennsku er kostur en ekki skilyrði.

Concert er umboðsskrifstofa fyrir marga af fremstu listamönnum og skemmtikröftum þjóðarinnar.

Concert er eitt stærsta fyrirtæki á Íslandi í umboðsmennsku, viðburðastjórnun og tónleikahaldi. Hjá Concert vinna fjórir starfsmenn og skrifstofur félagsins eru á einu skemmtilegasta svæði borgarinnar. Starfsumhverfi er einstaklega fjölbreytt og lifandi.

Helga Lilja Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri Concert tekur á móti umsóknum á netfanginu concert@concert.is merkt UMSÓKN 2006



CONCERT EHF  
BANKASTRÆTI 11  
101 REYKJAVÍK  
SÍMI 511 2255

WWW.CONCERT.IS  
CONCERT@CONCERT.IS  
FAX 511 2256



Flugþjónustan ehf. (IGS) Keflavíkurflugvelli, sem stofnsett var 1. janúar 2001, býður viðskiptavinum sínum, íslenskum og erlendum flugfélögum, upp á alla flugtengda flugvallarþjónustu við flugfélög og farþega á Keflavíkurflugvelli. IGS er eitt af dótturfélögum Icelandair Group. Hjá fyrirtækinu starfa að jafnaði um 400 starfsmenn og þar er rekin markviss starfsþróunar- og símenntunarstefna.

## Matreiðslumaður

Flugþjónustan ehf. (IGS) Keflavíkurflugvelli vill ráða **matreiðslumann í veitingadeild** í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Leitað er að góðum og jákvæðum liðsmanni í öflugan hóp. Staðan er laus og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.

### Hæfniskröfur:

- Réttindi og reynsla
- Góð íslensku- og enskukunnátta
- Góð þekking á birgðakerfum og birgðastýringu
- Öguð, skipulögð og sjálfstæð vinnubrögð
- Hæfni í mannlegum samskiptum og stjórnun mannahalds
- Útsjónarsemi og heidarleiki

Umsóknir berist starfsmannaþjónustu IGS, Fraktmiðstöð IGS, byggingu 11, 235 Keflavíkurflugvelli, fyrir **7. apríl 2006**. Hægt að senda ferliskrá á: [svala@igs.is](mailto:svala@igs.is) Einnig veitir rekstrarstjóri veitingadeildar upplýsingar í síma 425 0322 og yfirmatreiðslumaður í síma 895 6652.

## Félagsráðgjafi hjá Sandgerðisbæ

Frá og með 1. júlí nk. er laus til umsóknar 75% staða félagsráðgjafa hjá Félagsþjónustu Sandgerðisbæjar. Í Sandgerði eru 1500 íbúar en Félagsþjónusta Sandgerðisbæjar starfar einnig á sviði félagsþjónustu fyrir sveitarfélögin Garð og Voga, en samanlagt eru um 3800 íbúar í sveitarfélögunum þremur.

Um er að ræða fjölbreytt og skemmtilegt starf en félagsráðgjafi sinnir fyrst og fremst verkefnum skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og barnaverndarlögum nr. 80/2002, auk þess sem unnið er á grundvelli laga um málefni fatlaðra, málefni aldraðra og jafnréttis laga.

Viðfangsefni eru m.a. greining, ráðgjöf, fjárhagsleg aðstoð, barnavernd, málefni fatlaðra, félagsleg heimaþjónusta, ráðgjöf og eftirlit með dagmæðrum og ýmis önnur tilfallandi verkefni.

Umsækjendur þurfa að hafa réttindi sem löggiltir félagsráðgjafar og reynsla á sviði félagsþjónustu er æskileg. Gerð er krafa um sjálfstæði, frumkvæði, áreiðanleika og hæfni í mannlegum samskiptum.

Laun eru skv. kjarasamningi Stéttarfélags íslenskra félagsráðgjafa og Launanevndar sveitarfélaga. Umsóknarrestur er til 30. apríl nk.

Allar nánari upplýsingar veitir Gyða Hjartardóttir, félagsmálastjóri Sandgerðisbæjar í síma 420-7555.

## Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar

Hraunvallaskóli

Nýr leik- og grunnskóli í Hafnarfirði

### Vilt þú taka þátt í því að móta og byggja upp nýjan skóla?

Grunnskólinn tók til starfa á sl. hausti í húsnæði við Íþróttamiðstöð Hauka á Ásvöllum og í vetur eru nemendur um 100 á yngsta stigi. Á komandi hausti hefst skólastarf í nýju húsnæði Hraunvallaskóla við Drekkavelli. Þá verður einnig kennt á miðstigi og árlega eftir það bætist við einn árgangur uns skólinn hefur náð upp í 10. bekk skólaárið 2009-2010. Í skólanum verður einnig leikskóli sem tekur til starfa haustið 2006 og er áætlað að þar verði um 100 börn.

Húsnæðið er hannað fyrir leik- og grunnskóla og er þetta í fyrsta sinn sem slíkur skóli er hannaður og byggður fyrir bæði skólastigin hér á landi. Í skólanum verða þróaðar kennsluáferðir í átt til einstaklingsmiðaðra kennsluhátta og mikil áhersla verður lögð á samvinnu og teymisvinnu, skapandi hugsun og starfsgleði. Á heimasíðu skólans er að finna upplýsingar um skólann og umsóknareyðublið <http://www.hraunvallaskoli.is>

#### Lausar stöður fyrir:

Umsjónarkennara, sérkennara, íþróttakennara, textilkennara, tónmenntakennara, heimilisfræðikennara, námsráðgjafa og umsjón með tölum og bókasafni, leikskólakennara, deildarstjóra með leikskólakennaramenntun og annað uppeldismenntað starfsfólk.

Um kaup og kjör fer samkvæmt kjarasamningi launanevndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags.

**Umsóknir** með upplýsingum um nám og fyrri störf ásamt framtíðarsýn umsækjenda á skólastarf sendist í Hraunvallaskóla v/ Ásvelli eða á netföng skólastjórnenda eigi síðar en 24. apríl. Í samræmi við jafnréttisstefnu Hafnarfjarðar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um starfið.

Frekari upplýsingar störf gefa Einar Sveinn Árnason, skólastjóri [enar@hraunvallaskoli.is](mailto:enar@hraunvallaskoli.is), Sigrún Kristinsdóttir, leikskólastjóri [alfaberg@hafnarfjordur.is](mailto:alfaberg@hafnarfjordur.is) sími 6645835. og Guðrún I. Sturlaugsdóttir, aðstoðarskólastjóri [guðrunst@hraunvallaskoli.is](mailto:guðrunst@hraunvallaskoli.is) sími 5902800.

Fræðslustjórinn í Hafnarfirði



VELKOMIN TIL HAFNARFJARDAR!  
Hafðu samband og fáðu frekari upplýsingar um Hafnarfirð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri bæjarins í síma 585 5500 og á heimasíðunni [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)

EF ÞÚ ERT KRAFTMIKILL EINSTAKLINGUR, MEÐ MIKLA HÆFNI Í MANNLEGUM SAMSKIPTUM...

...ÞÁ VILJUM VIÐ HITTA ÞIG!

Óskum eftir starfsfólki í fullt starf og helgarstörf í verslun Evans í Smáralind.



Umsóknir sendist til Arcadia Ísland, Hagasmára 1, 201 Kópavogur eða á netfangið [sigrun@hbu.is](mailto:sigrun@hbu.is).

# Evans



## Z-brautir og Gluggatjöld

Afgreiðsla í gluggatjaldaverslun 564361

Z-brautir og gluggatjöld óska eftir að ráða starfsmann í afgreiðslu, sölu og ráðgjöf til viðskiptavina.

Um er að ræða vinnutímann frá kl. 12:00-18:00, nema á mánudögum og miðvikudögum, þá er unnið frá kl. 9:00-18:00. Auk þess er unnið annan hvern laugardag frá kl. 10:00-14:00. Þó er lokað á laugardögum frá 1. júní - 1. september.

Viðkomandi þarf að vera eldri en 30 ára, snyrtilegur, stundvís, jákvæður og hafa ríka þjónustulund. Áhugi eða þekking á saumaskap er kostur, ekki skilyrði. Einungis reyklusir einstaklingar koma til greina.

UPPLÝSINGAR EINGÖNGU VEITTAHJÁ VINNA.IS

Skráning og upplýsingar á [www.vinna.is](http://www.vinna.is)

Vinna.is  
Sími 511-1144  
[www.vinna.is](http://www.vinna.is)



## Aðstoðar- framkvæmdastjóri

Sjávarútvegsfyrirtæki í Dalvíkurbyggð óskar eftir að ráða til sín aðstoðarframkvæmdastjóra. Leitað er eftir jákvæðum einstaklingi sem getur tekist á við fjölbreytt verkefni. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

### Starfssvið:

- Dagleg störf á skrifstofu
- Almenn bókhalð og afstemmingar
- Launaútreikningar
- Gerð reikninga
- Önnur fjármálatengd verkefni
- Sölu- og markaðsmál
- Afleysing framkvæmdastjóra

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Sjávarútvegsfræði, viðskiptafræði eða önnur sambærileg menntun æskileg
- Góð reynsla og þekking af bókhalði og fjármálum
- Reynsla af sjávarútvegi æskileg
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Metnaður, áhugi og sjálfstæð vinnubrögð

Um er að ræða sjávarútvegsfyrirtæki með fjölbreytta þjónustu. Fyrirtækið rekur útgerð, fiskverkun, löndun og flutningaþjónustu og eru starfsmenn að jafnaði 15-20.

Dalvíkurbyggð er um 2000 manna byggðarlag við utanverðan Eyjafjörð. Þar er blómlegt atvinnulíf þar sem sjávarútvegur og fiskvinnsla skipa öndvegissess. Vel er staðið að allri samfélags- og heilbrigðisþjónustu og allt umhverfi fyrir fjölskyldufólk er með besta móti.



Umsjón með starfinu hafa Eva Hrund Einarsdóttir ([eva@img.is](mailto:eva@img.is)) og Jónína Guðmundsdóttir ([nina@img.is](mailto:nina@img.is)) hjá Mannafli - Líðsauka á Akureyri. Umsóknarfrestur er til og með 9. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli - Líðsauka.

Borgartúni 27 Skipagötu 16 Strandgötu 53  
105 Reykjavík 600 Akureyri 735 Eskifirði  
Sími 540 7100 Sími 461 4440 Sími 540 7140  
[mannafli@img.is](mailto:mannafli@img.is) [www.mannafli.is](http://www.mannafli.is) [www.img.is](http://www.img.is)

## Kerfisstjóri



Penninn vill ráða öflugan starfsmann í starf kerfisstjóra á Upplýsingatæknisviði sem allra fyrst. Þetta er fjölbreytt og skemmtilegt starf í framsæknu og vaxandi fyrirtæki. Góð vinnuaðstaða og starfskjör í boði fyrir réttan aðila.

### Starfssvið:

- Dagleg umsjón með rekstri á tölvu-, net og símabúnaði Pennans
- Uppsetning, bilanagreining og notendabjónusta
- Innkaup, skráning og eftirlit með ofangreindum búnaði fyrirtækisins
- Samskipti við þjónustuaðila Pennans á þessu sviði

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Iðn- eða háskólamenntun á tæknisviði æskileg
- MCP, MCDST, MCSA eða MCSE gráður eru kostur
- Starfsreynsla af rekstri tölvukerfa í Microsoft umhverfi kostur
- Samstarfshæfni og þjónustulund
- Skipulagshæfileikar, sjálfstæð og öguð vinnubrögð

Penninn er öflugt og framsækið verslunarfyrirtæki sem þjónar bæði fyrirtækjum og einstaklingum með það að leiðarljósi að viðskiptavinir geti ætíð gengið að þægilegri og fjölbreyttri þjónustu í samræmi við þarfir hvers og eins.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir ([audur@img.is](mailto:audur@img.is)) og Guðríður D. Hálfánardóttir ([gauja@img.is](mailto:gauja@img.is)) hjá Mannafli - Líðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 9. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli - Líðsauka.



Borgartúni 27 Skipagötu 16 Strandgötu 53  
105 Reykjavík 600 Akureyri 735 Eskifirði  
Sími 540 7100 Sími 461 4440 Sími 540 7140  
[mannafli@img.is](mailto:mannafli@img.is) [www.mannafli.is](http://www.mannafli.is) [www.img.is](http://www.img.is)

## Starfsmaður í lyfjaskömmun og framleiðslu

Fyrirtæki sem sérhæfir sig í innflutningi og dreifingu á lyfjum óskar eftir að ráða samvisskusaman og nákvæman einstakling í starf við framleiðslu og skömmun lyfja. Starfshlutfall getur verið frá 50 til 100%. Starfið hefur verið í mótun undanfarna mánuði og það býður upp á möguleika á starfsþróun. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

### Starfssvið:

- Framleiðsla og dreifing lyfja
- Aðstoð við vélaskömmun lyfja
- Frágangur á lyfjarúllum
- Þrif á húsnæði

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Stúdentspróf kostur
- Reynsla af sambærilegu starfi mikill kostur
- Almenn tölvukunnátta skilyrði

Gerð er krafa um samvisskusemi, stundvísi og almenna reglusemi. Viðkomandi verður að vera reyklus.

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir ([ragnheidur@img.is](mailto:ragnheidur@img.is)) og Guðlaugur Arnarsson ([guðlaugur@img.is](mailto:guðlaugur@img.is)) hjá Mannafli - Líðsauka. Umsóknarfrestur er til og með 9. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Mannafli - Líðsauka.



Borgartúni 27 Skipagötu 16 Strandgötu 53  
105 Reykjavík 600 Akureyri 735 Eskifirði  
Sími 540 7100 Sími 461 4440 Sími 540 7140  
[mannafli@img.is](mailto:mannafli@img.is) [www.mannafli.is](http://www.mannafli.is) [www.img.is](http://www.img.is)

Verkfræðingur / Tæknifræðingur  
á byggingarsviði óskast  
í hönnunarvinnu.



EUROstál ehf sími: 820 1474  
[eurostal@simnet.is](mailto:eurostal@simnet.is)



GARÐABÆR

[www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is)

SJÁLANDS SKÓLI

Í Sjálandsskóla er lögð áhersla á fjölbreytta kennslu við hæfi allra nemenda. Nemendur skólans verða á næsta skólaári í 1.-7. bekk. Í Sjálandsskóla vinna allir starfsmenn saman að því að byggja upp skólastarf sem einkennist af vilja og virðingu og hefur hag nemenda að leiðarljósi. Vegna stækkunar Sjálandsskóla vantar nýja starfsmenn skólaárið 2006-2007:

### Aðstoðarskólastjóri Starfssvið

Starfar með skólastjóra að daglegri stjórnun skólans og er faglegur leiðtogi á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi. Á ríkan þátt í að leiða samstarf starfsmanna, nemenda, heimila og skólasamfélagsins í heild.

### Menntun og hæfniskröfur

- Grunnskólakennari
- Þekking og reynsla á sviði skólastjórnunar
- Framhaldsmenntun á sviði stjórnunar æskileg
- Skipulags- og samskiptahæfileikar

### Kennari Starfssvið

Sinnir fjölbreyttri kennslu og skipulagi náms í sveigjanlegu skólahúsnæði. Þróar skólastarf sem tekur mið af þörfum ólíkra einstaklinga, félagslegs- og náttúrulegs umhverfis.

### Menntun og hæfniskröfur

Leitað er að grunnskólakennurum með t.a.m. eftirfarandi sérþekkingu og reynslu:

- Byrjendakennsla
- Umsjónarkennsla á miðstigi
- Listgreinarkennsla (myndmennt, smíði og textíl)
- Sérkennsla

Nánari upplýsingar um Sjálandsskóla eru á vef skólans, [www.sjalandsskoli.is](http://www.sjalandsskoli.is). Laun eru samkvæmt kjarasamningi LN og KÍ. Umsóknir með upplýsingum um nám og fyrri störf berist til Helga Grímssonar skólastjóra sem veitir jafnframt frekari upplýsingar í síma 590 3100 og netfang: [helgi@sjalandsskoli.is](mailto:helgi@sjalandsskoli.is)

Umsóknarfrestur um störf er til 1. maí 2006.

Grunnskólafulltrúi

Fræðslu- og menningar svið

# Aðalbókari Snæfellsbæjar

Óskum eftir að ráða aðalbókara til starfa hjá Snæfellsbæ.



www.snb.is

## Starfssvið

- Merking fylgiskjala, skráning og vinnsla bókhalds.
- Sér um öll milliuppgjör og upplýsingar vegna fjárhagsáætlunar, og ýmsar samantektir.
- Afstemmingar, uppgjör og frágangur bókhalds til endurskoðunar.
- Vinnur að uppsetningu ársreikninga ásamt endurskoðanda.
- Afstemmingar og uppfærslur lána.
- Virðisaukauppgjör, skil og endurkröfur.

## Menntun og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskipta og/eða rekstrar er æskileg, en stúdentsprófs er krafist.
- Haldgöð bókhalds- og tölvuþekking er nauðsynleg.

Umsóknir óskast fylltar út á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is).  
Númer starfs er 5378.  
Umsóknarfrestur er til 15. apríl nk.  
Upplýsingar veitir Þórir Þorvarðarson.  
Netfang: thorir@hagvangur.is

**HAGVANGUR**  
- við ráðum

Skógarhlíð 12 • 105 Reykjavík  
Sími 520 4700 • [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)

## Hungry for something different?

Radisson SAS hótelin eru hluti af Radisson SAS hótelskjörinu sem einnig rekur Park Inn, Regent, Carnoustie og Country Inn.



Radisson SAS hótelin eru 140 í 39 löndum í Evrópu, Miðaustralíu og Afríku og bráðlega opna 27 ný hótel. Radisson SAS er fyrsta flokka hótelskjörið sem er þekkt fyrir framúrskarandi þjónustu við gesti sína og einstaka þjónustulund starfsmanna. Frekari upplýsingar má nálgast á [www.radissonsas.com](http://www.radissonsas.com)

## Matreiðslumaður

Radisson SAS, Hótel Saga óskar eftir að ráða til sín jákvæðan og drífandi matreiðslumann í liðsheid okkar. Óskum einnig eftir að ráða:

## Matreiðslunema

Við óskum eftir að umsækjendur búi yfir: ríkri þjónustulund sveigjanleika getu til að vinna í hóp sjálfstæði ..... og sé brosmildur!

Allar nánari upplýsingar gefur Karl Davíðsson yfirmatreiðslumaður í síma 820 9919 milli kl. 14:00 – 16:00 virka daga. Senda skal umsóknir til starfsmannastjóra fyrir 10. apríl á netfangið: [K.Einarsdottir@RadissonSAS.com](mailto:K.Einarsdottir@RadissonSAS.com) eða  
Radisson SAS Hótel Saga  
b.t. Kristrúnar Einarsdóttur,  
Hagatorgi 1  
107 Reykjavík.

Á Radisson SAS Hótel Sögu er 209 glesslegur herbergi og 10 veislu- og fundarsali. Auk þess eru á hótelnunni þrjú veitingastaðir. Sérúður sem er á jarðhæð hótelsins og Gríð sem er þekkt sem einn besti veitingastaður landsins. Á Radisson SAS Hótel Sögu er að finna alla þá þjónustu sem vænta má af fyrsta flokka, fjögurra stjörnu hóteli. Starfsfólk er allt sérþrjáð skilvæðum Radisson SAS hótelskjörnum þar sem lagt er upp úr fagmennsku en fyrst og fremst virginnlegu viðmót.

**Radisson SAS**  
HOTELS & RESORTS

**IGS**  
GROUND SERVICES



Flugþjónustan ehf., Keflavíkurflugvelli, IGS, sem stofnsett var 1. janúar 2001, býður viðskiptavinum sínum, íslenskum og erlendum flugfélögum, upp á alla flugtengda flugvallarþjónustu við flugfélög og farþega á Keflavíkurflugvelli. IGS er eitt af dótturfélögum Icelandair Group. Hjá fyrirtækinu starfa að jafnaði um 400 starfsmenn og þar er rekin markviss starfsþróunar- og símenntunarstefna.

Flugþjónustan ehf. Keflavíkurflugvelli (IGS) - laus störf:

## Sumarstörf hjá Flugþjónustunni 2006

Við bjóðum fjölbreytileg og skemmtileg störf í spennandi umhverfi flugheimsins.

Flugþjónustan Keflavíkurflugvelli ehf. (IGS) vill ráða fólk til afleysingastarfa á tímabilinu apríl-september. Um er að ræða störf í flestóllum deildum fyrirtækisins, þ.e. flugeldhúsi, fraktmiðstöð, hlaðdeild, veitingadeild, frílager og ræsting. Í sumum tilfellum er um að ræða hluta-störf og öðrum deildaskiptar ráðningar í 100% störf. Einnig verða eingöngu kvöldvaktir í boði í ákveðnum deildum.

Mikil áhersla er lögð á þjónustulund, hæfni í mannlegum samskiptum, reglusemi, stundvísi og árvekni. Unnið er á breytilegum vöktum og vaktaskrá birt fyrir 1 mánuð í senn. Umsækjendur þurfa að vera tilbúnir til þess að sækja undirbúningsnámskeið, og í sumum tilfellum standast próf, áður en til ráðningar kemur.

Boðið verður upp á sætaferðir frá fyrirfram ákveðnum stöðum í Reykjavík, Kópavogi, Hafnarfirði, Vogum og Grindavík.

Umsóknareyðublöð fást á skrifstofu Flugþjónustunnar Keflavíkurflugvelli ehf., 2. hæð í Frakmiðstöð IGS, byggingu 11, 235 Keflavíkurflugvelli. Einnig er hægt að sækja um störf á vefsíðu IGS, [www.igs.is](http://www.igs.is)

Nánari upplýsingar um aldurstakmark og hæfniskröfur:

### Hlaðdeild

Lágmarksaldur 19 ár, vinnuvélaréttindi, almenn ökuréttindi, enskukunnátta.

### Flugeldhús

Lágmarksaldur 18 ár.

### Veitingadeild

Lágmarksaldur 20 ár, góð tungumálakunnátta og mikil þjónustulund.

### Frílager

Lágmarksaldur 20 ár, tölvu- og enskukunnátta.

### Fraktmiðstöð

Lágmarksaldur 19 ár, vinnuvélaréttindi, tölvukunnátta, almenn ökuréttindi, enskukunnátta.

### Ræsting flugvéla

Lágmarksaldur 18 ár, almenn ökuréttindi, enskukunnátta.

## Þjónustufulltrúar



Og Vodafone leitir að kraftmiklum og metnaðarfullum einstaklingum í framtíðarstarf í þjónustuver fyrirtækisins. Starfsfólk þjónustuverans tekst á við fjölbreytt og krefjandi verkefni daglega og gegnir lykilhlutverki í þjónustu við viðskiptavinum okkar.

Við bjóðum frábæran starfsanda, samkeppnishæf laun og tækifæri til að vaxa í starfi.

Skriflegar umsóknir berist til Og Vodafone á netfangið [umsoknir@ogvodafone.is](mailto:umsoknir@ogvodafone.is) fyrir 12. apríl 2006. Nánari upplýsingar um starfið veitir Pétur Björn Jónsson í síma 599 9000.

og  
vodafone

[www.ogvodafone.is](http://www.ogvodafone.is)

Heyrumst!



## Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar Lausar stöður

- Arnarberg** (555 3493 [arnarberg@hafnarfjordur.is](mailto:arnarberg@hafnarfjordur.is))  
Þroskaþjálfari
- Álfasteinn** (555 6155 [alfasteinn@hafnarfjordur.is](mailto:alfasteinn@hafnarfjordur.is))  
Almennt starfsfólk, eldra en 20 ára  
Matráð frá og með júní 2006
- Hlíðarberg** (565 0556 [hliðarberg@hafnarfjordur.is](mailto:hliðarberg@hafnarfjordur.is))  
Leikskólakennarar
- Hlíðarendi** (555 1440 [hliðarendi@hafnarfjordur.is](mailto:hliðarendi@hafnarfjordur.is))  
Leikskólakennarar
- Hvammur** (565 0499 [hvammur@hafnarfjordur.is](mailto:hvammur@hafnarfjordur.is))  
Leikskólakennarar/uppeldismenntað starfsfólk
- Norðurberg**  
Ræsting
- Kató** (555 0198 [kato@hafnarfjordur.is](mailto:kato@hafnarfjordur.is))  
Skilavaktir
- Stekkjarás** (517 5920 [stekkjaras@hafnarfjordur.is](mailto:stekkjaras@hafnarfjordur.is))  
Leikskólakennarar  
Deildarstjórar
- Vesturkot** (565 0220 [vesturkot@hafnarfjordur.is](mailto:vesturkot@hafnarfjordur.is))  
Aðstoðarleikskólastjóri
- Víðivellir** (555 2004 [vidivellir@hafnarfjordur.is](mailto:vidivellir@hafnarfjordur.is))  
Leikskólakennarar  
Almennt starfsfólk
- Setbergsskóli** (565 1011 [gudosk@setbergsskoli.is](mailto:gudosk@setbergsskoli.is))  
Íþróttakennari vegna forfalla til vors  
Almenn kennsla vegna forfalla til vors

Allar upplýsingar veita skólastjórar viðkomandi skóla.  
Karlur jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um störf.

### Fræðslustjórnin í Hafnarfirði



VELKOMIN TIL HAFNARFJARDAR!  
Hafðu samband og fðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri þegar í síma 585 5500 og á heimasíðunni [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)

## SUMARSTÖRF

### ÍTH óskar eftir að ráða starfsfólk í eftirtalin störf:

Flokksstjóra í Vinnuskóla Hafnarfjarðar  
Leiðbeinendur á Íþrótt- og leikjanámskeið  
Leiðbeinendur í skólagarða  
Starfsfólk á gæsluvelli

Lágmarksaldur umsækjenda um þessi störf er 21 ár (fæddir 1985).

### Eftirtalin störf fyrir 17 - 20 ára ungmenni eru einnig laus til umsóknar:

Aðstoðarleiddbeinendur á Íþrótt- og leikjanámskeiðum  
Aðstoðarleiddbeinendur í skólagörðum  
Aðstoðarleiddbeinendur á gæsluvöllum

Umsóknareyðublöð liggja á skrifstofu Vinnuskóla Hafnarfjarðar í gamla Hjálparveitarhúsinu við Hrauntungu. Þar verður tekið á móti umsóknum 20. mars - 31. mars kl. 12:00 - 16:00 alla virka daga. Þá má nálgast umsóknareyðublöð hjá þjónustumiðstöð Hafnarfjarðar (Hringhellu 9) og Þjónustuveri Hafnarfjarðar (Strandgötu 6). Umsóknareyðublöð má einnig nálgast á [hafnarfjordur.is](http://hafnarfjordur.is), [ith.is](http://ith.is) og á skrifstofu ÍTH í Gamla bókasafninu (Mjósundi).

Nánari upplýsingar veittar í síma 565-1899

Skólastjóri Vinnuskóla Hafnarfjarðar  
Æskulýðs- og tómsundafulltrúinn í Hafnarfirði



VELKOMIN TIL HAFNARFJARDAR!  
Hafðu samband og fðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvíslega starfsemi á vegum sveitarfélagsins hjá þjónustuveri þegar í síma 585 5500 og á heimasíðunni [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)

## Söluhönnuður og sölufulltrúi

Við leitum að metnaðarfullum aðilum til að starfa með öflugum liðshópi á viðskiptasviði



### ► Söluhönnuður – sales engineering

Söluhönnuður sér um gerð tilboða, fyrirkomulagsteikninga, útreikning endurgreiðslna ("payback analysis"), tæknilýsingum á ferlum og einstökum búnaði. Viðkomandi mun veita svæðisstjórum, ráðgjöfum, umboðsmönnum og dótturfyrirtækjum faglega aðstoð og vera staðgengill svæðisstjóra í fjarveru þeirra. Starfið krefst skapandi hugsunar og útsjónarsemi ásamt hæfileika til að forgangsraða verkefnum á álagstímum.

Við leitum að einstaklingi með verk- eða tæknifræðimenntun, mjög góða enskukunnáttu auk kunnáttu í þýsku, frönsku eða spænsku. Reynsla úr matvæla- eða öðrum framleiðsluáæðnaði er æskileg.

### ► Sölufulltrúi

Um er að ræða nýtt starf sem mun reyna á nákvæmni, eljusemi og hæfni til að fylgja verkefnum eftir. Sölufulltrúi sér um skráningu sölutækifæra, frágang tilboða. Í starfinu felst skýrslugerð, gagnasöfnun og aðstoð við skipulag heimsóknna. Sölufulltrúi aðstoðar svæðis- og þróunarstjóra og er staðgengill í fjarveru þeirra.

Við leitum að einstaklingi með stúdentspróf. Mjög góð tölvukunnátta og færni í ensku er skilyrði. Reynsla af sölutengdum verkefnum er æskileg. Önnur tungumál s.s. norræn mál, þýska, franska eða spænska er kostur.

Um er að ræða krefjandi störf í mjög fjölbreyttu viðskiptaumhverfi þar sem alla jafna er mikil virkni og fjölbreytileiki.

Nánari upplýsingar veitir Sigurjón Eliasson, sviðsstjóri viðskiptasviðs ([sigurjonel@marel.is](mailto:sigurjonel@marel.is)) í síma: 563 8000.

Vinsamlegast sækjið um störfin á heimasíðu Marel, [www.marel.is](http://www.marel.is) fyrir 10. apríl n.k. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.





## SPRON leitar að áhugasömum lífeyris- og tryggingaráðgjafa

### Helstu verkefni

Sérhæfð ráðgjafar- og sölustörf á sviði einstaklingstrygginga og lífeyrismála.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Frumkvæði, góðir skipulagshæfileikar, rík þjónustulund, hæfni í mannlegum samskiptum
- Þekking og/eða reynsla af tryggingamarkaðinum
- Þekking og/eða reynsla af lífeyrismálum
- Þekking og/eða reynsla af ráðgjafarstörfum
- Áhugi á markaðs- og sölumálum

Laun eru samkvæmt kjarasamningum SÍB og bankanna. Að hluta til eru laun árangurstengd.

Nánari upplýsingar veitir Gerður Sigtryggsdóttir, verkefnastjóri á sölusviði SPRON sparisjóðs. Umsóknarfrestur er til 13. apríl nk.

Umsóknir skulu sendar á [starfsmannathjonusta@spron.is](mailto:starfsmannathjonusta@spron.is).

SPRON byggir samkeppnishæfni sína á ábyrgu og hæfu starfsfólki sem nýtur sjálfstæðis í starfi, ávinnur sér traust viðskiptavina og veitir þeim framúrskarandi lipra og skjóta þjónustu.



# Heillandi starf



## Vantar þig hlutastarf?

Viltu vinna dagvinnu eða vaktavinnu, nálægt heimili þínu og starf sem laðar fram allt það besta í fari þínu? Svæðisskrifstofa Reykjaness er áhugaverður vinnustaður sem sinnir fjölbreyttri þjónustu á heimilum fatlaðra, á hæfingastöðvum, starfsþjálfunarstað og skammtímvistunum.

Við bjóðum upp á störf í:  
Kópavogi  
Hafnarfirði  
Garðabæ  
Mosfellsbæ  
Seltjarnarnesi  
Álfanesi  
Suðurnesjum

Við bjóðum þér lífandi og gefandi starf, leggjum áherslu á þjálfun starfsfólks og stöndum fyrir námskeiðahaldi og fræðslu.

Ef þú ert tvítug(ur) eða eldri hafðu þá samband við okkur í síma 525 0900 eða á heimasíðu okkar, [www.smfr.is](http://www.smfr.is)

Aðalskrifstofan er staðsett á Fjarðargötu 13-15, Hafnarfirði, netfang [smfr@smfr.is](mailto:smfr@smfr.is)



## KÓPAVOGSBÆR

### SUMARSTÖRF Kópavogsbær auglýsir eftirfarandi sumarstörf laus til umsóknar:

#### Áhaldahús

Flokkstjórar og verkafólk í garðyrkjustörf, graslátt og almenn verkamannastörf. Æskilegt er að flokkstjórar hafi reynslu í verkstjórn og / eða garðyrkjustörfum.

#### Gæsluvellir

Afleysingafólk í 81% starf. Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu og áhuga á að starfa með börnum. Umsækjendur skulu vera 18 ára eða eldri.

#### Íþróttavellir

Flokkstjórar og verkafólk í almenna hirðingu og gæslustörf. Umsækjendur skulu vera 18 ára eða eldri.

#### Leikjanámskeið

Leiðbeinendur sem hafa umsjón með leikja- og siglinganámskeiðum. Umsækjendur þurfa að hafa reynslu og áhuga á starfi með börnum og skulu vera 21 árs eða eldri

Aðstoðarfólk til aðstoðar leiðbeinendum. Umsækjendur þurfa að hafa reynslu og áhuga á að starfa með börnum. Umsækjendur skulu vera 18 ára eða eldri.

#### Skólagarðar

Leiðbeinendur (garðstjórar) sem hafa umsjón með skólagörðum. Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu og áhuga á ræktun og að starfa með börnum og skulu vera 21 árs eða eldri.

Aðstoðarfólk til aðstoðar leiðbeinendum. Umsækjendur þurfa að hafa áhuga á að starfa með börnum. Umsækjendur skulu vera 18 ára eða eldri.

#### Sundlaug

Afleysingafólk. Góð sundkunnátta áskilin. Umsækjendur skulu vera 20 ára eða eldri.

#### Vinnuskóli

Leiðbeinendur (flokkstjórar) sem vinna með og stjórna vinnuflokkum unglinga.

Æskilegt er að umsækjendur hafi reynslu í verkstjórn og að starfa með unglingum. Umsækjendur skulu vera 21 árs eða eldri.

Yfirleiðbeinendur sem hafa umsjón með mörgum vinnuflokkum og ákveðnum verkefnum. Umsækjendur þurfa að hafa reynslu í verkstjórn og skulu vera 21 árs eða eldri.

**Hægt er að sækja um  
sumarstörf á heimasíðu  
Kópavogsbæjar  
[www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is)  
frá 1. apríl n.k.**

Umsóknareyðublöð liggja einnig frammi í Áhaldahúsi Kópavogs, Alalind 1.

Upplýsingar eru veittar  
í síma 564-1580  
kl. 8.00-17.00

**Umsóknarfrestur er til  
21. apríl 2006.**



### Verkefnastjóri

Verkefnastjóri með háskólamenntun á sviði viðskiptafræði, hag- eða tölvunarfræði óskast á hag- og upplýsingasvið. Starfshlutfall er 100%. Viðkomandi þarf að hafa góða bókhalts- og tölvuþekkingu og reynslu af úrvinnslu gagna. Lögð er áhersla á sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð, jákvætt viðmót og hæfni í mannlegum samskiptum. Hag- og upplýsingasvið er nýtt svið og starfar samkvæmt verkefnastýrðu skipulagi. Það er leiðandi í öflun, úrvinnslu og miðlun upplýsinga um starfsemi og rekstur LSH. Takmark okkar er að gera góðar upplýsingar betri og auðveldla með þeim hætti upplýsta ákvörðunartöku stjórnenda. Á sviðinu starfar samhentur og metnaðarfullur hópur.

Umsóknir berist fyrir 18. apríl nk. til Guðrúnar Bjargar Sigurbjörnsdóttur, sviðsstjóra og veitir hún upplýsingar í síma 543 1240, netfang [guðrbsig@landspitali.is](mailto:guðrbsig@landspitali.is).

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Umsóknareyðublöð fást í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, skrifstofu starfsmannamála Eiríksstötu 5, á heimasíðu [www.landspitali.is](http://www.landspitali.is). Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala - háskólasjúkrahúsi. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Landspítali - háskólasjúkrahús er reyklaus vinnustaður.

## ATVINNA - EKKERT ALDURSTAKMARK

Bílabúð Benna leitar eftir starfsmanni.

Aðstoðarmaður á verkstæði. Starfið felst aðallega í sendiferðum, frágang á verkfærum, þrifum og þess háttar störfum. Æskilegt er að umsækjendur hafi góða reynslu í skóla lífsins svo sem við viðgerðir og viðhald á eignum. Vinnutími samkvæmt samkomulagi, ekkert aldurstakmark.

Upplýsingar veitir Þórarinn verkstjóri í síma 560-2053.

Umsóknir má senda á  
Bílabúð Benna,  
Starfsumsókn,  
Vagnhöfða 23,  
Reykjavík  
Tölvupóstur:  
ingi@benni.is



## ÞJÓNUSTU- OG VERKEFNASTJÓRI

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu  
þjónustu- og verkefnastjóra lausa til umsóknar.

Umsóknarfrestur er til 19. apríl 2006.  
Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu  
sendiráðsins: <http://iceland.usembassy.gov>.

**VélRás ehf.**

## Bifreiða- og vélaverkstæði

Vegna aukinna verkefna vantar:

- 1) Viðgerðamenn vana þungavinnuvélum og vörubílum.
- 2) Rennismið
- 3) Suðumenn/járniðnaðarmenn.
- 4) Bifreiðasmið/Bílamálara
- 5) Aðila í sendil störf ásamt fleiru.

Upplýsingar í síma 897-8901.



**BLIKKSMIDJAN**  
**VÍK**

Óskar eftir að ráða blikksmið eða mann  
vanan blikksmiði sem allra fyrst.

Upplýsingar veitir Eyjólfur í síma  
557-1580 og 699-1204.

## Rafhönnun hf. verkfræðistofa á rafmagnssviði hefur áhuga á að bæta við sig fólki.

Leitað er eftir fólki sem sýnir frumkvæði í starfi og lipurð í samskiptum  
ásamt því að hafa skipulagshæfileika og jákvætt hugarfar.

### Starfssvið A

Ráðgjöf, hönnun og eftirlit með uppsetningu á raf- og stjórnbúnaði, einkum fyrir orkufyrirtæki. Kerfishönnun stjórnbúnaðar og deilihönnun rafbúnaðar og iðnstýringa. Einnig kemur til greina þátttaka í gerð hermílikana á orkusviði.

#### Hæfniskröfur:

- Rafmagnsverkfræðingur með framhaldsmenntun, M.Sc.
- Góð þekking á stjórnbúnaði orkufyrirtækja æskileg
- Þekking á notkun verkfræðilegra líkana við hönnunarstörf er æskileg
- Reynsla af forritun æskileg

### Starfssvið B

Ráðgjöf, hönnun og eftirlit með uppsetningu háspennu-kerfa.

#### Hæfniskröfur:

- Rafmagnstæknifræðingur eða verkfræðingur af sterkstraumssviði
- Reynsla æskileg

### Starfssvið C

Ráðgjöf, hönnun, forritun, gangsetning og eftirlit með uppsetningu raf- og stjórnbúnaðar.

#### Hæfniskröfur:

- Rafmagnsiðnifræðingur, tæknifræðingur eða verkfræðingur
- Reynsla æskileg

### Starfssvið D

Ráðgjöf, hönnun, og eftirlit með uppsetningu raflagna-kerfa fyrir byggingar.

#### Hæfniskröfur:

- Rafmagnsiðnifræðingur, tæknifræðingur eða verkfræðingur
- Reynsla æskileg


### Nánari upplýsingar veitir Skapti Valsson

([skapti@rafhonnun.is](mailto:skapti@rafhonnun.is)) hjá Rafhönnun í síma 530 8000.

Vinsamlegast sendið umsóknir til Rafhönnunar fyrir 13. apríl n.k. Umsóknir þurfa að innihalda nákvæma lýsingu á menntun umsækjanda og fyrri störfum og aðrar upplýsingar sem umsækjandi telur að komi að gagni við val umsækjanda. Farið verður með umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

### Verkfræðistofan Rafhönnun

Starfsmenn Rafhönnunar eru um 55. Fyrirtækið er með vottað gæðastjórnunarkerfi samkvæmt kröfum ISO 9001:2000. Stærstu verkefni Rafhönnunar um þessar mundir eru m.a. stækkun Norðuráls á Grundartanga og nýtt álver Alcoa á Reyðarfirði einnig útboð og hönnun á rafbúnaði virkjana og orkuveitna. Rafhönnun hefur um árabíl unnið að ráðgjöf og hönnun vegna uppsetningar stjórnkerfa fyrir orkuveitur. Hjá Rafhönnun hefur á undanförunum árum verið unnið að þróun herma, einkum af jarðvarmaorkuverum. Hönnun á raf-lögnum og sérkerfum fyrir byggingar er verulegur hluti starfseminnar. Á fjarskiptasviði er m.a. unnið við ráðgjöf fyrir stærri notendur og jafnframt hönnun fjarskiptakerfa fyrir fjarskiptafyrirtæki. Einnig er unnið að ýmsum iðnaðarverkefnum sem fela m.a. í sér hönnun raflagna og forritun iðntölva og skjákerfa. Starfsmenn Rafhönnunar annast margvísleg verkefni, jafnt áætlanagerð, útboðsgögn, raflagnahönnun, eftirlitsstörf, verkefnastjórnun og forritun allt eftir því sem við á.



## Viltu slást í hópinn?

Olíufélagið ehf. leitar að duglegu og samviskusömu starfsfólki sem hefur metnað til að takast á við krefjandi og skemmtileg verkefni. Góð laun í boði auk ýmissa fríðinda, s.s. sumarhús, afslættir af vörum og þjónustu o.fl. o.fl.

### Vaktstjórar

Starfið felur í sér tækifæri fyrir manneskju með góða forystuhæfileika þar sem vaktstjóri hefur umsjón með verkefnum starfsfólks stöðvarinnar á vöktum og fer fremstur í flokki þegar kemur að því að veita viðskiptavinum félagsins framúrskarandi þjónustu. Um er að ræða skemmtilegt og lifandi starf fyrir áreiðanlega manneskju sem hefur hæfileika í mannlegum samskiptum.

### Almenn afgreiðsla

Starfið felst í almennum afgreiðslu- og þjónustustörfum. Lifandi starfsumhverfi og skemmtilegt starf fyrir jákvæða manneskju sem hefur góða þjónustulund og gaman af samskiptum við fólk.

Nánari upplýsingar veitir starfsþróunardeild í síma 560 3300. Umsóknir má nálgast á vefsíðu Olíufélagsins [www.esso.is](http://www.esso.is).

Olíufélagið ehf. er kraftmikið þjónustufyrirtæki. Hlutverk þess er að sjá fólk og fyrirtækjum fyrir orku, rekstrarvörum og þægindum með ánægju viðskiptavina að leiðarljósi. ESSO skólinn veitir starfsmönnum nauðsynlega starfsþjálfun en mikil áhersla er lögð á endurmenntun til að auka samkeppnishæfni fyrirtækisins. Starfsmannafélag ESSO er kröftugt og lifandi og skipuleggur m.a. utanlandsferðir. Nánari upplýsingar um esso á [www.esso.is](http://www.esso.is).





## Hefur þú áhuga á fjölbreyttu og gefandi starfi í sumar ?

Vegna sumarleyfa starfsmanna Styrktarfélagins vantar starfsfólk til afleysingarstarfa. Um er að ræða dagvinnu og vaktarvinnu, hlutastörf og heilar stöður.

Upplýsingar veitir starfsamannastjóri í síma 414 0500. Einnig er hægt að nálgast upplýsingar um félagið á heimasíðu þess [www.styrktarfelag.is](http://www.styrktarfelag.is)

Ofangreind störf taka laun eftir gildandi kjarasamningum.



## SUMARAFLEYSING Í BÓKHALDI !

Óskum eftir að ráða starfsmann í sumarafleysingar í bókhaldsdeild félagsins. Bókhaldskunnátta nauðsynleg og dönsku- eða norskukunnátta æskileg.

Umsóknir óskast sendar til Ísl. járnblendifélagsins ehf., Grundartanga, 301 Akranes eða á póstoffang [halla.bodvarsdottir@alloys.is](mailto:halla.bodvarsdottir@alloys.is) fyrir 9 apríl n.k.

Nánari upplýsingar veita Halla Böðvardsd. s.432 0142 eða Svandís Vilmundard. s.432 0144.



D A G U R  
group

## Við leitum að grafískum hönnuði

Starfið felst m.a. í uppsetningu vikulegra sölu-bæklinga, auglýsingagerð fyrir prentmiðla, gerð sjónvarpsauglýsinga og merkinga í verslunum félaganna.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun á sviði grafískrar hönnunar er æskileg en ekki skilyrði
- Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi reynslu af sambærilegum verkefnum á sviði grafískrar hönnunar

### Við leitum að einstaklingi sem hefur:

- ríka sköpunargleði og frumkvæði í verkefnum
- næmt auga fyrir smáatriðum
- góðan vinnuhraða
- getu til að vinna sjálfstætt
- hæfni til að vinna undir álagi
- tileinkað sér skipulögð og vönduð vinnubrögð
- jákvæð viðhorf og hæfni í mannlegum samskiptum

Umsóknir með ferilskrá berist til starfsmannastjóra á [annabirna@dagurgroup.is](mailto:annabirna@dagurgroup.is).

Umsóknarfrestur til 1. apríl 2006.

Unnið er að sameiningu Árdegis og Dags Group. Úr verður eitt af stærstu smásölufyrirtækjum landsins með 17 verslanir. Hjá félögum starfa rúmlega 200 starfsmenn undir merkjum verslana BT, Sony Center, Skifunnar, NOA NOA, NEXT og Hljóðfærahússins.

## STARFSFÓLK ÓSKAST



### Sölufulltrúi:

Starfið felur í sér almenna sölu á raflagnaefni til viðskiptavina. Starfinu fylgir einnig tilboðsgerðir, eftirfylgni, þjónusta og samskipti við innlenda sem erlenda fagaðila. Góð tungumálakunnátta er æskileg. Þekking á raflagnabúnaði er skilyrði. Um er að ræða framtíðarstarf.

### Lagerstarf:

Almenn tiltekt á vörum fyrir viðskiptavini, móttaka aðfanga og önnur tilfallandi lagerstörf. Um er að ræða framtíðarstarf.

Umsækjendur þurfa að hafa mikla þjónustulund og góða samskiptahæfileika. Þeir þurfa jafnframt að vera heiðarlegir, sjálfstæðir og framsæknir.

Áhugasamir sendið umsóknir ásamt ferilskrá á netfangið [sg@sg.is](mailto:sg@sg.is)

S.Guðjónsson ehf er leiðandi innflutningsfyrirtæki á lýsinga- raf- og fjarskiptakerfum sem leggur metnað sinn í að bjóða fram heildarlausnir fyrir fyrirtæki, stofnanir og einstaklinga.



Reykjavíkurborg  
- Einn vinnustaður



## MENNTASVIÐ

### LEIKSKÓLAR

#### Aðstoðarleikskólastjóri Ægisborg

Laus er staða aðstoðarleikskólastjóra í leikskólanum Ægisborg, Ægisíðu 104. Leikskólinn er þriggja deilda, þar sem dvelja rúmlega 60 börn samtímis. Í starfi leikskólans er lögð áhersla á frjálstan leik, skapandi starf og tónlist. Staðan er laus 1. júní. Umsóknarfrestur er til 18. apríl n.k. Umsóknir sendist í leikskólann Ægisborg. Nánari upplýsingar veitir Kristjana Thorarensen leikskólastjóri í síma 551-4810.

#### Leikskólakennarar

Ásborg, Dyngjuvegi 18, í síma 553-1135.

Um er að ræða tvær stöður önnur er 100% en hin er 50% staða vegna sérkennslu.

Austurborg, Háaleitisbraut 70, í síma 588-8545.

Kvamborg, Árkvörn 4, í síma 567-3199.

Sóhlíð, Engihlíð 8, í síma 551-4870.

#### Matráður

Skógarborg, Efstalandi, sími 553-1805.

Skógarborg er að flytja í nýtt húsnæði í maí.

Umsóknarfrestur er til 18. apríl n.k. Ráðið verður í starfið 15. maí.

Sólborg, Vesturhlíð 1, sími 551-5380

Um er að ræða tímabundna ráðningu frá 1. maí - 31. ágúst.

Leitað er eftir starfsmanni með menntun á sviði matreiðslu og/eða reynslu. Viðkomandi þarf að sjá um rekstur eldhúss í samráði við leikskólastjóra og hafa góða þekkingu á næringfræði.

### Aðstoð í eldhús

- Hálsaborg, Hálsaseli 27, í síma 557-8360.

Um er að ræða 70% stöðu.

### GRUNNSKÓLAR

#### Grunnskólakennarar

Ingunnarskóli, sími 411-7828.

- Kennari á yngsta stigi vegna forfalla til vors.

Vesturbæjarskóli, sími 562-2296.

- Forfallakennari á miðstigi til vors.

#### Skólaliðar

Breiðholtsskóli, sími 557-3000.

- Skólaliði. Staðan er laus.

Laugalækjarskóli, sími 588-7500

- Tvær stöður skólaliða eru laustar strax.

#### Stuðningsfulltrúi

Ingunnarskóli, sími 411-7828.

- Stuðningsfulltrúi óskast til starfa.

Nánari upplýsingar um þessi störf veita leikskólastjórar og grunnskólastjórar í viðkomandi skólum. Einnig veitir Starfsmannabjónusta Menntasviðs upplýsingar í síma 411 7000. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag. Umsóknareyðublað er að finna á heimasíðunni [www.menntasvid.is](http://www.menntasvid.is)

Öll laus störf á Menntasviði í leik- og grunnskólum Reykjavíkurborgar eru að finna á heimasíðunni [www.menntasvid.is](http://www.menntasvid.is)

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauðgýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf)

Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

Café VICTOR



Óskar eftir kraftmiklu og glaðværu fólki til starfa á veitingastaðnum.

Um er ræða bæði kvöld og helgarvinnu, einnig hvetjum við fólk til að sækja um fyrir sumarið !

Áhugasamir hafi samband við Baldur í síma 6920 735 eða á [baldur@victor.is](mailto:baldur@victor.is)

[www.victor.is](http://www.victor.is)

## ATVINNUMIÐLUN & STARFSMANNALEIGA

Erum með úrvals starfsfólk á skrá frá Póllandi.

Sími 517 4530  
Netfang [intjob@intjob.is](mailto:intjob@intjob.is)

**INTJOB**  
INTERNATIONAL JOB OPPORTUNITIES



## KÓPAVOGSBÆR

### KÓPAVOGSSKÓLI starf skólastjóra

• Starf skólastjóra við Kópavogsskóla er laust til umsóknar.

Kópavogsskóli er rótgróinn grunnskóli með tæplega 400 nemendur. Skólinn er þekktur fyrir framsækið skólastarf og frumkvöðlaverkefni á sviði skipulags og sjálfsmats. Hann hefur nýlega verið lagfærður að utanverðu og mikið af búnaði endurnýjaður.

Bæjarstjórn Kópavogs hefur nýlega gert samning við foreldraráð skólans um stórlega aukin áhrif foreldraráðsins á stjórn skólans. Væntanlegur skólastjóri þarf því að vera reiðubúinn til að ganga inn í frumkvöðlaverkefni á sviði stjórnunar.

Við leitum að framsæknum einstaklingi sem hefur hæfileika til að nálgast skólastarf á opinn og óhefðbundinn hátt

- hefur lokið viðurkenndu framhaldsnámi (a.m.k. 30 einingum) í stjórnun, rekstri eða uppeldis- og kennslufræði
- er opinn fyrir nýjum hugmyndum í mannlegum samskiptum og samstarfi við foreldra og kennara
- er reiðubúinn til að ganga inn í þann samning sem bæjarstjórn Kópavogs hefur gert við foreldraráð skólans
- hefur a.m.k. 5 ára reynslu sem stjórnandi.

Foreldraráð skólans mun taka þátt í ráðningarferlinu og þeir þættir í starfsferli og stjórnunarstíl umsækjenda sem leitað er að munu vega þungt þegar valið verður á milli umsækjenda sem uppfylla önnur skilyrði þessarar auglýsingar. Mat umsækjenda verður byggt á skriflegum gögnum í umsókn, viðtölum við umsækjendur og ítarlegum viðtölum við umsagnaraðila, fyrrum yfirmenn og samstarfsmenn.

Umsóknarfrestur um stöðuna rennur út þriðjudaginn 18. apríl. Umsóknir sendist til Árna Þórs Hilmarssonar, fræðslustjóra, Fannborg 2, 200 Kópavogi. Upplýsingar um starfið veitir fræðslustjóri og skólastjóri Kópavogsskóla.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi KÍ og LN.

Konur jafnt sem karlar eru hvött til að sækja um stöðuna.

[www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is) - [www.job.is](http://www.job.is)

## Vélvirki óskast!

Okkur vantar vélvirkja eða vanann vélamann. Góð laun í boði fyrir traustan mann.

Einnig vantar aðstoðafólk í prentsal og bókband.

Upplýsingar gefur prentsmiðjustjóri í síma 860-2404, einnig hægt að sækja um á netfangið [isprent@isprent.is](mailto:isprent@isprent.is)

Íslandsprent ehf., sem var stofnað haustið 2003, er til húsa að Steinhelli 10 í Hafnarfirði. Frá stofnun hefur markmið fyrirtækisins verið að bjóða upp á allhliða prentþjónustu á hagstæðum kjörum, í miklum gæðum og á sem skemmstum tíma.

Íslandsprent • Steinhella 10 • 221 Hafnarfjörður • 569 7200 • [www.isprent.is](http://www.isprent.is)

Íslandsprent

## SKEMMTILEG STÖRF OG GÓÐ LAUN!

### Afgreiðsla

Óskum að ráða duglegan og hressan starfsmann til afgreiðslu í verslun okkar. Fjölbreytt og skemmtilegt starf við að þjónusta fólk með áhuga á íþróttum og útiveru.

Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf sem fyrst. Góð laun eru í boði fyrir góða starfsmenn. Umsóknareyðublöð liggja frammi í verslun okkar að Ármúla 40 og einnig má senda umsóknir á netfangið [bragi@markid.is](mailto:bragi@markid.is)

Í yfir 25 ár hefur Markið verið í fararbroddi í sölu og þjónustu á reiðhjólum, vetrariþróttavörum og líkamsræktartækjum. Hjá okkur er ört stækkandi gólfdeild ásamt afþreyingarvörum eins og borótennis, pilukasti og fótboltaspilum. Hjá Markinu ríkir mikill hugur og metnaður fyrir ánægjulegri útivist lands okkar og starfsandi er mjög góður.

### Verkstæði

Óskum að ráða laghentan og duglegan starfsmann á verkstæði okkar til samsetningar og viðhalds á reiðhjólum.

- taktu mark á sérfræðingum



[www.markid.is](http://www.markid.is) • Sími: 553 5320 • Ármúla 40

## Vélamenn, bílstjórar og verkamenn

Suðurverk hf óskar eftir að ráða vélamenn, bílstjóra og verkamenn. Starfsmenn vantar á eftirtalda staði:

### Kárahnjúkar

Vinna við uppbyggingu jarðvegsstífla.

### Siglufjörður

Vinna við snjóflóðavarnargarða.

### Hafnarfjörður

Gatnagerð Vellir 6.

Upplýsingar veittar í síma 892-0067. Umsóknir berist skrifstofu Drangahrauni 7 eða á heimasíðu [www.sudurverk.is](http://www.sudurverk.is)



Draumastarf:

## FRAMKVÆMDASTJÓRI SÖLUSVIÐS

Öflugt og þekkt fyrirtæki í matvælaframleiðslu fyrir smásölu og stórnotendur leitar að framkvæmdastjóra sölusviðs. Fyrirtækið byggir á traustum grunni. Hér er draumastarf fyrir öflugan einstakling sem vill vaxa í starfi.

### Starfslýsing:

- Sala og sölustjórnun
- Þátttaka í vörubrúun
- Gerð markaðs- og söluáætlana
- Birgðastýring
- Þátttaka í stefnumótun

### Starfskröfur:

- Viðskiptafræðimenntun æskileg
- Reynsla af heildsölu til stórmarkaða
- Elja og frumkvæði, frumkvæði og elja!

Umsóknir sendist í síðasta lagi föstud. 7. apríl á netfangið [intjob@intjob.is](mailto:intjob@intjob.is). Nánari upplýsingar veitir Stefán Kjærnested í síma 517 4530. 100% trúnaður.

**INTJOB**

Sími 517 4530 • Netfang [intjob@intjob.is](mailto:intjob@intjob.is)



ÖXARFJARÐARHREPPUR

Öxarfjarðarskóli

## Grunnskólakennarar

Við leitum eftir vel menntuðum kennurum sem vilja taka þátt í þróun skólastarfs með öðrum starfsmönnum skólans. Öxarfjarðarskóli er heildstæður grunnskóli með tvær starfsstöðvar, í Lundi og á Kópaskeri með alls um 70 nemendur.

Við leggjum áherslu á fjölbreytta og sveigjanlega kennsluhætti, samvinnu og vellíðan starfsfólks og nemenda

Meðal kennslugreina er stuðnings- og sérkennsla, raungrainakennsla og almenn bekkjarkennsla.

Frekari upplýsingar veitir Huld Aðalbjarnardóttir skólastjóri.

Sími: 465 2244 e-mail: [huld@kopasker.is](mailto:huld@kopasker.is)

# starf.is

Er núna  
rétti tíminn til að  
skipta um starf ?

starf.is

Hlíðasmára 15, 201 Kóp.

s: 530 9140

[www.starf.is](http://www.starf.is) - [starf@starf.is](mailto:starf@starf.is)



## PROTOCOL ASSISTANT

Sendiráð Bandaríkjanna auglýsir stöðu Protocol Assistant lausa til umsóknar.

Umsóknarfrestur er til 7. apríl 2006.

Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sendiráðsins: <http://iceland.usembassy.gov>.

www.icelandexpress.is



# FJÁRMÁLASTJÓRI

## ICELAND EXPRESS ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA FJÁRMÁLASTJÓRA

### Ábyrgðarsvið

- Dagleg stjórnun á fjármálum fyrirtækisins
- Bókhald og uppgjör samstæðunnar
- Framvirkir samningar
- Samskipti við banka og helstu birgja
- Skýrslu- og áætlunargerð
- Innheimtumál
- Fjármálastjóri er virkur aðili í stefnumótun fyrirtækisins í fjármálum í samvinnu við framkvæmdastjóra
- Fjármálastjóri er yfirmaður hagdeildar og er framkvæmdastjóri hans næsti yfirmaður

### Kröfur

- Menntun á sviði fjármála
- Reynsla af fjármálastjórn í alþjóðlegu umhverfi
- Góð enskukunnátta

Umsóknum skal skilað á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is) fyrir 9. apríl 2006. Nánari upplýsingar veitir Baldur G. Jónsson hjá Hagvangi, [baldur@hagvangur.is](mailto:baldur@hagvangur.is). Viðkomandi þyrfti að geta hafið störf sem fyrst.

Iceland Express er fyrsta íslenska lágfargjaldaflugfélagið. Þegar félagið var stofnað fyrir rúmum þremur árum, gjörbreytti það landslagi í flugsamgöngum Íslendinga og starfa nú yfir 100 manns hjá félaginu. Við erum stolt af sigrum og vexti Iceland Express og er starfsfólkið lykillinn að uppbyggingu félagsins. Tækifærin blasa við og framundan eru afar spennandi tímar í starfsemi. Upplifðu spennandi starfsumhverfi, skemmtilegan vinnuanda og taktu þátt í að móta og skapa framsækna viðskiptastefnu hjá félagi sem er einstakt á Íslandi.



Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600

## Kennarar

### Skóli með áherslu á þróunarstarf og nýbreytni í starfsháttum auglýsir eftir öflugum kennurum til starfa

Kennara vantar til starfa við Sunnulaekjarskóla á Selfossi næsta haust. Sunnulaekjarskóli var stofnaður haustið 2004. Skólinn vex ört og verður 10 árganga grunnskóli innan tíðar. Næsta skólaár verða um 250 nemendur í 1. – 6. bekk við skólann.

Í skólanum er lögð áhersla á sveigjanlega og fjölbreytta kennsluhætti, einstaklingsmiðað nám, teymisvinnu kennara, ábyrgð nemenda og góða samvinnu allra sem að skólalastarfinu koma.

Umsjónarkennara vantar á yngsta- og miðstig. Einnig vantar kennara til kennslu í list- og verkgreinum, sérstaklega tónmennta- og heimilisfræðikennslu. Þá vantar íþróttakennara til starfa.

Umsækjandi þarf að hafa kennarapróf, góða skipulagshæfileika og mikla hæfni í mannlegum samskiptum. Reynsla af teymisvinnu og áhugi á þróunarstarfi eru mikilvægir eiginleikar.

Umsókn fylgi greinargerð þar sem fram komi hver er reynsla og menntun umsækjanda og hvaða sýn hann hefur á skólalastarfið, nýbreytni og þróunarstarfið.

Frekari upplýsingar má finna á vef skólans <http://www.sunnulaekjarskoli.is> og hjá skólalastjóra, Birgi Edwald í síma 480-5400 eða tölvupósti, [birgir@sunnulaek.is](mailto:birgir@sunnulaek.is).

Umsóknarfrestur er til 17. apríl 2006.

Umsókn sendist til skólalastjóra Sunnulaekjarskóla, Norðurhólum 1, Selfossi.

Skólalastjóri

## SUMARSTÖRF

Garðyrkjustjórinn í Hafnarfirði óskar eftir að ráða starfsfólk til sumarstarfa.

Lágmarksaldur umsækjenda er 17 ár (fæddir 1989).

• Eftirfarandi störf eru í boði: í februnarflokki (blómeflokki), sláttuflokki og viðhaldsflokki.

Umsóknareyðublöð liggja í Þjónustumiðstöð Hafnarfjarðar að Hringhelli 9. Þar verður tekið á móti umsóknum milli kl. 7:30 og 16:30 alla virka daga nema föstudaga til kl. 15:00.

Umsóknareyðublöð má einnig nálgast á eftirfarandi stöðum: í Vinnuskóla Hafnarfjarðar í gamla Hjalparveitarhúsinu við Hrauntungu, í Þjónustuverinu að Strandgötu 6 (jarðhæð), á skrifstofu ÍTH í Gamla bókasafninu (Mjósundi) og á hafnarfjordur.is.

Nánari upplýsingar í síma 585-5670. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir á netfangið: [boddi@hafnarfjordur.is](mailto:boddi@hafnarfjordur.is)

Garðyrkjustjóri Hafnarfjarðar



VELKOMIN TIL HAFNARFJARDARI  
Hafðu samband og fáiðu frekari upplýsingar um Hafnarfjörð og margvislega starfsemi á vegum veitarfélagsins hjá Þjónustuveri bæjarins í síma 585 5500 og á heimasíðunni [www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)

### Súfistinn, kaffihús kaffihús Strandgötu 9 í Hafnarfirði



Óskar eftir þjónustulunduðu og jákvæðu fólki í fullt starf. Um er að ræða þrískiptar vaktir, dag- og kvöldvaktir, virka daga vikunnar og þarf viðkomandi að geta byrjað sem fyrst. Lámarsaldur er 20 ár og er reynsla af afgreiðslustörfum æskileg. Hægt er að nálgast umsóknareyðublöð á [sufistinn.is](http://sufistinn.is).

Frekari upplýsingar um starfið gefur Rakel Björg starfsmannastjóri í síma 699-3742 alla virka daga milli kl. 10-15.

### Hreinlegasta starf í heimi!



Vegna aukinnar sölu vantar okkur líflega liðsmenn í verslanir okkar í Kringlunni og á Laugavegi.

- Ertu ábyrgðarfull
- Ábyrg og reyklus?
- Getur þú unnið sjálfstætt?
- Hefur þú skipulagshæfileika?
- Hefur þú reynslu af afgreiðslustörfum?
- Hefur þú áhuga á ilmjarnaolíu meðferðum?
- Þekkirðu til náttúruvaranna frá Lush?

Ef þú hefur það sem til þarf sendu okkur þá umsókn á [upplýsingar@lush.is](mailto:upplýsingar@lush.is) eða skilaðu inn umsókn í verslun okkar í Kringlunni, 1. hæð. Umsóknarfrestur er til 11. apríl


Lush framleiðir og selur ferskar og náttúrulegar snyrtivörur í rúmlega 400 sérverslunum um allan heim. Lush forðast í lengstu lög að nota gerviefni við framleiðsluna og er allfarandi á móti tilraunum á dýrum. Lush hefur starfað á Íslandi í 4 ár

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**

F-PROT Antivirus

## Tæknilegur þjónustufulltrúi



Við erum að leita að áhugasömum og drífandi starfskrafti til að sinna notendabjónustu við viðskiptavini Friðriks Skúlasonar ehf. (FRISK Software). Viðkomandi mun aðstoða viðskiptavini um allan heim í gegnum síma og tölvupóst við notkun veivarnarhugbúnaðarins F-PROT Antivirus.

Hæfniskröfur:

- Mjög góð enskukunnátta, jafnt í rituðu sem töluðu máli skilyrði
- Góð tölvukunnátta nauðsynleg
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum mikilvæg
- Háskólamenntun æskileg

Umsóknir ásamt starfsferilsskrám sendist á: [jobs@frisk.is](mailto:jobs@frisk.is)  
Umsóknarfrestur er til 18. apríl 2006  
Nánari upplýsingar veitir:  
Sigurður Unnar ([sunnar@frisk.is](mailto:sunnar@frisk.is))

Friðrik Skúlason ehf. (FRISK Software) er alþjóðlegt öryggis- og þekkingarfyrirtæki sem sérhæfir sig á sviði veivarna. Fyrirtækið framleiðir m.a. F-PROT Antivirus (Lykla-Pétur) og er í samstarfi við fyrirtæki um allan heim. Fyrirtækið starfar að mestu leyti á erlendum mörkuðum og er í dag eitt af fremstu veivarnar-fyrirtækjum heims. Hjá fyrirtækinu starfa um fimmtíu manns.



Pverholti 18 • 105 Reykjavík • Sími: 540 7400 • Bréfsími: 540 7401 • [www.frisk.is](http://www.frisk.is)



Parket og gólf er leiðandi aðili í sölu á parketi, hurðum, veggja- og loftaefni. Hjá fyrirtækinu starfar nú um 12 manna samhentur hópur á góðum vinnustað.

## Sérfræðingur á sölusviði

Við erum að leita að sérfræðingum í ráðgjöf og sölu á parketi, hurðum, veggja- og loftaefni. Viðkomandi þarf að vera á aldrinum 28-45 ára. Reynsla af sölustörfum er nauðsynleg.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðrún Símonardóttir ([guðrun@abendi.is](mailto:guðrun@abendi.is)) hjá Ábendi. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

**Umsóknarfrestur er til og með 6. apríl nk. Vinsamlegast sækjið um starfið á heimasíðu okkar, [www.abendi.is](http://www.abendi.is).**



SÍMI: 544-4554 • [abendi@abendi.is](mailto:abendi@abendi.is)  
BANKASTRÆTI 5 • 101 REYKJAVÍK

[www.abendi.is](http://www.abendi.is)



## Proskapjálfar & starfsfólk

**Ertu að leita að einhverju spennandi? Viltu sjá nýjar hliðar á lífinu?**

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra í Reykjavík óskar eftir að ráða þroskajálfa og starfsfólk að sambýli í Trönuhólum. Leitað er að metnaðargjörnu fólki til að taka þátt í starfinu, með jákvæð viðhorf og góðan starfsanda sem leiðarljós. Um er að ræða vaktavinnu og fullt eða hlutastarf, eftir samkomulagi. Skipulögð aðlögun og stuðningur fyrir nýtt starfsfólk er fyrir hendi.

Mikið framboð er á fræðslu fyrir starfsfólk SSR, m.a. nýliðafraeðsla, skyndihjálparnámskeið, samskiptanámskeið og fleira.

Nánari upplýsingar veita Kristinn og Kristín Ásta í síma 557-9760, [tronuholar@ssr.is](mailto:tronuholar@ssr.is)

Launakjör eru samkvæmt samningum ríkisins og viðkomandi stéttarfélag. Umsóknir berist fyrir 18. apríl 2006 til Kristínar Ástu Halldórsdóttur eða Kristins Karls Guðmundssonar, Trönuhólum 1, Reykjavík. Umsóknareyðublöð liggja frammi á aðalskrifstofu, en einnig er unnt að sækja um á netinu, [www.ssr.is](http://www.ssr.is). Störfin veitast strax eða eftir samkomulagi.

Á SSR er unnið í samræmi við jafnréttisáætlun



## Yfirproskapjálfi / deildarstjóri

Svæðisskrifstofa málefna fatlaðra í Reykjavík óskar eftir að ráða yfirproskapjálfa/deildarstjóra á áfangastað á Ránargötu. Um vaktavinnu er að ræða.

**Yfirproskapjálfi/deildarstjóri þarf að**

- taka þátt í sífelldri mótun og uppbyggingu á innra skipulagi áfangastaðarins með hagsmuni íbúanna að leiðarljósi
- vera staðgengill forstöðumanns og aðstoðarmaður hans
- bera faglega ábyrgð á þjónustunni ásamt forstöðumanni
- hafa jákvæð viðhorf og góða hæfni í samskiptum og samstarfi

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- háskólapróf í þroskajálfun eða sambærileg menntun
- reynsla af stjórnun og starfsmannahaldi
- þekking og yfirsýn varðandi málefni fatlaðra
- þekking og reynsla af fólki með geðfötlun

Launakjör eru samkvæmt samningum ríkisins og viðkomandi stéttarfélag. Skriflegar umsóknir ásamt lífsferilskrá berist til Guðnýjar Önnu Arnþórsdóttur starfsmannastjóra fyrir 18. apríl 2006. Umsóknareyðublöð liggja frammi á aðalskrifstofu Síðumúla 39, en einnig er unnt að sækja um á netinu, [www.ssr.is](http://www.ssr.is). Starfið veitist frá 1.mai eða eftir samkomulagi.

Nánari upplýsingar veitir Kristín Pálsdóttir forstöðumaður, sími 551-4200, [kristin.palsdottir@ssr.is](mailto:kristin.palsdottir@ssr.is) og starfsmannastjóri, sími 533-1388, [guðnya@ssr.is](mailto:guðnya@ssr.is)

Á SSR er unnið í samræmi við jafnréttisáætlun



## KÓPAVOGSBÆR

### LAUS STÖRF

**Vinnuskóli Kópavogs:**

- Forstöðumaður
- Launa- og þjónustufulltrúi

**Félagsþjónusta Kópavogs:**

- Félagráðgjafi
- Aðstoð við heimilisstörf
- Félagsleg heimaþjónusta
- Störf við liðveislu

**Íþróttamiðstöðin Versalir:**

- Laugar/baðvarsla karla 100% starf
- Afgr/baðvarsla kvenna 100% starf
- Helgarvinna afgr/baðv. kvenna

**GRUNNSKÓLAR KÓPAVOGS:**

**Digranesskóli:**

- Náttúrufræðikennari ásamt umsjón á unglíngastigi
- Umsjónarkennari á unglíngastigi, meðal kennslugr. ísl. og samfélagsfræði

**Hjallaskóli:**

- Danskennari
- Stundakennari v/forfalla

**Kársnesskóli:**

- Gangavörður/ræstir 50% starf

**Kársnesskóli íþróttahús:**

- Baðvarsla stúlkna

**Kópavogsskóli:**

- Starf skólastjóra

**Lindaskóli:**

- Gangav/ræstir/Dægradvöl

**Smáraskóli:**

- Matráður 50%

Bens 200 diesel. M/ bílaða skiptingu og þarfnast lagfæringar. Ásett 500 þ. Stgr. 200 þ. Uppl. í s. 661 7780.



Til sölu Lincoln Town Car árg. '98, glæsilegur bill. Verð 1.120 þús. Engin skipti. S. 587 1244.

Vantar bíl í sumar. Maí-lok ág. Gefins. Uppl. solla@ljod.is

Til sölu Toyota Corolla 1.3, '94, beinsk., ek. 205 þús., 5 dyra. Topp bill. Verð 150 þús. Uppl. í s. 866 4224.

Nissan Sunny 1.6 SR. '94. Einn 206.000 km. Skoðaður '07. Sumar- og vetrardekk. Bill er í góðu ástandi. S. 862 6669.

Til sölu VW Golf árg. '92, í góðu standi. Verð 180 þús. Uppl. í s. 692 2929.

**Útilegubúnaður óskast!**  
Óskum eftir að kaupa allan helsta útilegubúnað t.d. 3ja manna tjald, 2 svefnpoka, dýnur, eldunargræjur og þess háttar. Tilboð óskast í s. 552 4526 milli kl. 10 og 18.

Til sölu Renault Clío árg. '97 ek. 146 þús. beinsk. Verð 130 þús. Uppl. í síma 660 7612.

Polo árg. '97, ek. 160 þús., á nýjum dekkjum, ný kúpling. ódýr bill. Uppl. í s. 844 5626.

Til sölu Renault Megan árg. '97 ek. 185 þús vel með farin þarfnast smá viðgerðar Uppl í s. 865 3433

Ford Explorer Sport '93. Þarfnast smá lagf. Íhuga skipti á minni bíl. 200þ 8217618

### 250-499 þús.




Audi A4 '95 1.8, 5 gíra, rafmagn, toppl., krókur, ný timareim, ek. 215 þ. V. 300 þ. Sími 860 9243.



Lanser 4x4 '98 nú skoðaður, ásett verð 550þ TILBOÐ 380þ uppl í 690-0770



Til sölu Nissan Almera '99. ek.120þús. Verð380tús lán150. S. 8658876



VW Carawella árg 95 dísel. S. 897 8903.



Bens Sprinter með kassa, árg '98. S. 897 8903.



Skoda Fabia nýskr. 05/2003 ek. 54 þús. Verð 790 þús. Uppl. í s. 698 2495.



Chrysler Cirrus árg. '95, ek. 98 þús. Fallegur, sjálfsk., leður og m. fl. V. 490 þús. stgr. Uppl. í s. 896 6101 & 564 3343.



VW polo 1.4 árg '01 ek 77 þús verð 750 þús Upp í s. 866 2193 Ragnheiður




Dodge RAM 250 ferðabíll, árg. '93. Uppl. í s. 568 1981 & 568 5360.




Nýlegur Kia Sorento EX Luxury, sjálfskiptur, toppluga, álfelgur, leðurklæði, vetrar- og sumardekk. Í ábyrgð hjá umboði. Einn 22 þús. Verð 3.150 þús. Uppl. í s. 588 6284 & 899 8462.



5 dyra Toyota Yaris til sölu, árg. '99, ek. 75 þ., litur vel út, konu bíll. S. 693 3377.




Ford Focus station 2002. e:106þ km. 1600cc beinsk, krókur,CD. Ásett verð 950 þ. S:893-9915



Opel Astra, árg. '00, 1600 vél, spoiler, CD spilar, ásett verð 660 þús., yfirtaka á láni, afb. 12 þ. á mán. Uppl. í s. 866 1671.



Til sölu nissan maxima árg'95 3 l Nýsk 07 leðurklæddur sjálfs einn með öllu verð 550 þús Uppl í s. 864 4003



Toyota Avensis '04, ekinn 41 þús. 5 gíra, beinsk. Verð 1.790.000. Góður staðgreiðslu afsl. Uppl. í síma 825 0712.



Ford 350 XL 15 manna. 2002. V8. 5.4 L. Ekinn 103 þús km. Verð: 1.4 m. S. 893 6262.



Nissan Patrol Elegance 3.0 '03, ekinn 51 þ.km, ABS hemlar, álfelgur, brettakantar, fjarstýrðar samlæsingar, geisla-diskamagasin, hiti í sætum, líknarbelgir, loftkæling, samlæsingar, veltistýri, læsing að aftan, 35" hækkun, 38" mudder, varadekkshlíf, loftnet fyrir VHS, síma og GPS. Uppl. í s. 664 1000.



Hyundai Sonata '04, sjálfsk., ek. aðeins 15 þ. km. Álfelgur, CD, eins og nýr. V. 1.590.000. S. 845 0066.



VW Golf highline 1600cc, árg. '03, beinsk., ek 49 þ., ljós brúnn, toppluga, armpúði, dökkar rúður ofl., verð 1550 þús. S. 696 6768.

### 2 milljónir +




Musso 602 EL, árg. '96, eyðslugrannur, diesel. Ek. 190 þús. Bill í toppstandi á finu verði, 370 þús. stgr. S. 864 8338.



Patrol '91, 35" dekk, ek. 260 þús., sk. '07. Nýtt hedd, uppt. gírk. o.fl. ofl. Smurbók fylgir. Verð kr. 600 þús. stgr. S. 860 4152.



Til Sölu M-5 '99. Einn 111 þús. 18" felgur. V8 400 hestar. Fully loaded. Ásett verð 4.490 þús. S. 848 0944




BMW 318i árg 2002 ek.37.000 17"sumar16"vetradekk spólsvkríðvörn.stept-ronic.10diska magasin einsog nýr verð 2290 þús




Dodge Durango SLT 4,7 2004. Ek. 42 þús. 7 manna, ssk., leður, sumardekk á krómfelgum, krókur og fl. V. 3.490 þús. Má ath. skipti. Uppl. í síma 861 2823.



Nýr Landcruiser 120 LX ssk. Samlitur (kampavinslitur), álfelgur, 33" dekk, spoiler og filmur. Gullmóli. Uppl. í s. 6607577.




Ford Explorer Sport Track árg. '04, ek. 22.500. Verð 2.580 þús. S. 695 6787 & 699 6878.



**Tilboð - Tilboð**  
MMC Pajero turbo diesel. 7 manna, árg. '96, ek. 217 þús., ssk. Verð 400þús út og yfirtaka á láni. Áhv. 350 þús. með afb. 24 þús. pr mán. Uppl. í s. 864 3119.



Musso árg '99, ssk, 35" breyttur. Er tjónaður. Nýjir varahlutir fylgja. S. 897 8903



Til sölu Land Cruiser 60 turbo, árg. '88, 44", loftpúðar á framan og aftan, forlink framan og aftan, þarfnast loka frágangs. Einnig til sölu Skidoo MXZ árg. '98 ný-upptekin vél, 38mm beltí. Fyrirspurn á bjaben@mu.is eða í s. 861 1907.



Ford Expedition 2003 Eddi Bauer 5,4 L, leður, 4xCaptain, 7 manna, bakksk, DVD, toppl., ek. 89 þ. km. V. 3.900 þ. Stgr. 3.350 þ. S. 860 9243.



Ford F 150 King Ranch árg. '05, ek. 8500. 37" breyting. Uppl. í s. 898 4988.






GrandCherokee 5,2L '95, ekinn 117 þ. km. 31" dekk litur mjög vel út. Verð aðeins 550 þús. Uppl. í síma 894 8602.



Terrano Luxury árg. '02, ssk., ek. 82 þús. Nýsk. '07. Einn eig. frá upph. Toppviðhald, fallegur bill, Webasto miðstöð ofl. ofl. 100% lán getur fylgt. skipti ath. Uppl. í s. 898 8228.



Til sölu MB 1023 árg 7/2003, ekinn 54 þús. 2 tonna lyfta með fjarstýringu, bakkmýndavél og fl. uppl. í síma 892-1200





Húsbílar



VW Camper Transporter með snúningsstólum til sölu. Uppl. í s. 555 2882 & 897 2518.

Húsbíll-vinnubíll-rúta

Til sölu Benz 309D '84, þarfnast smá lagfæringa, með hálfra skoðun á 200 þús. Uppl. í s. 567 2510 & 659 1893.

Vantar ódýran bíl sem má breyta í húsbíl. Uppl. í s. 893 7426.

Til sölu sóltjald á húsbíl 245 cm. 50 þús. kr. Uppl. í s. 893 6526.

Mótorhjól



Honda CRF 250 X árg. '04. Vel með farið hjól. Myndir á www.bilapartar.is eða upplýsingar í síma 663 8214.



Suzuki GSXR 750 árg. '91-'92 hjól í toppstandi, mikið endurnýjað. Verð 380 þ. s. 862 5584.



Til sölu Jamaha Virago 500cc 83' . Fallegt hjól. Uppl. í s. 868 5253

Krossari óskast í skiptum fyrir Go Kart keppnisbíl, Tony Cart 125cc, árg. '04 jafnvel + pening. Uppl. í s. 698 4945.

3ja hjóla krossarakerra til sölu. Uppl. í s. 663 4003.

Ný kínersk 200cc Enduro hjól. Kynningarverð 139.900. Komdu, skoðaðu og prófaðu. Uppl. í s. 895 7272.

Vélsleðar



Til sölu Polaris 700XC '00, afmælisútgáfa. Ekinn 3800. Neglt belti, brúsa-grind, bakkgr. o.fl. Verð 340 þús. S. 663 2555.



Polaris ProX 2 árg. '04, ek. 1.200, nýtt 44 mm belti, rafstart, bakkgr. Uppl. í s. 898 4988.

Til sölu AC zr 600 efi '00. ek 4500 km. Ásett 390 þ. Fæst á 290 þ. S. 848 0944.

Skidoo MX-Z 670ho 06/'00, ek. aðeins 1600 km, með Öhlins gasdempurum. Verð 350 þús. Uppl. í s. 820 0300.

2 sleðar skidoo safari 503R 88 Yamaha Exciter 570 89 verð 80.000 stk 6992685

Kerrur

Til sölu ný vélsleðakerra með sturtu 3,30x1,34. Uppl. í s. 899 1128.

Vinnuvélar



**TEREX**  
BELTAGRÖFUR  
1.5 TIL 13 TONN  
[www.velfang.is](http://www.velfang.is)



**JÖTUNN VÉLAR**



Gerni 400GTA 200 bör, 930l/klst. Aðeins kr. 99.900 án vsk. kr. 124.376 m. vsk. Jötunn Vélar ehf. Austurvegur 69 Selfoss s. 480 0400. [www.jotunn.is](http://www.jotunn.is).

Vélaborg



Eigum á lager öflugar

Vacuum-og vatnsdælar í mörgum stærðum. Tilvaldar fyrir verkataka og bændur. Vélaborg Krókhálsi 5F Reykjavík (gengið inn frá Járnhálsi). Sími 414 8600 og Njarðarnesi 2, Akureyri. Sími 464 8600.



VINNULYFTUR EHF. Erum með vinnulyftur og smágröfur í miklu úrvali til sölu & leigu, nýtt og notað. Sími 544 8444. [www.vinnulyftur.is](http://www.vinnulyftur.is)



Smágröfu og Lyftuleiga, allar gerðir og stærðir. Vinnulyftur ehf. Sími 544 8444.



Höfum til leigu & sölu Skotbómulyftara í öllum stærðum. Notað og nýtt. VINNULYFTUR EHF sími. 544 8444.



Komatsu PC15. Árg. '05. Tímastaða 310 klst. Verð án/vsk 2.300.000 kr. Upplýsingar gefur Stefán í síma 535 3500.



Komatsu PC240LC-5. Árg. '05. Verð án/vsk 1.800.000 kr. Upplýsingar veitir Stefán í síma 535 3500.

Cat. hjólavél M315 árg. '99 til sölu. Ek. 6600 tíma. 3 nýjar skóflur o.fl. Verð, tilb. óskast. S. 869 4787.

Vill kaupa sturtuvagn aftan í dráttarvél, einna hásinga. S. 892 1418.

Bátar

Gúmmibátur

Quick Silver Heavy Duty 3,8 m. 1 árs, mótör Mercury 25 hö árg. '99 og Selva (Yamaha) 25 hö 4gensis árg. '05. Uppl. í s. 897 2568.

Hjólbarðar

Til sölu nýr og ónotaður dekkjagangur á King Rance felgum fyrir Ford 350. Kr 120.000 Uppl. í s. 894 4166.

Til sölu eru 14" stálfelgur með koppum undan Vw golf '99 á 9.000 kall. S. 848 0944.

Til sölu fjögur dekk á álfelgum undir Subaru Impresa, 185x70x14. Uppl. í s:561-0911 eða 697-7848

Varahlutir

**Aðalpartasalan s. 565 9700**  
Kapláhrauni 11 HF. Eigum varahlutir í Hyundai, Peugeot, Mazda, MMC, Opel og fl. Kaupum bíla til niðurrís.

Partar VTS S. 421-8090. Subaru Impresa 2,0GX '03 Toyota, Nissan, Opel, Audi 100 '95, Lancer Golf. Opíð 8-18. Lau. 10-15.

**Bilapartar ehf. Sími 587 7659.**  
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opíð virka daga frá kl. 9:00 -18:00. [www.bilapartar.is](http://www.bilapartar.is) bilapartar@bilapartar.is

Er að rífa Toyota Carina E Turbo Diesel '97, Uppl. í s. 895 6130.

KEYPT & SELT

Til sölu



**Comet iðnaðarvagnur**  
Tvær gerðir, verð frá kr. 12.608 m/vsk. Vélaborg ehf., Krókhálsi 5F, 110 Rvk, 414 8600, Njarðarnesi 2, 603 Ak, 464 8600.

Vélaborg



Drifskafnaefni

Eigum til drifsköft og aukahluti t.d. hjöruliði, hjöruliðsgafla, kúplingar, drifskaftrör og hlífir o.fl. Vélaborg Krókhálsi 5F (gengið inn frá Járnhálsi) 110 Reykjavík, sími 414 8600, Njarðarnesi 2, 603 Akureyri, sími 464 8600.



Er vinnudagurinn of stuttur?

Er vinnudagurinn of stuttur? I.R. Ljósaturnar lengja vinnudaginn, 4x 1000 watta halide kastarar, 9 metra ljósamastur, þolir vindstyrk allt að 100 km/klst. Hjóðlát og sparneytin, díselvél knýr rafalinn, Vélaborg Krókhálsi 5F, (gengið inn frá Járnhálsi) sími 414 8600



30-50% afsláttur

Tilboðsdagar á náttfatnaði.

**SJÁUMST COS**

GLÆSIBÆ S. 588 5575



[www.atlantskaup.is](http://www.atlantskaup.is)

Ryðfrír fittings í allar gerðir stiga, glerklemmur, glerbrautir, teinar, vir og net. Einnig DIY handrið og stíllanlegir stigar og hringstigar. Bæjarflöt 6, Grafarvogi) S. 533 3700.

BÍLAR TIL SÖLU



**Ford Expedition Eddie Bauer 5,4L V8 '03.** Ek. 76 þkm. Grænn tvílitur, sjálfsk, 7 manna, leður, vel búinn bíll. Verð 3.900 þús.



**Ford F-150 Lariat 5,4L V8 '04.** Ek. 56 þkm, svartur, sjálfsk, leður, topplúga ofl. Verð 2.990 þús



**Toyota Landcruiser 100 VX Diesel** Nýskr. 12/2001 ('02). Ek. 87 þkm. Silfurgrár, Sjálfskiptur, leður, Tems, 33" dekk. Mjög vel búinn bíll, lítur út sem nýr. Verð 4.800 þús. – Bílalan 3.350 þús.



**Mercedes Benz ML 430** Nýskr. 01/1999 Ek. 155 þkm, silfurgrár, sjálfskiptur, 7 manna, tpoolúga ofl. Mjög gott útlit. Verð 2.950 þús – Bílalan 1.900 þús.



BÍLABANKINN

S: 588 0700

[www.bilabankinn.is](http://www.bilabankinn.is)

Bílaþjónustunum • Breiðhóða

BÍLAR TIL SÖLU

Til sölu Pajero GLS 3,2 l dísel árg. '00, mjög fallegur bíll. Verð kr. 2.790. þús. Upplýsingar í síma 698 1640.

KERRUR TIL SÖLU

**Brenderup 1150 S**  
Innanmál: 144x90x35 cm  
Burdargeta: 500 kg  
Dekk: 13"  
Verð: 85.000,-  
Lyfta.is - 421 4037 - [www.lyfta.is](http://www.lyfta.is) - lyfta@lyfta.is

**Dodge Ram 3500**  
Til sölu er Dodge Ram 3500 árg. '05. Diesel Turbo. Ekin 8000 km. Sem nýr. Liturhvítur, Larami, húðað ur pallur, leður, GPS útvarp o.fl. VERÐ 4.300.000 KR. TILBOÐ 3.950.000 kr. Staðgreitt. Upplýsingar í 822 1100 / 822 1122



## TÓMSTUNDIR &amp; FERÐIR

## Ferðalög

Ódyrt á Spáni. Íbúðir/hús til leigu og sölu í Orihuela Costa. Mjög gott verð. 15% auka afsl. Ef pantað er fyrir 1. maí. Allar uppl. í síma 0034-617559726 og á lindh@visir.is

## Spánn-leiga

Fallegt raðhús fyrir sunnan Alicante til leigu. Uppl. í síma 822 3860 & 567 2827.

## Fyrir veiðimenn



## Sauðnautaveiði

Hreindýraveiði, stangveiði á Grænlandi í sumar. Nánari upplýsingar hjá Ferðaskrifstofu Guðmundar Jónssonar ehf. S. 511 1515.

## Stangveiði/Sjóbirtingur

Bókanir að hefjast tímabilið 6/4-15/10 2006. Sími 894 4655. Sjá nánar á www.breidbalakvisl.is, e-mail breidbalakvisl@simnet.is

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Björt og opin 85fm, 3ja herbergja íbúð í 107 m/húsg. Langtímaleiga. Leiga 105 þ. kr./mán. Uppl. husaleiga107@visir.is

150 fm 5 herb. raðhús með bílskúr í Setbergshverfi í Hfj. Leigutími frá 15. júlí í 1-2 ár. S. 895 0543.

Björt 75 fm, 3ja herb. íbúð í nágr. Hl til leigu. Leiga 80 þ. kr./mán með hita og rafm. Trygging 160.000. Leigist í amk. 1 ár. Laus í byrjun maí. Uppl. skerjo2006@hotmail.com

Til leigu 2 herb. íbúð í 110, frá 1 maí. Verð 76 + hússjóður. S. 849 1958 eftir kl. 19.

Herbergi í miðbæ Reykjavíkur til leigu í stuttan tíma frá 1. maí. S. 844 1270.

## Húsnæði óskast

## Óska eftir íbúð!

Tveir strákar á besta aldri eru að leita sér að íbúð til leigu helst á svæði 101 eða 107. Eru mjög reglusamir og skilvísir greiðslum heitið. Okkur vantar íbúð sem allra fyrst helst árs leigusamning. **Áhugasamir hafið samband við Björn Lárus í síma 690 9933.**

Hljómsv. leitar að húsn. í Rvk. Reglusamir og ábyrgir, borgum fyrirfram. Jón, s. 691 5184 e. kl. 3.

2 konur óska eftir rúmgóðu herbergi með aðgang að snyrtingu og eldunaraðstöðu. Helst í Breiðholti. Uppl. í s. 692 4579.

Yndislegar mæðgur, 32 ára kona og 10 ára hnáta, miklar hestakonur óska eftir íbúð, parhúsi, þess vegna sumarhúsi með eða án húsgagna í Hafnar. eða nágrenni. Ekki verra þó það sé fyrir utan borgina. Allt er opið. Uppl. í s. 869 9883.

3-4 herb. íbúð vantar strax, greiðslugeta 0-120 þús., skoðum allt. Uppl. í s. 690 1749.

Óska eftir að leigja ódyrt verslunarhúsnæði, ca 40 fm í Hfj, Garðabæ, Kóp eða Rvk. Uppl. í s. 820 7201.

Roskinn hjón óska eftir að taka á leigu rúmgóða 2 til 3 herb. íbúð helst á svæði 110 Rvk. Afhending í Maí eða byrjun júní 06. Góð umgengni, skilvísar greiðslur. Uppl í s. 5813810 og 8928201

## Sumarbústaðir



## Hlið

Á göngustiga, heimreiðar, vegi, girðingar, beitahólf o.fl. Mikið úrval, margar gerðir og stærðir. Smíðað úr galvaniseruðu stáli. Öflugur burðarstaurar, einnig staurar með læsingu, nokkrar gerðir. Vélaborg Krókhálsi 5F 110 Rvk, 414 8600, Njarðarnesi 2, 603 Ak, 464 8600.



## Rafgirðingaefni.

Allt til rafgirðinga, staurar, vír, spennugjafir, 220V, 12V og 9V einnig sólarrafhlöður, leiðarar, einangrar, randbeitargirðingar o.fl. ATH. Góðar leiðbeiningar í Vörulista Vélaborgar. Vélaborg ehf., Krókhálsi 5F, 110 Rvk., 414 8600, Njarðarnesi 2, 603 Ak., 464 8600

## Atvinnuhúsnæði

Skrifstofuherbergi til leigu í Ármúlanum. Góð aðstaða, hagstæð kjör. S. 899 3760.

## Geymsluhúsnæði

Búslóðageymsla Olivers geymir búslóðir á brettum. Starfað í 18 ár. S. 567 4046 & 892 2074. Sækjum og sendum búslóðirnar.

Iðnaðarmaður óskar eftir meðleigjanda á bílskúr undir vélar og tæki. Uppl. í s. 897 8170.

## ATVINNA

## Atvinna í boði



## Hvar ert þú að vinna í vor?

Hive vantar gott fólk í úthringiver sitt með vinnutíma milli 18-22, mán-fim. Starfsmenn vinna 2-3 kvöld í viku og ef þú ert dugleg/duglegur og hefur áhuga á frábærum tekjumöguleikum, skemmtilegri vinnu og góðu vinnuumhverfi þá ert þú sá sem við erum að leita að.

**Áhugasamir sendi póst með helstu upplýsingum um sig á hordur@hive.is**

## Hefur þú gaman af fötum?

Ef svo er þá erum við að leita að jákvæðum og hressum einstaklingum til að selja danskan kvæfnað, miklir tekjumöguleikar Þjálfun, fræðsla og stuðningur fyrir réttan aðila. Engin áhætta eða útlagður kostnaður.

**Kíktu á www.clamal.is eða hringdu í Sylvíu í síma 565-3900 eða 660-7401.**

## Hressandi strafs menn á góðum aldri

Óskast til útiverka í sumar, góð laun og áframhaldandi vinna fyrir rétta menn. Kostur að hafa vinnuvelaráttindi eða meiraprófsréttindi.

**Upplýsingar í síma. 894 7010.**

## Loftorka Reykjavík.

Óskar eftir vönum vélamönnum til malbikunar framkvæmda, á malbikunarvél og valtara. Heimkeyrsla og fæði í hádeginu. **Upplýsingar í síma 565 0877.**

## Ræsting/Matráður

Óskum eftir að ráða nú þegar starfskraft til að sjá um ræsting og matseld í 60% starf. Unnið í viku, frí í viku. Íslenskukunnáttu skilyrði. Uppl. í s. 699 8403 & 896 5066.

**Uppl. í s. 699 8403 & 896 5066.**

## Ræstingar Jóa Fel. Kleppsvégi.

Óskum eftir að ráða starfskraft í ræstingar, pökkun og ýmiskonar aðstoð. Vinnutími 08.00 - 16.00 Einnig vantar starfsfólk í afgreiðslu í búð. Tvískiptar vaktir. **Upplýsingar hjá Lindu 863 7579.**

**Kaffibrennslan óskar eftir** matreiðslumönnum í fullt starf og hlutastörf. Góður vinnustaður með hressu og skemmtilegu fólk. **Áhugasamir vinsamlegast hafið samband við Þröst í síma 663 7773 eða á brennslan@brennslan.is.**

## Vaktstjórar.

Bakarameistarinn, Smáratorgi, Suðurveru, óskar eftir afgreiðslufólki um helgar. Leitum að góðum vaktstjórum um helgar. Góð laun í boði.

**Upplýsingar á staðnum eða umsóknareyðublöð www.bakarameistarinn.is**

## Bifreiðastjórar ath

Icelandexcursions Allrahanda, óskar eftir að ráða bifreiðastjóra með rútpróf til aksturs hóperðabíla, hjólastólabilabíla og strætisvagna. Um er að ræða hlutastörf, sumarstörf og framtíðarstarf. við hvetjum konur jafnt sem karla á öllum aldri að sækja um. Upplýsingar gefur Rúnar s. 660 1303 og runar@iea.is

**Upplýsingar gefur Rúnar s. 660 1303 og runar@iea.is Icelandexcursions Allrahanda, er alhliða ferðaþjónustufyrirtæki í örum vexti. Við leitum að drifandi einstaklingum sem vilja vera hluti af skemmtilegum hóp í góðu starfsumhverfi.**



## AMERICAN STYLE Á BÍLDHÖFÐA OG SKIP-HOLTI

leitar að duglegum og traustum liðsmönnum í fullt starf í vaktarvinnu í sal og á grilli. Vilt þú vera hluti af frábærri liðshéild og vinna á lífflegum vinnustað? Góð laun í boði fyrir kröftuga einstaklinga. **Umsóknareyðublöð fást á öllum stöðum American Style, einnig á www.americanstyle.is. Upplýsingar um starfið veitir starfsmannastjóri Herwig s. 892 0274 milli 8:30-17:00**

## Mosfellsbakari

Mosfellsbakari á Háaleitisbraut 58-60, Rvk. óskar eftir góðu fólk til starfa í afgreiðslu. Vinnutíminn er frá 7:30 - 13:00 virka daga og einn dag aðra hverja helgi frá 7:30 - 16:30.

**Nánari upplýsingar veita Ás-laug eða Ellisif í síma 553 5280.**

## Mosfellsbakari

Mosfellsbæ, óskar eftir góðu fólk til starfa í afgreiðslu í eftirfarandi störf: fyrir hádegi frá 6:30-13:00, virka daga og einn dag aðra hverja helgi eða eftir hádegi frá 13:00-18:30, virka daga og einn dag aðra hverja helgi.

**Nánari upplýsingar veita Ás-laug í síma 566 6145 & 660 2155.**

## Tímbur og Stál, Smiðjuvegi 11

vantar verkamann strax til verksmiðjustarfa. Vinnutími frá kl. 8-18. Sköffum mat og vinnuföt.

**Upplýsingar á staðnum eða í síma 554 5544 á mánudag milli 9 og 18.**



**Bakari Bakari.** Bakarameistarinn Suðurveru óskar eftir alhliða góðum bakara sem er stundvís, ábyrgur og áreiðanlegur. **Uppl. gefur Ottar Sveinsson framleiðslustjóri í síma 864 7733 eða á maili: ottar@bakarameistarinn.is**



## Reykjanesbær - Píparar

Píparar eða menn vanir pípuöllum óskast. Mikil vinna framunda, framtíðarstarf. Upplýsingar í síma 840 6100 Nesbyggð ehf.



## Rafvirkjar

Óskum eftir að ráða rafvirkja til starfa við almennar rafagnir og tölvulagnir.

**Upplýsingar í síma 517 6900 eða 660 6901 á skrifstofutíma 9 til 17. Netfang: fagtaekni@fagtaekni.is**



## Reykjanesbær - Rafvirkjar

Rafvirkjar eða menn vanir rafvirkjun óskast. Mikil vinna framunda, framtíðarstarf. Upplýsingar í síma 840 6100.



## Reykjanesbær - Múrarar

Múrarar eða menn vanir múrverki óskast. Mikil vinna framunda, framtíðarstarf. Upplýsingar í síma 840 6100.

## Viðhaldsvirkni ehf.

Óskum eftir mönnum í múrviðgerðir og málingarvinnu utanhúss.

**Upplýsingar í síma 661 0117.**

## Brauðberg Hagamel 67

Óskar eftir góðu fólk til afgreiðslustarfa. Vinnutími 7-13 annan daginn og 13-18.30 næsta dag. Unnið er aðra hvora helgi eða eftir samkomulagi.

**Nánari uppl. gefur Steinar í s. 863 8009 & Anna Rósa í s. 869 3320.**



Vantar menn í vinnu við smíði úr járn og Ryðfríu. Um er að ræða staðlaða smíði og sérsníði Upplýsingar í síma 553 4236 eða email: glorfaxi@simnet.is

## FUNDIR

**Aðalfundur Hestamannafélags Fáks verður haldinn í félagsheimili Fáks mánudaginn 10. apríl, kl. 20:00 Fundarefni: venjuleg aðalfundar störf. Stjórnin.**

## Thorvaldsen Bar

Óskar eftir að ráða vaktstjóra. Þarf að hafa reynslu af bar / veitingastað. Einnig er óskað eftir vönum þjóni til að sjá um veislu í Bertel stofu. Helgar vinna! Upplýsingar veitir á staðnum eða hjá Fanney í síma 697 9004.

1. vélstjóra vantar á togara sem stundar bolffiskeiðar. Vélarstærð 1309 kw. Þarf að geta leyst af sem yfirvélstjóri. Upplýsingar í síma 450 4620 á skrifstofutímum.

Spennandi sölustörf í boði fyrir rétta aðila 25-65 ára. Kíktu á www.charlott.is Umsóknir sendist á charlott@simnet.is

Veitinga- og skemmtistaður í hjarta miðbæjarinnar í Reykjavík óskar eftir fólk í margvísleg störf, svo sem í eldhúsi, bar og þjónustu í sal. Nánari upplýsingar í síma: 868 8655

## Kassastarfsmaður/ áfylling

Vantar fólk í Bónus í Holtagarða. Nýuppgerð og flott verslun. Áhugasamir geta sótt um í versluninni eða á www.bonus.is.

Vaktavinna í einangrunarframleiðslu. Tempra ehf í Kópavogi óskar eftir að ráða starfsmenn í framleiðslu á húsaeinangrun. Um er að ræða vaktavinnu frá kl. 6-14 og 14-22. Umsóknir skal senda á jon@tempa.is. Upplýsingar um okkur má finna á www.tempra.is

Ölgerðin Egill Skallagrímsson ehf. óskar eftir að ráða starfsmenn til framtíðar í áfyllingar í verslanir á höfuðborgarsvæðinu. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem allra fyrst. Áhugasamir sendi umsókn til Ölgerðarinnar merka "Áfylling" eða á netfangið mikki@egils.is fyrir 7. apríl n.k.

Crane operator Looking for crane operator to work on our crane in Reykjavík area. Also looking for fitters and welders. Hamar ehf. Tel: 00354-6603600 Kári.

Kranamaður óskast Kranamaður óskast til vinnu á krana í Reykjavíkarsvæðinu. Á sama stað er óskað eftir vélvirkjum og stálsmiðum. Eru að taka inn efnilega nema. Hamar ehf. 660 3600, Kári.

Lokað útböð. Eru að leita eftir trésmiðum í mótauppslátt, járnbindingar, pípu-lagningarmönnum, og rafvirkjum til að taka þátt í lokuðu útböðinu við uppsetningu tveggja stálgrindarhúsa í nágrenni Keilavíkur. Áhugasamir sendi tölvupóst á ernst@hamar.is

Grafískur hönnuður óskast til að hanna og búa til auglýsingarborða (bannera) fyrir vefsíðu. Áhugasamir hafi samband í síma 511 2090.

## Atvinna - Vesturbær

Starfskraftur óskast til ýmissa starfa í fatahreinsun. Þarf að vera vön að strauja. Unnið mánudaga - föstudaga. Ekki unnið á laugard. Uppl. á staðnum, Hraði fatahreinsun Aegissíðu 115. S. 552 4900.

## Smíðir ATH

Óska eftir smiðum sem fyrst í uppsetningu gífsveggja. Uppl. í s. 845 6431.

Óska eftir að ráða vana mann til malaflutninga á trailer eða vörubíl, einnig mann á belta- og hjólagrófu. Meirapróf æskilegt. Uppl. í s. 899 0012.

## Snyrtifræðingar

Sveinn og nemi óskast strax á góða snyrtistofu í Njarðvík. Uppl. í s. 699 1493.

Vantar vana húsgagnasmíð og aðstoðarfólk á innréttingaverkstæði í Rvk. Uppl. í s. 897 6680.

Duglegur og reglusamur starfsmaður óskast í skemmtilega en erfiða útvinnu í vor og sumar. Uppl. í s. 698 6060.

## Málalar

Óska eftir að ráða málara eða menn vana málingarvinnu. Uppl. í s. 697 3592.

**Hársnyrtir vantar** í hlutastarf á hárgreiðslustofuna Englahár. Uppl. í síma 820 3224, Harpa.

Útgáfufyrirtæki óskar eftir sölufulltrúmi fullt starf. Um er að ræða sölu á auglýsingum í verk á vegum fyrirtækisins. Umsóknir sendist á umsokn@sagaz.is

## Atvinna óskast

60 ára eftirlaunakennari óskar eftir starfi frá 1/6 eða seinna. Starfsreynsla: Kennsla (35 ár), verkstjórn, akstur strætisv. /vörub. (Mikil tölvuþekking)-Tilboð óskast fyrir nk. miðvikudag á netfangið: svkri@isemntt.is

## Viðskiptataekifæri



Hársnyrtir óskast. Mikil verkefni og gott vinnuumhverfi. Fagmennska og gott viðmót er algert skilyrði. Nánari upplýsingar gefur Unnur Rán Reynisdóttir hársnyrtimestari í síma 552 1375 og á unnur-an@gmail.com



Til leigu. Herbergi til leigu á líkamsræktarstöð tilvalið fyrir sjúkrahjálfun, nudd eða svipaða þjónustu. Áhugasamir sendi póst á georg@orkuverid.is

**Viltu miklu hærra tekjur?** Viltu 100% tímafrælsi og 100% sjálfstæði? Eg get hjálpað þér. www.Fagmennska.com

## Viltu losna við baslið

Viltu meiri tekjur? Sittu þá ekki aðgerðarlaus! Skoðuðu málið á www.Kennsla.com

## TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Íslenskur hundur tapaðist við rætur Esju þar sem gengið er upp á fjallið. Uppl. í síma 861 2295

## ÞJÓNUSTA

Rúnar Geimundsson

Sigurður Rúnarsson

Eið Rúnarsson

**Þegar andlát ber að**

**Alhliða útfararþjónusta í 16 ár**

**Símar: 567 9110 & 893 8638**

www.utfarir.is • utfarir@utfarir.is

**Útfararþjónustan ehf.**

Stofnað 1990

Við sérhæfum okkur í ferðum til Eistlands

**Miðaldaborgin frá 11. öld:  
Tallinn í Eistlandi**

**Aðeins 19.900 kr.** (flug með sköttum)

Frá Keflavík: 21. júlí - 2. ágúst  
57.000 kr. með 4 stjörnu hóteli með morgunmati rútu, farastjórn og sköttum.  
Frá Akureyri: 27. apríl - 1. maí

Sími 588 8900  
www.transatlantic.is

Trans - Atlantic

School of Hotel Management  
IHITI  
Neuchâtel  
Switzerland

Exit.is kynnir frábæra  
Hótel- og stjórnunarskóla í Sviss,  
mánudaginn 3. apríl, kl. 15.00  
að SÓLON, 2. hæð.

IHTI is one of the best established hotel management schools with 20 years of experience. Located in the centre of the Swiss university city Neuchâtel it offers:

- Swiss Higher Diploma and British Bachelor Degree in Hospitality Business Management, in 3 years only
- Paid Internship in Switzerland and overseas in each year of study
- 10 months Postgraduate Programme for Bachelor Degree Holders
- Centralised location in the Swiss university city Neuchâtel
- Graduate Career Center

Member of AHEC, Swiss Hotels Schools Association

IHTI, School of Hotel Management  
Avenue de la Gare 15, 2030 Neuchâtel, Switzerland  
Phone: 41 32 720 8040, Fax: 41 32 720 8055,  
Email: iht@eurape@ihiti.ch  
Web: www.ihiti.ch

**exit.is**

RÁÐGJÖF  
DULSPENI  
PIPLAUNI  
VEIÐI  
SMI  
KÍLAVATTUR

**allt**

ný vöru- & þjónustuskra á visir.is

**visir**

ALLT SEM ÞIG VANTAR ER Á VISIR.IS/ALLT

Ævintýralandið

**Mexíkó**

í beinu flugi

**Trans-Atlantic og MasterCard efna til ferðar til Mexíkó.**

**10.500 kr. afsláttur á hvern fjölskyldumeðlim**  
MasterCard korthafa 12 ára og eldri.

Brottfarir: 25. maí uppselt og 8. júní, 13 nætur.  
(ath. takmarkað sætamagn)

Heillandi Maya menning, óviðjafnað endalaus hvít strönd og kristaltær sjórin, kóralríf, næturlíf, verslanir, ævintýraferðir og frumskógur.

4 og 5 stjörnu lúxus hóteli með **allt innifalið**: ótakmarkaður matur og drykkir, óáfengir og áfengir, öll afþreying, skipulögð skemmtidagskrá og stórsýningar (show) á hverju kvöldi.

Nánari upplýsingar:  
www.transatlantic.is

**Verð frá 85.000\* kr.**

Trans - Atlantic  
Sími 588 8900 • www.transatlantic.is

\* flug með sköttum

**Einnig í boði**  
Ævintýraferð til þriggja landa á slóð Maya indíána í Mexíkó, Blesize og Guatemala. Stórkostleg náttúra og dýralíf. Töfrandi regnskógasvæði. Hverfum aftur í tíma og rúmi.

H2 hönnun

**Meistararanám**  
við viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands

**Kynningarfundur**  
verður haldinn **fimmtudaginn 6. apríl** í Odda, stofu 101, kl. 16-18

**Umsóknarfrestur er til 15. apríl**

V  
Viðskipta- og hagfræðideild  
Háskóla Íslands

www.vidskipti.hi.is

UNIVERSITÄT ISLANDS  
HÁSKÓLA ÍSLANDS

**FRÉTTABLAÐIÐ**

**AUGLÝSINGASÍMI**  
**550 5000**



## KAL í annað sætið

Serbeska bandið KAL, sem spilar á tónlistarháttíðinni Vorblót sem verður haldin á Nasa í Reykjavík 27.-30. apríl, hefur fengið frábærar viðtökur við sinni fyrstu plötu sem er samnefnd sveitinni. Platan fór beint í annað sætið á Heims-tónlistarlista Evrópu og situr þar sem fastast.

Á meðal fleiri hljómsveita sem spila á háttíðinni eru Mezzoforte, KK og félagar í Blue Truck, Salsa Celtica frá Bretlandi, Ife Tolentino frá Brasilíu, Petter Winberg úr Hjálmmum og Flís ásamt Bogomil Font, sem sjóða saman tónlist sem byggist á calypso-tónlist frá Trinidad og Tobago og klúrum íslenskum textum og textaskýring-

um.

Vefur tónlistarháttíðarinnar, [riteofspring.is](http://riteofspring.is), er kominn á laggirnar og inniheldur ýmsar upplýsingar um háttíðina og þá listamenn sem þar koma fram, sem og tónlist og myndbönd.

Á síðunni verða birtar fréttir í tengslum við háttíðina með reglulegu millibili og einnig geta lesendur vefjarins búist við nýjum lögum frá listamönnum háttíðarinnar.

Miðasala á háttíðina hefst miðvikudaginn 5. apríl og fer hún fram í verslunum Skífunnar, BT á Akureyri og Egilstöðum og á [midi.is](http://midi.is). Miðaverð er 2900 krónur auk miðagjalds á tvenna tónleika eða 5900 auk miðagjalds á alla háttíðina.



KAL Hljómsveitin KAL spilar á tónlistarháttíðinni Vorblót sem verður haldin í lok apríl.

### 5 PLÖTUR


#### JARÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR SÖNGKONA

**1. HERMAN DÜME - NOT ON TOP** „Ég mæli með þessari plötu fyrir alla. Hún er mjög hressandi með ótrúlega skemmtilegum textum. Þetta er frekar beisk tónlist en alveg rosalega skemmtileg.“



**2. THE KNIFE - DEEP CUTS** „Mér finnst rosalega skemmtilegar útsetningar á þessari plötu. Síðan er söngkonan mjög skemmtileg líka. Þetta er popp, svolítið á ská.“

**3. SPACEMEN 3 - SOUND OF CONFUSION** „Þetta er bara rosalega flott plata með mjög skemmtilegu gítarfídbakki. Þetta er fullkomin plata á vorin þegar það fer að birta. Fínt að labba eða hjóla með þetta í eyrunum.“



**4. SINGAPORE SLING - TASTE THE BLOOD OF SINGAPORE SLING** „Þetta er mjög hressst og gott ef mann langar til að skella á sig sólgleraugum.“

**5. PRINCE - PURPLE RAIN** „Þessi plata er með yndislega dramatískar útsetningar. Þarna er mjög gott blóð á snerlinum.“



# SPRENGJUA

SPRENGJUNNI LÝKUR Í DAG • OPIÐ 13-17

**SÍÐASTI SÉNS**  
Í DAG ER SÍÐASTI SÉNS  
TIL AÐ TRYGGJA SÉR  
TÖLVUR OG TÖLVUBÚNAÐ  
Á ÓTRÚLEGU VERÐI!  
**SJÁUMST**

**0%**  
VEXTIR  
Á ÖLLUM TÖLVUM

# LOKKA DAGUR

OPIÐ  
Í DAG  
13-17

## TÖLVULISTINN

REYKJAVÍK  
Nóatúni 17  
Sími 562 6730

AKUREYRI  
Glerárgötu 36  
Sími 464 7400

KEFLAVÍK  
Hafnargötu 90  
Sími 534 7400

**ELDURINN EIRÐI ENGU** Þegar sólin reis á föstudagsmorgunin komu skemmdirnar í ljós. Eldarnir höfðu skilið eftir sviðna jörð svo langt sem augað eygði.

Gríðarlegir sinueldar kviknuðu á Mýrum í Borgarfirði að morgni fimmtudagsins 30. mars og geysuðu í tvo sólarhringa. Þeir ógnuðu mörgum sveitabæjum þegar verst lét. Aðfaranótt föstudagsins leit út fyrir að eldarnir væru í rénun en það var talsýn ein. *Vilhelm Gunnarsson* ljósmyndari og *Svavar Hávarðsson* blaðamaður fylgdust með atburðarásinni þennan dag þegar baráttan við eldana var í algleymingi.



## Mestu sinueldar Íslandssögunnar



**SETT Í BAKK** Orrustan töpuð en stríðið ekki. Hraði eldsins var stundum svo mikill að slökkviliðsmenn þurftu að hörfa undan.



**SÁ SEM VALDIÐ HEFUR** Þegar leið á daginn hvessti skyndilega og eldurinn náði sér upp að nýju. Á undrastuttum tíma náði hann fyrri styrk.

**Pétursborg**  
**6. maí**  
**frá kr. 39.990**



**Kr. 39.990**

Flugsæti með sköttum báðar leiðir. Netverð á mann.

**Kr. 59.990**

Flug, skattar og gisting í tvíbýli í "standard" herbergi á Hotel Moscow í 3 nætur. Netverð á mann

### Einstök helgarferð í maí

Heimsferðir bjóða nú einstakt tækifæri á að heimsækja þessa merku borg á frábærum tíma. Fjögurra náttu helgarferð á frábærum kjörum í beinu morgunflugi 6. maí. Fjölbreytt gisting í boði og einstakar kynnisferðir með Péttri Óla Péturssyni fararstjóra o.fl..



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000 • Akureyri  
sími 461 1099 • www.heimsferdir.is



**DAGUR AÐ KVÖLDI KOMINN** Þegar líða tók á kvöldið hafði vörn verið snúið í sókn. Preyta sást á andlitum björgunarmanna eftir þrotlaust starf undangenginna klukkustunda.

# Fermingardgjöf ársins!



**EIN  
MEÐ ÖLLU!**

**19.999**

PSP LEIKJATÖLVA OG LEIKUR FYLGIR



OPIÐ TIL  
**22:00**  
ALLA DAGA  
Í BT SKEIFUNNI

**BT**

PSP Á TILBOÐI  
Í VERSLUNUM  
BT UM LAND ALLT

# HAFIÐ BLÁA Í AUSTURBÆ

Sun 26.04 kl: 13.30

Miðapantanir í Austurbæ og á midí.is. Miðasala Austurbæjar er opin milli 13 - 17 alla daga sími : 551 4700

## STUÐ MILLI STRÍÐA Hvar var Rocco?

ANNA MARGRÉT BJÖRNSDÓTTIR FLISSAR YFIR BIKÍNIDÖMUM



Eftir að Dig-ital Ísland hóf innreið sína á heimili mitt síðastliðið sumar hef ég svo sannarlega haft lúmskt

gaman að alls kyns lágmenningarþáttum. Hef núna horft á Idol bæði á íslensku, ensku og frönsku og er ekki frá því að íslenska útgáfan sé bara langbest. Fylgdist líka með America's Next Top Model þar sem ofurfyrirsætan Tyra Banks henti hverri fallegri stúlkunni á fætur annarri úr þættin-

um þar sem hún hafði ekki það sem „þurfti“ til að verða fyrir-sæta. Datt líka inn í frönsku útgáfuna þar sem dómarnir hentu öllum ótalandi og smekklausum stúlkum út í hrönnum.

Það er eitthvað annað sem virðist vera upp á teningnum hjá sjónvarpsstöðinni Sirkus sem er komin með einhvers konar útgáfu af þessum hressandi þætti. Í stað leggjalangra fagurra yngismeyja með samhverf andlit voru mættar til leiks appelsínugular gervi-bombur sem sýndu undirföt í Kringlunni og djömmuðu á Pravda. Ótrúlega skemmtileg svona íslensk útgáfa af fyrir-sætubætti, þetta er án efa mun meira hressandi en einhverjar

horrengrur að grenja á hótellerbergjum.

Þessar segja „I'm beautiful and I have a great body“. Svo töluðu þær líka allar eins og Silvía Nótt, með tilheyrandi tyggjó í munnum og allt. Sníld. „Þetta snýst allt um brjóst“ sagði nú líka einn aðstandandi keppinnar, sem greinilega er mjög hrifinn af saltlausnarpokum. Ég bjóst við að Rocco Sífreddi sjálfur yrði næsti gestadómari og heyrði hann í anda með sinn unaðsfagra ítalska hreim tala um kosti og galla hverrar stúlk. En nei, því miður, þá fara þær bara í eitthvað partí næst með bandarískum rappara sem vildi svo ekki hitta þær. Bið samt spennit.

SMS LEIKUR! TAKTU ÞÁTT!

SENDU SMS SKEYTIÐ JA DMF Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ MIÐA FYRIR TVO.

FM 957

### 11. HVER VINNUR!

VINNINGAR ERU BÍÓMIÐAR FYRIR TVO Á DATE MOVIE  
DVD MYNDR • PEPSI • GEISLADISKAR  
BOUR OG MARGT FLEIRA

# DATE MOVIE

FRUMSÝND 30. MARS


BÍÓ.IS MOBILE

VINNINGAR VERÐA AFHENDIR HIÁ BT SMÁRALIND. KÓPAVOGI. MEÐ ÞVI AD TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB. 99 KR/SKEYTIÐ.

## myndasögur


### ■ Pondus

Eftir Frode Overli



### ■ Pú og þa

Eftir SÖB



# Birta er komin út!

## Heiða í Nikita

Hannar fót á heimsmarkað

Dragtirnar komnar aftur  
Danny Pollock  
Sudoku  
Öflugasta sjónvarpsdagskráin

**birta**  
MEST LESNA • TÍMARIT LANDSINS



# Sekar eða saklausar?

## LEIKLIST

ÞJÓÐLEIKHÚSÍÐ/STÓRA SVIÐ

### Átta konur

Höfundur: Robert Thomas/Þýðing og aðlögun söngtexta: Sævar Sigurgeirsson.  
Leikarar: Birna Hafstein, Edda Björg Eyjólfssdóttir, Katla Margrét Þorgeirsdóttir, Kristján Ingimarsson, Margrét Guðmundsdóttir, Margrét Vilhjálmsdóttir, Nína Dögg Filippusdóttir, Ólafía Hrönn Jónsdóttir, Ragnheiður Steindórsdóttir.  
Umsjón með tónlist: Samúel J. Samúelsson/Sviðshreyfingar: Kristján Ingimarsson/Leikmynd: Jón Axel Björnsson/Búningar: Elin Edda Árnadóttir/Lýsing: Hörður Ágústsson/Leikstjórn: Edda Heiðrún Backman.

**Niðurstaða:** Það er óhætt að segja að leikstjóranum takist að skapa lífliga og skemmtilega sýningu úr þeim efnivið sem hún hefur. Þrátt fyrir annmarka verksins er Átta konur ágæt kvöldskemmtun sem á köflum kitlar hláturtaugarnar rækilega.

Átta konur er hægt að skilgreina sem klassískan stofufarsa þótt verkið sé kynnt sem „glæpsamlegur gamanleikur með söngvum og dansi“. Leikurinn fer fram í stofu í glæsilegu sumarhúsi fjölskyldu einnar sem veður í peningum. Húsbóndinn finnst í rúmi sínu með hnif í bakinu og konurnar í lífi hans taka til við að leysa morðgátu. Þær eru eiginkonan, dæturnar tvær, tengdamamma, mágkona, ráðskonan, hjónustustúlkan og systir hans. Úti geisar mannskaðaveður og ljóst að enginn, utan þessar átta konur, hefur komið í húsið. Þegar þær fara að fletta hver ofan af annarri, kemur í ljós að sumar þeirra virðast hafa haft ástæðu til að myrða húsbóndann, aðrar tækifæri til þess. Fjarvistarannanir standast ekki og hver og ein reynir að negla þá sem henni er verst við. Allar fá þær sitt söngnúmer þar sem áhorfandinn fær að skyggast inn í hugarfylgsni þeirra og átta sig á raunverulegum tengslum þeirra við húsbóndann.

Hugmyndin er bráðskemmtileg þótt hún risti ekki djúpt og úrvinnslan frá hendi höfundar sé nokkuð léttvæg. Umræðan í stofunni er nokkuð eintóna og snýst um það hver gekk um húsið á hvaða tíma nóttina á undan og seinni hluti verksins er að miklu leyti endurtekning á því sem áhorfandinn fékk að vita í fyrri hlutanum þegar eldri dóttirin gerir tilraun til að botna eitthvað í þeim upplýsingum sem liggja fyrir. Hefði sú umræða orðið eilítið þreytandi ef ekki hefðu komið til frábær söngnúmerin.

Á sama hátt eru týpunar átta nokkuð skýrar og ólíkar í fyrri hlutanum en missa aðeins sérkenni sín í þeim seinni. Það kann að vera meðvitað til þess að sýna að grímur þeirra séu fallnar en gerði það að verkum að síðari hlutinn virkaði kraftminni og flatari, eins og hann hefði misst þann aga og nákvæmni sem ríkti í fyrri hlutanum. Þó héldu þær Ólafía Hrönn og Margrét Guðmundsdóttir sínu striki frá upphafi til enda og fóru algerlega á kostum, ekki síst í söngnúmerunum. Hlutverk þeirra sem mágkona og tengdamamma húsbóndans eru vissulega þakklát - en þær voru óboranlegar. Ragnheiður Steindórsdóttir (ráðskonan) átti líka skemmtilega útfært atriði sem hún flutti afar vel og Katla Margrét naut sín vel í sínu söngnúmeri. Það skorti hins vegar nokkuð á bæði leik og söng hjá þeim Nínu Dögg og Eddu Björgu (dætrunum), sem og Margréti (systurinni) og Birnu (þjónustustúlkunni). Það var eins og þær hefðu ekki fundið taktinn í þeim leikstíl (nett ýktum) sem leikstjórnin hafði lagt. Til liðs við konurnar átta hefur látbragðsleikarinn Kristján Ingimarsson verið kallaður frá Danmörku. Hann fer með hlutverk húsbóndans í söngatriðunum, og sér um hreyfingar í sýningunni. Vinna hans er í alla staði frábær, náði að draga fram spaugilegu þætti verksins.



GLÆPSAMLEGI GAMANLEIKURINN ÁTTA KONUR Í ÞJÓÐLEIKHÚSINU Bráðskemmtileg hugmynd útfærð í ágætri kvöldskemmtun MYND/ GOLLU

Þýðingin er vel af hendi leyst, orðaleikir myndir og söngtextar alveg sér á parti. Þrátt fyrir annmarka frá höfundarinn hendi, verður textinn aldrei leiðinlegur. Leikmyndin er skemmtilega hönnuð, það er ljóst að konurnar eru staddir í glæsivillu og veðurhamurinn er mjög svo sýnilegur. Húsgögn eru sparlega notuð og hafa því persónur verksins allt það hreyfirni sem þær þurfa á að halda, sem er þó nokkuð í söngnúmerunum. Ekki síst eiginmaðurinn - og hann nýtir það vel. Búningar eru góðir, hver og ein kvennanna hefur sína liti og snið sem gefa í skyn hið skoplega í fari þeirra - eða til að undirstrika það hættulega. Lýsing er ágætlega unnin, sérstaklega í söngnúmerunum og í veðurhamnum sem geisar fyrir utan risastóra gluggana. Það er óhætt að segja að leikstjóranum takist að skapa lífliga og skemmtilega sýningu úr þeim efnivið sem hún hefur. Þrátt fyrir annmarka verksins er Átta konur ágæt kvöldskemmtun sem á köflum kitlar hláturtaugarnar rækilega.

Súsanna Svavarsdóttir



BJARGA LJÓÐABÓKUM Nýhilmenn taka á móti ábendingum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ VALLI

# Bjarga bókum

Forsvarsmenn Nýhilforlagsins sem hyggja brátt á verslunarekstur hvetja alla þá sem luma á gömlum eða nýlegum lagerum af ljóðabókum í sjálfsútgáfum til þess að hafa samband við forlagið sem mun þá mögulega hafa milliöngu um sölu á hugverkunum. Segir í fréttatilkynningu að ljóst sé að bækur af þessu tagi seljist illa, svo virðist sem heilu lager-

arnir hafi „þuðrast út í eilífðina á fáum árum“ og vilja forsvarsmenn Nýhil bjarga þessum verkum frá fúa og glötu og selja áhugasömum lesendum.

Þeir sem mögulega sitja á gersemum af þessu tagi eru beðnir um að hafa samband við útgáfustjóra Nýhil, Viðar Þorsteinsson í síma 695-4280 eða í tölvupósti, nyhil@nyhil.org.



**Eldhús eftir máli**  
Ósottar pantanir seldar daglega!

ÞJÓÐLEIKHÚSÍÐ

**ÓPERUSTÚDÍÓ**  
NÓTT Í FENEYJUM  
EFTIR JOHANN STRAUSS

**NÓTT Í FENEYJUM - eftir JOHANN STRAUSS**  
3. sýn. sun. 2. apríl kl. 20 - 4. sýn. þri. 4. apríl kl. 20  
5. sýn. fim. 6. apríl kl. 20 - 6. sýn. lau. 8. apríl kl. 20 - **SÍÐASTA SÝNING**

Glitnir er bakhjarl  
Óperustúdíós íslensku óperunnar

Hádegistónleikar fim. 6. apríl kl. 12.15 - Kansónur úr suðri og norðri  
Kolbeinn J. Ketilsson, tenór og Anna Guðný Guðmundsdóttir, pianó

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.  
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.

ÍSLENSKA ÓPERAN

**SÍÐUSTU SÝNINGAR**

**TYGPRATAT**  
LEIKET JOHANN SIGGI SIGURJÓNS

Sýnt á NASA við Austurvöll

Miðvikudagur 12. apríl  
Laugardagur 15. apríl  
Miðvikudagur 19. apríl

Miðasala í síma 575 1550, verslunum Skifunnar og www.midi.is

**ÞJÓÐLEIKHÚSÍÐ**

**Þjóðleikhúsið - leikhúsið þitt!**

**STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00**

**ÁTTA KONUR**  
3. sýn. í kvöld sun. 2/4 örfá sæti laus, 4. sýn. fim. 6/4 örfá sæti laus, 5. sýn. fös. 7/4 örfá sæti laus, 6. sýn. lau. 8/4 örfá sæti laus, 7. sýn. mið. 19/4 **síðasti vetrardagur** nokkur sæti laus, 8. sýn. fim. 20/4, 9. sýn. fös. 21/4, 10. sýn. lau. 22/4.

**SMÍÐAVEKSTÆÐIÐ KL. 20.00**

**ELDHÚS EFTIR MÁLI**  
Í kvöld sun. 2/4 **upselt**, fim. 6/4 örfá sæti laus, fös. 7/4 örfá sæti laus, lau. 8/4 **upselt**, mið. 19/4 **síðasti vetrardagur**, fim. 20/4, fös. 21/4. **Sýningum fer fækkandi.**

**KASSINN KL. 20:00**

**PÉTUR GAUTUR**  
Í dag sun. 2/4 kl. 17:00 **upselt**, þri. 4/4 **upselt**, mið. 5/4 **upselt**, fim. 6/4 **upselt**, fös. 7/4 **upselt**, lau. 8/4 **upselt**, sun. 9/4 **upselt**, fös. 21/4 **upselt**, lau. 22/4 **upselt**, sun. 23/4 **upselt**, þri. 25/4 **upselt**, mið. 26/4 **upselt**, fim. 27/4 **upselt**, fös. 28/4 **upselt**, lau. 29/4 **upselt**. **Aukasýningar í maí:** fös. 5/5 örfá sæti laus, lau. 6/5 **upselt**, sun. 7/5 **upselt**, lau. 13/5 **upselt**.

**LEIKHÚSKJALLARINN**  
**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**  
Leikhúsvésla í mat og drykk fyrir sýningu um helgar frá kl. 18:00. Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MÍÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS  
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.  
MÍÐASÓLUSÍMI: 551 1200. SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

**LISTVINAFÉLAG HALLGRÍMSKIRKJU**  
24. starfsár

Dietrich Buxtehude (1637-1707)  
**Membra Jesu Nostr**

Hallgrímskirkju 2. apríl kl. 17:00

Hljómskiptir:  
Hymnodia  
Kannarkór Akureyrarkirkju  
Annas Zarda - sopran, Halvar G. Björnsson - sopran, Sigón A. Angimadóttir - sk. Michael Jón Clavik - bariton, Harður Hauksson - bassi, Leo Spöndil - orgel, Mátthías Áspál verslum og íslenskum barók kristnámönnum.  
Stjórnandi: Eyþór Ingi Jónsson

Aðgangseyrir kr. 2000,-/1500,-

**Miðasala í Hallgrímskirkju**  
s. 510 1000.

**VIÐTALIÐ**  
eftir Lailu Margréti Arnþórsdóttur

Fimmtud. 6. apríl kl. 20.00  
Föstud. 21. apríl kl. 20.00  
Fimmtud. 27. apríl kl. 20.00

Miðapantanir í síma 555 2222 og á mid.li

**BORGARLEIKHÚSÍÐ**

Stóra svið Nýja svið / Litla svið

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**  
Lau 8/4 kl. 14 **UPPS.** Su 9/4 kl. 14 **UPPS.**  
Su 23/4 kl. 14 Su 23/4 kl. 17:30  
Lau 29/4 kl. 14 Su 30/4 kl. 14  
Lau 6/5 kl. 14 Su 7/5 kl. 14  
Lau 20/5 kl. 14 Su 21/5 kl. 14  
Su 28/5 kl. 14  
**ÓSOTTAR PANTANIR SELDAR DAGLEGA**

**BELGÍSKA KONGÓ**  
Fi 6/4 kl. 20 **UPPS.** Fö 7/4 kl. 20  
Fi 20/4 kl. 20 Fö 21/4 kl. 20  
Lau 29/4 kl. 20 Su 30/4 kl. 20

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**  
Lau 8/4 kl. 20  
**SÍÐUSTU SÝNINGAR Í REYKJAVÍK**

**KERTALJÓSATÓNLEIKAR HARÐAR TORFA**  
FIMMTUDAGINN 6/4 KL. 20

**HUNGUR**  
Fi 4/5 kl. 20 Su 7/5 kl. 20

**KALLI Á ÞAKINU**  
Fi 13/4 kl. 14 skírdagur **UPPSELT**  
Lau 15/4 kl. 14 **UPPSELT**  
Má 17/4 kl. 14 annar í páskum  
Fi 20/4 kl. 14 sumardagurinn fyrsti  
Lau 22/4 kl. 14

**NAGLINN**  
Fö 28/4 kl. 20 Lau 29/4 kl. 20

**GLÆPUR GEGN DISKÓINU**  
Lau 22/4 kl. 20 Fö 28/4 kl. 20  
Fö 5/5 kl. 20 **SÍÐUSTU SÝNINGAR**

**FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP**  
Su 30/4 kl. 20 **UPPS.** Má 1/5 kl. 20 **UPPS.**  
Þri 2/5 kl. 20 **UPPS.** Mi 3/5 kl. 20 **UPPS.**  
Su 7/5 kl. 20 **UPPS.** Má 8/5 kl. 20 **UPPS.**  
Þri 9/5 kl. 20 **UPPS.** Fi 18/5 kl. 20 **UPPS.**  
Fö 19/5 kl. 20 **UPPS.** Fö 19/5 kl. 22:30  
Su 21/5 kl. 20 **UPPS.** Fi 25/5 kl. 20 **AUKAS**  
Fö 26/5 kl. 20 **UPPS.** Fö 26/5 kl. 22:30  
Su 28/5 kl. 20 Fi 1/6 kl. 20

**FORDÍST OKKUR**  
Mi 5/4 kl. 20 Fi 6/4 kl. 20 **UPPS.**  
Fö 7/4 kl. 20 Lau 8/4 kl. 20  
Su 9/4 kl. 20 Fi 20/4 kl. 20  
Fö 21/4 kl. 20 Lau 22/4 kl. 20

**DANSleikhúsið**  
Su 9/4 kl. 20 Þri 11/4 kl. 20  
Mi 19/4 kl. 20 23/4 KL. 20

**SÖNGLIST**  
Í dag kl. 17 Í dag kl. 20:30  
Þri 4/4 kl. 17 Þri 4/4 kl. 20  
Mi 5/5 kl. 17 Mi 5/5 kl. 20

**VORSÝNING 2006 Listdansskóli Íslands**  
Þri 11/4 kl. 20 Mi 12/4 kl. 20

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

„Ég er kölluð „píslin á prikinu“ af því að það næstskemmtillegasta sem ég geri er að þeysa um túnið á brotnu hrífuskafli sem ég nota fyrir hest.“

Sossa litla skessa úr samnefndri barnabók Magneu frá Kleifum kallar ekki allt ömmu sína en alls eru hugljúfu bækurnar um sólskinsbarnið og skólastúlkuna Sossu fjórar talsins.

## bækur

bækur@frettabladid.is

## Krosstré nema lönd

Krosstré Jóns Halls Stefánssonar heldur áfram að gera það gott, en á vef bókaforlagns Bjarts kemur fram að öflugustu útgáfufyrirtæki Danmerkur og Noregs, Cappelen og Gyldendal, hafi keypt útgáfuréttinn að bókinni. Þetta er enn ein rósín í hnappagat Jóns Halls; bókinn hlaut góðar viðtökur gagnrýnenda og lesenda þegar hún kom út fyrir jól og skemmst er að minnast að nýlega keypti kvikmyndafyrirtækið Pegasus réttinn til að kvikmynda reyfarann.

Umboðsskrifstofan Licht & Burr annast sölu á bókum Bjarts á erlendri grundu og hefur nóg að gera að sögn ritstjóra vefjarins, þar sem fjölmargir erlendir útgefendur hafi sýnt bók Jóns áhuga. Þá hefur umbinn gengið frá sölu á Argóarflís Sjóns til danska forlagns Athene, sem gaf út Skugga-Baldur eftir sama höfund í fyrra en sú bók gekk vel og sat um skeið ofarlega á dönskum metsölulistum. Krosstré kemur senn út í kilju sem og bókinn Blekk-ingleikur eftir Dan Brown og japanska bókinn Næt-



JÓN HALLUR STEFÁNSSON Pegasus keypti réttinn til að kvikmynda Krosstré á dögnum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM


urvaktin eftir Natsuo Kirino, en gagnrýnanda Fréttablaðsins rann kalt vatn á milli skinns og hörunds þegar hann las þá síðastnefndu.

### > Bók vikunnar

Allar smásögur Tolstoy's í þýðingu Gunnars Dal

Heildarsafn smásagna rússneska stórskáldsins í þýðingu Gunnars Dal er hvalreki fyrir alla aðdáendur Leos Tolstoy og sennilega metnaðarfullsta útgáfa Lafleur-útgáfunnar til þessa.

Þótt bækur á borð við Önnu Karenínu og Stríð og frið teljist til klassískra heimsbókmennta, eru smásögur Tolstoy's minna þekktar hérlandis en óhætt er að fullyrða að þar leynast fjársjóðir á borð við Þúkann og brauðskorpuna og Fangann í Kákasus, sem er með því besta sem eftir Tolstoy liggur.



**HALLDÓR GUÐMUNDSSON**  
> SKRIFAR UM BÓKMENNTIR

## Orð í eyra

Það er margur fjársjóðurinn í safni Ríkisútvarpsins: Til að mynda stórbrotinn lestur Halldórs Laxness á Atómstöðinni sem gaman væri að hlusta á nú þegar herinn er að fara með ámóta reisu og hann kom. Og ekki væri nú verra ef maður gæti halað lesturinn niður í tölvuna sína og brugðið honum í góðan spilara hvenær sem er.

Erlendis eru hljóðbækur loks orðnar sjálfsgöður hluti bókaútgáfunnar. Það er til dæmis Mozart-ár og allt gefið út sem tengist tónsnillingnum, einnig fjöldi hljóðbóka. Þar á meðal bók sem geymir bréf tónskáldsins, lesin af leikaranum heimspekkta Klaus Maria Brandauer. Þau leyna reyndar á sér, einsog svo margt hjá Mozart, og þykja sum torskilin. Engu að síður er búið að selja 55 þúsund eintök af hljóðbókinni í Þýskalandi. Í nýrri úttekt þýska vikuritsins Der Spiegel er sala bókarinnar tekin sem dæmi um hversu vel hljóðbókamarkaðurinn er að taka við sér þar í landi. Bréf Mozarts eru gefin út af Lübbe-forlaginu, útgefanda Arnaldar, sem gefur líka út Dan Brown og selur í upplestrarformi í mörg hundruð þúsund eintökum – samtals eru hljóðbækur að skila einum sjötta hluta veltunnar hjá þessu öflugra félagi.

Það væri nú ekki amalegt ef sá sem ætlar út að skokka með iPod-spilarann sinn gæti halað niður lestri Halldórs á Atómstöðinni, gegn greiðslu hæfilegs höfundarréttargjalds, og svo kannski nokkrum dögum síðar náð sér í Draumaland Andra Snæs...

Undanfarinn áratug hefur bókamarkaðurinn að mestu staðið í stað í Þýskalandi, en velta hljóðbókamarkaðarins hátt í tífaldast – á þessu ári er áætlað að hún verði 180 milljónir evra, og tvöfalt meiri að fjórum árum liðnum. Um helmingur af því eru skáldverk, fjórðungur barnabækur, en skólabækur og fræðirit sækja á. Áhugafólk getur valið úr þrettán þúsund fánlegum titlum á hljóðbókamarkaði. Æ meira er lagt í útgáfurnar, snjallir leikarar fengnir til að lesa og stundum er um umfangsmikla framleiðslu að ræða, en útgáfurnar eru yfirleitt á geisladiskum.

Þetta er sama þróun og orðið hefur í Englandi og Bandaríkjunum þar sem hljóðbókautgáfan er öflugust, og vestra nam veltan röskum 800 milljónum dollara árið 2004. Í Bandaríkjunum er líka kominn stór netbanki með hljóðbókum sem tölvunotendur geta valið úr og halað niður það sem þeir hafa áhuga á. Útgefendur binda mestar vonir við þróunina á því sviði. Það er nefnilega ennþá vandinn við hljóðbókautgáfu að venjulegur geisladiskur rúmar ekki nema 75 mínútur af lestri – sem þýðir að oftast verður að stytta verk og ristýra til að koma þeim fyrir á 2-3 geisladiskum. En það eru engin slík lengdarmörk á niðurhali lesefnis fremur en tónlistar, og þýskir hljóðbókauitgefendur sjá því fyrir sér samvinnu við iTunes og hliðstæð fyrirtæki: Það er líklegra að hægt sé að ná til ungs fólks ef það getur hlaðið skáldverki í iPod eða mp3-spilarann sinn og hlustað á hvenær sem því sýnist.

Heiðar Helguson var ekki í byrjunarliði Fulham en kom inn á á 66. mínútu fyrir Stern John og nældi sér í gult spjald á lokamínúttum.

## FULHAM-PORTSMOUTH1-3

0-1 Gary O'Neil (1.), 1-1 Steed Malbranque (9.), 1-2 Lomano Tresor Lua-Lua (23.), 1-3 Gary O'Neil (61.).

## NEWCASTLE-TOTTENHAM3-1

1-0 Lee Bowyer (1.), 1-1 Robbie Keane (18.), 2-1 Shola Ameobi (24.), 3-1 Alan Shearer (29. víti).

## WBA-LIVERPOOL0-2

0-1 Robbie Fowler (6.), 0-2 Djibril Cisse (37.).

## STADAN Í DEILDINN:

1. CHELSEA	32	25	4	3	60:19	79
2. MAN.UTD.	32	22	6	4	64:30	72
3. LIVERPOOL	33	20	7	6	47:22	67
4. TOTTENHAM	32	15	10	7	46:32	55
5. ARSENAL	31	16	5	10	53:23	53
6. BLACKBURN	31	16	4	11	42:36	52
7. BOLTON	30	13	9	8	43:34	48
8. WIGAN	31	14	4	13	36:38	46
9. WEST HAM	31	13	6	12	46:46	45
10. EVERTON	32	13	5	14	31:43	44
11. CHARLTON	31	12	6	13	37:42	42
12. NEWCASTLE	32	12	6	14	34:39	42
13. MAN.CITY	31	12	4	15	39:37	40
14. MIDDLESB.	30	10	7	13	43:52	37
15. FULHAM	33	10	6	17	41:54	36
16. ASTON VILLA	32	8	11	13	34:46	35
17. W.B.A.	32	7	6	19	28:49	27
18. PORTSM.	31	7	6	18	27:52	27
19. B.HAM	31	6	7	18	23:44	25
20. SUNDERL.	32	2	5	25	21:57	11

## MARKAHÆSTU MENN:

THIERRY HENRY (ARSENAL)	21
RUUD VAN NISTELROOY (MAN UTD)	21
DARREN BENT (CHARLTON)	16
MARLON HAREWOOD (WEST HAM)	14
ROBBIE KEANE (TOTTENHAM)	14
FRANK LAMPARD (CHELSEA)	14

## Enska 1. deildin:

READING-DERBY 5-0

Ivar Ingimarsson spilaði allan leikinn fyrir Reading en Brynjar Björn Gunnarsson sat á varamannabekknun allan tímann.

Með sigrinum tryggði Reading sér sigur í ensku 1. deildinni.

## STOKE-SHEFF. UNITED

1-1 Hannes Þ. Sigurðsson kom inn á sem varamaður á 78. mínútu.

## NORWICH-LEICESTER

2-1 Jóhannes Karl Guðjónsson var í byrjunarliði Leicester en var skipt af velli á 57. mínútu.

## LEEDS-HULL

0-1 Gylli Einarsson var ekki í leikmannahópi Leeds.

# Manchester United opnaði baráttuna við Chelsea um titilinn á Englandi

Með 2-1 sigri á Bolton hefur Manchester United opnað titilbaráttuna á Englandi upp á gátt. Chelsea gerði 1-1 jafntefli við Birmingham og er nú sjö stigum á undan United en liðin eiga eftir að mætast.

**FÓTBOLTI** Það var Ruud van Nistelrooy sem tryggði Manchester United dýrmætun útisigur á Bolton á Reebook velli í gær. Hollendingurinn kom inn á sem varamaður en hann hefur mátt verma bekkinn að undanfögnu vegna stórleikja Louis Saha sem jafnaði einmitt metin eftir að Kevin Davies hafði komið bolton yfir. Saha lagði síðan upp sigurmarkið fyrir Nistelrooy undir lok leiksins og verðskuldaður sigur United var staðreynd.

Þar sem Englandismeistarar Chelsea gerðu aðeins markalaust jafntefli gegn fallbaráttuhundunum í Birmingham, sem hafa fengið tíu mörk á sig í tveimur síðustu leikjum, er United nú aðeins sjö stigum á eftir Chelsea. Liðin eiga svo eftir að mætast og ef Chelsea heldur áfram að misstíga sig gætu United stolið titilinn á lokaspenninum.

„Þetta var frábær frammistaða hjá okkur. Það er mjög erfitt að sækja Bolton heim og það eru fá lið sem fara hðan með þrjú stig. Það var mjög erfitt að lenda undir,



EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN Var í byrjunarliði Chelsea í gær en átti ekki sinn besta leik. Honum var skipt út af á 68. mínútu.

NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

0:1, en sem betur fer náðum við að jafna metin í fyrri hálfleik,“ sagði Sir Alex Ferguson.

„Við spilum við Arsenal á Old Trafford um næstu helgi og það verður mjög erfiður leikur. Við

höfum spilað mjög vel að undanfögnu en Arsenal er einnig á góðu skriði. „Við eigum enn möguleika á að ná Chelsea. Ég veit hins vegar að Chelsea þarf að misstíga sig í næstu leikjum,“ sagði Ferguson.

Jose Mourinho var ekki sáttur með sína menn í leikslok. „Ég er vonsvikinn með frammistöðu okkar og við hefðum ekki átt skilið að sigra. Birmingham átti skilið eitt stig úr þessari viðureign. Við skoruðum hins vegar mark sem hefði átt að vera dæmt löglegt. Del Horno skoraði og hann var ekki rangstæður,“ sagði Mourinho. „Við spiluðum mjög illa í fyrri hálfleik en ég verð að hrósa leikmönnum Birmingham. Þeir börðust af miklum krafti allan tímann. Við fengum nokkur marktækifæri í síðari hálfleik en heppnin var ekki með okkur.“

Liverpool vann öruggan 2-0 útisigur á WBA þar sem Robbie Fowler kom gestunum yfir. Djibril Cisse bætti öðru markinu við en sigurinn hefði vel getað orðið stærri. hjalti@frettabladid.is

Sir Alex Ferguson er hræddur um að sífelldar tæklingar á Ronaldo eigi eftir að enda með ósköpum:

## Dómararnir eiga að bregðast við

**FÓTBOLTI** Sir Alex Ferguson, knattspyrnustjóri Manchester United, hefur biðlað því til enskra dómara að veita vængmanninum Cristiano Ronaldo aukna vernd í leikjum. Þessi stórgóði ungi portúgalski leikmaður verður fyrir fleiri tæklingum í hverjum leik en flestir aðrir knattspyrnumenn enda á hann það til að niðurlægja mótherjana með magnaðri tækni sinni.

Ferguson hefur áhyggjur af því að einhver tæklingin geti orðið til þess að Ronaldo meiddist illa. Fyrst þegar hann kom til England var hann gagnrýndur fyrir að sýna leikræna tilburði en Ferguson segir að hann hafi þroskast mikið síðan þá og eigi það skilið að dómara bregðist rétt við áður en illa fer.

„Leikmenn hika ekki við það að sparka hann niður og það er ljóst að eitthvað verður að gera í þessu. Sum þessara brota eru skelfileg

en engin refsing veitt. Hluti af ástæðunni er sú að hann átti það til í byrjun að ýkja en hann hefur mikið lært síðan þá. Samt heldur hann orðsporinu og það er mjög ósanngjarnt,“ sagði Ferguson.

Skoski stjórninn hrósar portúgalska undrabarninu í hástert. „Þrátt fyrir mikla gagnrýni og hart mótlæti sem hann hefur orðið fyrir þá lætur hann það ekkert á sig fá og lætur verkin tala á velli. Hann hefur ótrúlega hæfileika og er þar að auki mjög sterkur og góður persónuleiki,“ sagði Ferguson.

Cristiano Ronaldo var mikið í enskum slúðurblöðum fyrir á leiktíðinni þegar hann var sakaður um að hafa nauðgað tveimur stúlku. Hann reyndist þó saklaus í því máli. Þrátt fyrir erfiða tíma hefur hann ekki látið það stöðva sig og spilað mjög vel fyrir Manchester United á þessari leiktíð. - egm



GRÓFTÆKLING Cristiano Ronaldo verður hér fyrir groddalegri tæklingu í leik gegn Bolton, þetta er alls ekki fyrsta grófa tæklingin sem Ronaldo hefur lent í. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



### SUNNUDAGSPENNINN EINAR LOGI VIGNISSON

## Bytturnar, kommarnir og munkarnir

Alþjóðlegt samkenni addáenda íþróttaliða er að þykja stuðningsmenn síns liðs hafa ýmislegt fram yfir stuðningsmenn annarra liða. Hvað þeim finnst um addáendur annarra liða er svo gjarnan liðað af því hversu mikill rígur er milli félaganna en þó eru alltaf einhverjir stuðningsmannahópar sem njóta almennra vinsælda og velvilja annarra addáenda. Fylgjendur Skota og Brasilíumanna eru gott dæmi um vinsæla addáendur á meðan oft fer beygur um þá sem eiga von á Englendingum í heimsoðn þótt flestir smitast af kappi enskra bara ef þeir eru til friðs.

Þótt illa hafi gengið hjá félagsfræðingum að negla niður samkenni addáenda einstakra liða, þeir endurspeglar jafnan þverskurð þeirra samfélaga sem íþróttaliðin spretta úr, þá myndast oft með tímanum ákveðinn sameiginleg einkenni á addáendahópnum. Skemmtilegt sport að rýna í þau einkenni þótt auðvitað þurfi að beita hæfilegum einföldunum og almennum staðhæfingum. Hér ætla ég að fjalla um hvaða stuðningsmenn þykja skemmtilegastir á Spáni og Ítalíu en láta leiðindar

seggina vera, gildir um þá eins og Englendinga að jafnan eru það ofbeldisverkin sem óvinsældunum valda.

#### Vín, vín vín!

Þrátt fyrir að addáendur Barcelona og Real Madrid séu þeir fjölmennustu á Spáni þá teljast þeir seint mestu fjórkarlarnir. Oft minnir stemningin á Nývangi og Bernabeau á slæman dag á Old Trafford, troðfullur völlum af fólki að háma í sig rækjusamlokur eins og Roy Keane orðaði svo snilldarlega. Atletico Madrid hefur löngum státað af trygglyndustu addáendunum. Gott dæmi er þegar ársmiðahöfum fjölgaði þegar liðið féll í aðra deild. Það er eitthvað dásamlega sjarmerandi við samstöðu þeirra í endalausri eyðimerkuröngu liðsins og stemningin á Calderón iðulega rafmögnuð. Daður addáendanna við fasisma hin síðari ár, rasismi og bulluháttur hefur orðið til þess að addáendurnir eru fallnir úr háseti sínu sem bestu addáendur Spánar. Stað þeirra þetta tímabilið hafa tekið addáendur hinna glögla nýliða Cadíz sem virðast lögla að sigla

beina leið niður í aðra deild aftur. Það dregur ekkert úr gleði Cadíz-manna sem halda áfram að syngja lagið sitt fræga. „Vín, vín, vín! Við komum hingað til að detta í það, slæm úrslit fá ei stöðva það!“

Cadíz er aðeins 120.000 manna borg en völlum er alltaf þakfullur. Þar er haldið stærsta karnivalið á Spáni og gleðin endalaus. Hvar annars staðar sjást borðar sem segja: „Dómari, þú ert guðdómlegur!“ Hvar annars staðar er kastað blómum og kossunum í átt til David Beckham þegar hann tekur hornspyrnur?

#### Pólitik og trú

Rétt eins og á Spáni eru addáendur ítölsku stórlíðanna mikill massi en fremur karakterlaus. Napólitánar vekja addáun fyrir trygglyndi sitt en eru heldur ódannaðir í framgöngu og því ekki

alls staðar velkomnir. Hörðustu addáendur liðanna skipa sér ýmist til hægri eða vinstri í pólitík og fylgja þeim oft óeirðir. Þar skera þó vinstrisinnarnir í Livorno sig úr; háværustu, kaldhæðnustu, fyndnustu og óforskömmuðustu addáendur landsins sem kalla þó ævinlega fram bros með uppátækjum sínum.

Livorno hefur aldrei í sögunni gengið betur en í vetur og addáendurnir hafa haldið upp á það með því að útbúa nýja flennistöra fána fyrir hvern leik með athugasemdum um Silvio Berlusconi. Pólitískur áróður er bannaður á knatt-

spyrnuvöllum á Ítalíu en eftir því er aldrei farið nema að þessir fánar fara svo í taugarnar á varðhundurum Berlusconi að Livorno er sektað um háar

fjárhæðir í hverri viku. Greiðir eigandinn Aldo Spinelli sektirnar með bros á vör enda hefur stuðningur við liðið aukist gífurlega og er Livorno-mönnum fagnað hvar sem þeir koma.

#### Frægur munkur

Annað smálið þekkt fyrir skemmtilegheit er Cosenza sem nú dvelur í þriðju deild en var fyrir aðeins örfáum árum í deild hinna bestu. Liðið státar af frægasta addáenda á Ítalíu, munknum Francesco Bisceglia, sem vísað hefur sínum mönnum veginn áratugum saman.

Hinn 69 ára gamli munkur var hins vegar nýverið kærður af ungrunnu fyrir nauðgun og hefur látið lítið fara fyrir sér á velli eftir það. Málið þykir allt hið undarlegasta og dapurlegasta, Bisceglia dáður um land allt en að sögn lækna með krabbamein í blöðruhálskirtli og getulaus af þeim sökum.

Hafa addáendur fjölmargra liða sýnt kristilegan kærleika fyrir leiki og beðið fyrir munknum og nunnunni.




515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE



SKÓLAHREYSTI  
Í DAG KL.15  
Í OPINNI DAGSKRÁ

10 SKÓLAR  
KEPPA  
TIL ÚRSLITA



SYN  
besta sætið

Alfreð Örn Finnsson, þjálfari ÍBV, segir liðið hafa toppað á réttum tíma:

## Toppurinn á mínum ferli

**HANDBOLTI** „Ég var mjög stressaður á tímabili en við höfum reynslumikið lið og skoruðum nokkur mikilvæg seiglumörk. Það verður að segjast eins og er að það var stress í liðinu í dag og það var langt frá sínu besta. Við virtumst ekki vera að njóta þess að spila handbolta fyrir framan þessa frábæru stuðningsmenn sem hvöttu okkur til dáða í dag,“ sagði Alfreð Örn Finnsson, þjálfari ÍBV, sem var engu að síður kampakátur enda hans lið Íslandsmeistari.

Alfreð hefur nú verið með þetta lið í tvö ár en samningur hans er á enda kominn og ekki ljóst hvað tekur við hjá honum. „Allt er óráðið hjá mér en ÍBV er frábær klúbbur og ég kann mjög vel við mig í Vestmannaeyjum. Þetta er toppurinn á mínum ferli og er ástæðan fyrir því að ég fór til Eyja upphaflega,“ sagði Alfreð sem telur að

ÍBV hafi sýnt mikinn stöðugleika á tímabilinu.

„Eini leikurinn sem ég er virkilega ósáttur við er þegar við töpuðum fyrir Haukum á Ásvöllum með átta marka mun. Fyrir utan það töpuðum við á útivelli gegn Stjörnunni og svo með einu marki gegn FH. Þetta eru slöku leikir hjá okkur en hinir voru allir ágætir. Við áttum reyndar í erfiðleikum með liðin í neðri hlutanum en ég hef ekki skýringu fyrir því. Í heildina er ég samt mjög sáttur,“ sagði Alfreð.

„Þetta lið þjappaði sér saman á hárréttum tíma á ótrúlegan hátt og stelpurnar eiga hrós skilið. Þær voru að gera einfalda en árangursríka hluti á þessu tímabili með frábærum varnarleik og stórkostlegri markvörslu. Það skilaði þessum bikar sem við eigum í dag.“



**BROSAD Í GEGNUM TÁRIN** Ragna Karen Sigurðardóttir og Ingibjörg Jónsdóttir fagna Íslandsmeistarátitlinum. Ragna Karen skoraði 5 mörk í leiknum og Ingibjörg 6 og höfðu þær því ríka ástæðu til að fagna í leikslok. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

## Íslandsmeistarátitillinn fór til Vestmannaeyja

ÍBV hampaði í gær Íslandsmeistarátitlinum í kvennaflokki í handbolta með því að leggja hið unga og efnilega lið HK að velli 31-27 í Kópavoginum.

**HANDBOLTI** Það var spennan fyrir lokaumferðina í DHL-deild kvenna sem fram fór í gær en þrjú lið áttu möguleika á titlinum; ÍBV, Haukar og Valur. Eyjastúlkur voru í bestu málnum enda ljóst að ef þær næðu að sigra HK á útivelli þá færi Íslandsmeistarátitillinn til Vestmannaeyja sama hvernig hinir leikir færu. Fyrir leikinn var Kópavogslíðið í sjötta sæti deildarinnar og flestir sem bjuggust við sigri ÍBV sem varð svo raunin.

Mikið jafnræði var með liðunum í fyrri hálfleik og ljóst að HK væri sýnd veiði en ekki gefin. Staðan var jöfn 10-10 þegar ÍBV átti mjög góðan leikaflokk og náði fjögurra marka forystu. Þegar gengið var til búningsherbergja voru þær yfir 17-14 og leikurinn í þeirra höndum. Það sem aðallega skildi liðin að í fyrri hálfleiknum var markvarslan en Ólóf Ragnarsdóttir í marki HK varði þá aðeins eitt skot. Hún náði sér síðan betur á strík í seinni hálfleiknum.

Í síðari hálfleiknum hélt ÍBV síðan þessu þriggja marka forskoti nánast allan tímann en spennan komst í leikinn undir lokin þegar skammt var eftir og ÍBV með tveggja marka forystu en HK í sókn. Heimastúlkur náðu ekki að skora og Pavla Plaminkova tryggði ÍBV sigurinn með því að koma liðinu í 30-27 á lokamínúttunni og kórónaði stórleik sinn. Eyjastúlkur náðu síðan að skora eitt mark áður en leiktíminn rann út og þær unnu 31-27.

„Þetta er mjög sætt, þetta er síðasta dollan sem ég ætla að lyfta sem leikmaður. Tímabilið var svona upp og ofan og margir voru búnir að afskrifa okkur um jólin. En við komum mjög sterkar til baka og tókum þetta á seiglu. Við vissum það sjálfar að við



**BIKARINN Á LOFT** Ingibjörg Jónsdóttir og Florentina Gregu hampa titlinum. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

ættum alltaf möguleika og gáfumst ekkert upp,“ sagði Ingibjörg Jónsdóttir, í skýjunum eftir að hafa lyft Íslandsmeistarabikarnum. Hún sagði að undirbúningur liðsins fyrir leikinn hafi verið mjög hefðbundinn.

Jafntefli hefði dugað ÍBV þar sem Valur og Haukar unnu einnig sína leiki. Valur hafnaði í öðru sæti með þrjátíu stig, stigi minna

en ÍBV, en liðið vann Stjörnuna 23-22 á útivelli í gær. Alla Georgjónsdóttir var markahæst Valsstúlkna með sex mörk. Haukar áttu ekki í vandræðum með Þór á heimavelli sínum og unnu 31-18 þar sem Ragnhildur Guðmundsdóttir var markahæst með sjö mörk. Haukastúlkur höfnuðu í þriðja sæti með jafnmörg stig og Valur.

Haukar komust upp að hlið Fram á toppi DHL-deildarinnar með sigri á HK:

## Mikilvægur sigur í Digranesi

**HANDBOLTI** „Þetta var gríðarlega mikilvægur sigur hjá okkur í erfiðum leik. Þó það vantaði tvo sterka leikmenn í lið HK þá kemur alltaf maður í manns stað og það getur virkað hvetjandi á lið. Sú var staðreyndin núna og við erum fyrst og fremst mjög ánægðir með þessu tvö stig sem við fengum,“ sagði Páll Ólafsson, þjálfari Hauka, eftir að lið hans sótti tvö stig í Digranesi í gær með 26-24 sigri á HK. Með þessum sigri komust Haukar upp að hlið Fram í efsta sætinu en Safamýrarpiltar gerðu aðeins jafntefli gegn Þór á

Akureyri á föstudagskvöld. Bæði lið hafa 37 stig en Fram er á toppnum vegna betri árangurs í viðurngunum gegn Haukum.

„Við höfðum undirtökin mest allan leikinn en hleyptum HK síðan inn í hann og sigurinn gat fallið hvoru megin sem var undir lokin. Við verðum bara að halda okkar striki núna og vona að Fram misstígi sig aftur,“ sagði Páll en þrjár umferðir eru eftir í deildinni og æsispennandi einvígi milli Fram og Hauka á næsta leyti.

HK-ingar náðu forystu 10-8 í leiknum í gær en þá skoruðu

Haukar fimm af næstu sex mörkunum. Leikur Hafnarfjarðarliðsins var sveiflukennður en það hafði þó 14-12 forystu í hálfleik. Jafnræði var með liðunum í seinni hálfleik og tvisvar náðu heimamenn forystunni. Haukar voru einu marki yfir þegar mínúta var eftir og HK-ingar vildu fá vítakast en varð ekki kápan úr því klæðinu. Freyr Brynjarsson innsiglaði þá mikilvægan sigur Hauka.

Jón Karl Björnsson var markahæstur Hauka með níu mörk en Tomas Eitutis skoraði sex fyrir HK.

## ÚRSLIT GÆRDAGSINS

## Iceland Express-deild kvk:

HAUKAR-KEFLAVÍK 90-61

**Stig Hauka:** Megan Mahoney 22, Helena Sverrisdóttir 19, Pálína Gunnlaugsdóttir 15, Ösp Jóhannsdóttir 12, Krístrún Sigurjónsdóttir 9, Unnur Tara Jónsdóttir 4, Bára Fanney Hálfánardóttir 4, Guðrún Ámundadóttir 2, Hanna Hálfánardóttir 2, Ingibjörg Skúladóttir 1.

**Stig Keflavíkur:** María Erlingsdóttir 17, LaKiste Barkus 15, Bára Bragadóttir 10, Svava Stefánsdóttir 6, Ingibjörg Stefánsdóttir 6, Bryndís Guðmundsdóttir 4, Birna Valgarðsdóttir 3, Auður Jónsdóttir 1, Margrét Sturludóttir 1.

## DHL-deild kvenna:

HK-ÍBV27-31

**Mörk HK:** Anna Sif Pálsdóttir 8, Aukse Vysniauskaité 5, Ausra Geciene 3, Hjördís Rafnsdóttir 3, Auður Jónsdóttir 3, Brynja Magnúsdóttir 2, Rut Jónsdóttir 2, Marta Björnsdóttir 1.

**Varin skot:** Ólöf Kolbrún Ragnarsdóttir 8.

**Mörk ÍBV:** Pavla Plaminkova 12, Ingibjörg Jónsdóttir 6, Ragna Karen Sigurðardóttir 5, Renata Horvath 3, Simona Vintila 3, Ester Óskarsdóttir 2.

**Varin skot:** Florentina Gregu 15.

STJARNAN-VALUR 22-23

FRAM-FH 21-24

HAUKAR-KA/ÞÓR 31-18

GRÓTTA-VÍKINGUR 28-28

## LOKASTAÐAN Í DEILDINN:

1. ÍBV	18	15	1	2	478:399	31
2. VALUR	18	15	0	3	497:416	30
3. HAU KAR	18	15	0	3	553:460	30
4. STJARNAN	18	12	1	5	474:409	25
5. FH	18	10	0	8	481:448	20
6. GRÓTTA	18	6	1	11	420:453	13
7. HK	18	6	1	11	493:536	13
8. FRAM	18	4	0	14	435:497	8
9. VÍKINGUR	18	2	2	14	398:494	6
10. KA/ÞÓR	18	2	0	16	419:536	4

## DHL-deild karla:

HK-HAU KAR 24-26

**Mörk HK:** Tomas Eitutus 6, Ólafur Ragnarsson 4, Gunnar Jónsson 4, Elias Már Halldórsson 4, Jón Heiðar Gunnarsson 2, Brynjar Valsteinsson 2, Vilhelm Gauti Bergsveinsson 2.

**Varin skot:** Hörður Flóki Ólafsson 22.

**Mörk Hauka:** Jón Karl Björnsson 9, Árni Þór Sigtryggsson 5, Kári Kristján Kristjánsson 4, Gísli Jón Þórisson 2, Guðmundur Pedersen 2, Halldór Ingólfsson 1, Andre Stefan 1, Freyr Brynjarsson 1, Samúel Ívar Árnason 1.

**Varin skot:** Birkir Ívar Guðmundsson 18.

STJARNAN-VALUR 34-31

**Mörk Stjörnunnar:** Patrekur Jóhannesson 11, Kristján Kristjánsson 6, Þórolfur Nielsen 5, Arnar Theodorsson 3, David Kekelia 3, Björn Óli Guðmundsson 2, Gunnar Jóhannsson 1, Bjarni Gunnarsson 1, Guðmundur Guðmundsson 1, Gísli Björnsson 1.

**Mörk Vals:** Davíð Höskuldsson 8, Hjalti Þór Pálmason 8, Elvar Friðriksson 4, Mohamadi Loutoufi 3, Kristján Þorláksson 2, Fannar Friðgeirsson 2, Atli Rúnar Steinþórsson 1.

ÍR-FH 30-30

**Mörk ÍR:** Hafsteinn Ingason 7, Ragnar Helgason 6, Þorleifur Björnsson 5, Andri Númasson 5, Tryggvi Haraldsson 4, Björgvin Hólmgeirsson 2, Ísleifur Sigurðsson 1.

**Mörk FH:** Daniel Berg Grétarsson 10, Valur Örn Agnarsson 7, Linges Kalasuskas 5, Pálmi Hlökkversson 3, Sigursteinn Arndal 3, Andri Berg Haraldsson 1, Hjörtur Hinriksson 1.

## HVAD? HVENÆR? HVAR?

APRÍL

30 31 1 2 3 4 5

## Sunnudagur

## LEIKIR

15.00 KA og ÍBV mætast í DHL deild karla í handbolta á Akureyri.

19.15 Víkingur/Fjölnir og Afturelding mætast í DHL deild karla í handbolta í Víkinni.

## SJÓNVARP

11.20 Formúla-1 á Rúv. Upptaka frá keppninni í nótt í Ástralíu.

13.50 Badminton á Rúv. Bein útsending frá Íslandsmóttinu.

15.00 Skólahreysti á Sýn. Bein útsending frá úrslitunum í opinni dagskrá.

12.55 Ítalski boltinn á Sýn. Bein útsending frá Fiorentina og Roma.

14.50 Enski boltinn á Enska boltanum. Bein útsending frá leik Manchester City og Middlesbrough

15.50 Enski boltinn á Enska boltanum. Bein útsending frá leik West Ham og Charlton.

16.55 Spænski boltinn á Sýn. Bein útsending frá leik Atl. Madrid og Celta.

19.00 Golf á Sýn. Bein útsending frá Bell South Classic móttinu.

21.15 Helgarsportíð á Rúv.

Úrslitin í Skólahreysti 2006 ráðast í dag þegar keppt verður til úrslita í Laugardalshöll:

## Hvaða skóli er í besta forminu?

**HREYSTI** Úrslitin ráðast í Skólahreysti 2006 í dag þegar úrslitin fara fram í Laugardalshöll klukkan 15.00 en frítt er inn á keppnina. Keppnin verður í beinni útsendingu á Sýn í opinni dagskrá og búast má við heljarinnar skemmtun þegar skólarnir berjast sín á milli um það hver sé í besta forminu.

Eftir fjórar undankeppnir standa átta skólar eftir, Breiðholtsskóli, Garðaskóli, Hlíðaskóli, Klébergsskóli, Lindaskóli, Lækjaraskóli, Salaskóli og Smáraskóli. Auk þess fengu Digranesskóli og Óldutúnsskóli þátttökurétt en þessir skólar báðir náðu besta

árangri í þriðja sæti eftir undankeppnirnar.

Kristján Ársælsson, margfaldur Íslandsmeistari í fitness verður ungum keppendum til halds og trausts en keppt verður í spennandi og krefjandi þrautum. Strákarnir keppa í upphífingum og armbeygjum en stelpurnar í dýfu og fittnessgreipi. Tvær stelpur og tveir strákar mynda hvert lið frá skólunum en allir taka svo þátt í hraðabrautinni.

Mikil samkeppni er á milli skólanna og ljóst er að það verður ekkert gefið eftir í Laugardalshöllinni í dag.

- hþh



KRISTJANA SÆUNN PÁLSDÓTTIR Fimleikadrottningin verður í eldlinni í dag. FRÉTTABLAÐIÐ

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

Steinunn Sigurðardóttir hefur unnið sem einn helsti hönnuður hjá mögum stærstu tískuframleiðendum á borð við Calvin Klein og Ralph Lauren og hefur lengst af starfað á Ítalíu og í New York.

## KOMPÁS OG SJÁLFSTÆTT FÓLK

Mannrán-fótboltafíklar og listahjón að vestan í Kompás kl. 19:10  
Athylgisverði hönnuðurinn Steinunn Sigurðardóttir í Sjálfstæðu fólki kl. 20:00



**ÚR BÍÓHEIMUM**

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„You see George, you've really had a wonderful life. Don't you see what a mistake it would be to just throw it away?“**

Svar: Clarence úr kvikmyndinni It's a Wonderful Life frá árinu 1946.

# dagskrá



**Í TÆKINU: CYNTHIA NIXON LEIKUR Í SEX AND THE CITY Á SKJÁ EINUM KLUKKAN 01.15**

## Ekki rauðhærð

Hin 39 ára gamla Cynthia Nixon er fædd og uppalin í New York og útskrifaðist úr háskóla þaðan með BA-gráðu í ensku. Leikferill Cynthiu hófst þegar hún var 13 ára gömul en þá lék hún í bíómyndinni Little Darlings á móti leikaranum Matt Dillon. Á sama tíma fór hún einnig að leika í leikritum á Broadway og árið 1981, þegar Cynthia var 15 ára, hlaut hún Theatre World-verðlaunin. Meðal þeirra Broadway-uppfærslna sem Cynthia hefur tekið þátt í eru The Last Night of Ballyhoo, Indiscretions, Angels in America, The Heidi Chronicles og The Women. Ennfremur tókst henni átján ára gamalli að leika í Hurlyburly og The Real Thing á sama tíma.

Cynthia vakti fyrst alþjóðlega athygli þegar hún lék Miröndu í þáttunum Sex and the City. Fyrir það hefur hún hlotið mikið lof og fjölda tilnefninga og árið 2004 fékk hún loks Emmy-verðlaun fyrir frammistöðu sína.

Cynthia var með Danny Mozes, enskum prófessor, á árunum 1988 til 2003. Saman eiga þau tíu ára dóttur og fjögurra ára son. Árið 2004 var því varpað fram að Cynthia ætti kærustu. Hún játaði því hvorki né neitaði en sagðist vera mjög hamingjusöm.



**20.15**  
*Drama*  
KRÓNÍKAN

**22.05**  
*Drama*  
ROME

**21.00**  
*Gaman*  
MY NAME IS EARL

**19.50**  
*Gaman*  
LESS THAN PERFECT

**04.55**  
*Kappakstur*  
A1 GRAND PRIX

**2 SJÓNVARPIÐ**

**8.00** Morgunstundin okkar **8.03** Skordýr í Sólarlaug (16:26) **8.26** Brummi (18:26) **8.38** Hopp og hí Sessamí (47:52) **9.06** Stjáni (43:52) **9.28** Sigildar teiknimyndir (29:42) **9.38** Sögur úr Andabæ (51:65) **10.00** Gælu-dýr úr geimnum (3:26) **10.25** Latibær **10.55** Spaugstofan **11.20** Formúla 1

**2**

**7.00** Barnatími Stöðvar 2 (Pingu, Oobi, Myrkfælnu draugarnir, Töfravagninn, Engie Benji, Noddy, Kalli og Lóla, Tiny Toons, Ofurhundurinn, Kalli litli kanína og vinir hans, Nornafélagið, Hjólagengið, Sabrina – Unglingsnornin, Hestaklúbburinn, Tíburasysturnar)

**12.00** Hádegisfréttir **12.25** Silfur Egils **14.00** Neighbours **14.20** Neighbours **14.40** Neighbours **15.00** Neighbours **15.20** Neighbours **15.45** Það var lagið **17.00** Punk'd (6:8) (e) **17.45** Martha

**SIRKUS**

**18.30** Fréttir NFS **19.10** Friends (1:24) (e) (Vínir 8) **19.35** Friends (2:24) (e) (Vínir 8) **20.00** American Dad (5:16) (Finances with Wolves) **20.30** Idol extra 2005/2006 (e) Í Idol Extra er að finna allt það sem þig langar til að vita um Idol Stjöruleitina. Viðtöl við keppendurna, fylgst með þeim á æfingum og allt það sem gerist á bak við tjöldin færð þú að sjá hér á Sirkus.

**21.00** My Name is Earl (e) (O Karma, Where Art Thou?) Earl ákveður að skila veski sem hann stal og kemst þá að því að stuldurinn hafi ollið hjónaskilnaði. **21.30** Invasion (12:22) (e) (Power) Smábær í Flórída lendir í miðjunni á heiftarlegum fellibyl sem leggur bæinn í rúst. **22.15** Reunion (11:13) (e)

**SKJÁREINN**

**11.15** Fasteignasjónvarpið (e) **12.00** Cheers – öll vikan (e) **14.00** Homes with Style (e) **14.30** How Clean is Your House (e) **15.00** Heil og sæl (e) **15.30** Fyrstu skrefin (e) **16.00** Queer Eye for the Straight Guy (e) **17.00** Innlit / útlit (e) **18.00** Close to Home (e)

**19.00** Top Gear Top Gear er vinsælasti bílaþáttur Bretlands. **19.50** Less than Perfect Claude finnur miða á skemmtun í ruslinu hjá Will og ákveður að bjóða Ramonu og Owen með sér á skemmtunina en henni bregður heldur betur í brún þegar Will ákveður á síðustu stundu að skella sér líka. **20.15** Yes, Dear **20.35** According to Jim **21.00** Boston Legal **21.50** Threshold Æisispennandi þáttaröð um Dr. Molly Caffrey sem hefur þann starfa að gera áætlanir um viðbrögð við ófyrirséðum ógnum við öryggi Bandaríkjanna. **22.40** Wargames Ungur maður kemst inn í tölvukerfi hersins. Við það er heimurinn á barmi heimstýrjaldar.

**SYN**

**4.55** A1 Grand Prix **8.30** Súpersport 2006 **8.35** Hápunktar í PGA mótariðinni **9.30** Skólahreysti 2006 **10.15** Skólahreysti 2006 **11.00** Meistaradeildin í handbolta

**12.20** Meistaradeild Evrópu fréttabáttur **12.50** Ítalski boltinn: Fiorentina – Roma **15.00** Skólahreysti 2006 **16.55** Spænski boltinn: Atl. Madrid – Celta **19.00** PGA mótariðin (US PGA Tour 2006) Bein útsending frá Bell South Classic í PGA mótariðinni. Phil Mickelson sigraði mótinu í fyrri með því að sigra Arjun Atwal, Rich Beem, Jose Maria Olazabal og Brandt Jobe í bráðabana sem fram fór á mánuðeginum. **22.00** Leiðin á HM 2006 (Destination Germany) Heimsmeistaramótinu í knattspyrnu fer fram í Þýskalandi næsta sumar og verða allir leikir í beinni útsendingu á Sýn. Í Destination Germany er fjallað um leiðin sem taka þátt í mótinu og leið þeirra í gegnum riðlakeppnina. Fjögur lið eru tekin fyrir hverjum þætti. **22.30** UEFA Champions League (Meistaradeildin – (E)) Útsending frá undanúrslitum í Meistaradeild Evrópu. Leikurinn fór fram fyrir í vikunni.

**18.40** Vanessa: Stóra stökkið Þýsk barnamynd. **19.00** Fréttir, íþróttir og veður **19.35** Kastljós **20.15** Krónikan (20:20) (Króniken) Danskur myndaflokkur sem segir frá fjórum Dönum á 25 ára tímabili. <http://www.dr.dk/kroeniken>. **21.15** Helgarsportíð **21.40** Sextán ára (Sweet Sixteen) Bresk bíómynd frá 2002 um skoskan strák sem safnar peningum fyrir íbúð svo að fjölskyldan geti lifað eðlilegu lífi eftir að mamma hans er látin laus úr fangelsi. Leikstjóri er Ken Loach og meðal leikenda eru Martin Compston, sem lék í Næslandi Friðriks Þórs, William Ruane, Annmarie Fulton og Michelle Abercromby. Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 14 ára.

**18.30** Fréttir, íþróttir og veður **19.10** Kompás Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar. Kynnar eru þulir NFS; Sigmundur Emir Rúnarsson Logi Bergmann Eidsdóttir o.fl. **20.00** Sjálfstætt fólk ( **20.35** Cold Case (3:23) (Óupplýst mál) Rannsóknarlögreglukonan Lilly Rush fer fyrir vaskri sveit sérfræðinga sem manna færastir eru í að leysa gömul óleyst sakamál. Bönnuð börnum. **21.20** Twenty Four (10:24) (24) Fimmta þáttaröð þessa vinsælu spennuþátta. Stranglega bönnuð börnum. **22.05** Rome (10:12) (Rómaveldi) Eitt stærsta og dýrasta verkefni sem ráðið hefur verið út í í gervallri sjónvarps-sögunni. Stranglega bönnuð börnum

**23.00** X-Files (e) **23.45** Smallville (e)

**0.20** C.S.I. (e) **1.15** Sex and the City (e) **2.45** Cheers – 10. þáttaröð (e) **3.10** Fasteignasjónvarpið (e) **3.20** Óstöðvandi tónlist

**0.10** Meistaradeildin með Guðna Bergs.

**2 BÍÓ** STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Moonlight Mile **8.00** Two Weeks Notice **10.00** I Capture the Castle **12.00** The Girl With a Pearl Earring **14.00** Moonlight Mile **16.00** Two Weeks Notice **18.00** I Capture the Castle **20.00** The Girl With a Pearl Earring Aðalhlutverk: Colin Firth, Scarlett Johansson. **22.00** The Ladykillers Aðalhlutverk: Tom Hanks. Bönnuð börnum. **0.00** Jay and Silent Bob Strike Back (Stranglega bönnuð börnum) **2.00** Air Panic (Bönnuð börnum) **4.00** The Ladykillers (Bönnuð börnum)

**OMEGA**

Dagskrá allan sólarhringinn.

**E! ENTERTAINMENT**

**12.00** What Hollywood Taught Us About Sex **14.00** The E! True Hollywood Story **15.00** Mary-Kate & Ashley **16.00** Hollywood Baby Boom 2 **17.00** Gastineau Girls **17.30** Gastineau Girls **18.00** Heartthrobs & Heartbreakers Gone Bad **18.30** Divas Gone Bad **19.00** The E! True Hollywood Story **21.00** Gastineau Girls **21.30** Gastineau Girls **22.00** Wild On Tara **22.30** Wild On Tara **23.00** Party @ the Palms **23.30** Wild On Tara **0.00** 101 Craziest TV Moments **1.00** 101 Craziest TV Moments

**AKSJÓN**

Fréttabátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

**ENSKI BOLTINN**

**10.50** WBA – Liverpool frá 01.04 **12.50** Newcastle – Tottenham frá 01.04 **14.50** West Ham – Charlton (b) **17.15** Man. City – Middlesbrough **19.30** Stuðningsmannabátturinn Liðið mitt (e) **20.30** Helgaruppgjör **21.30** More than a Game **22.30** Bolton – Man. Utd frá 01.04 Leikur sem fór fram í gærdeg. **0.30** Dagskrárlök

**NÝTT Á DVD!**  
**STÆRSTA UPPLIFUN ÁRSINS!**  
FRÁ LEIKSTJÓRANUM  
**PETER JACKSON**  
KOMIN Á DVD Í VERSLANIR OG Á LEIGUR!  
SAMMYNDIR

**VIÐ MÆLUM MEÐ ...**

**Króníkan**

Sjónvarpið klukkan 20.15

**Kosið um endalokin**

Síðast þáttur Króníkanar verður nú sýndur í sjónvarpinu. Margir munu sakna þessara ástsælu, dönsku sjónvarpsþátta sem yljað hafa mörgum um hjartarætur. Aðdáendur þurfa þó ekki að örvænta um sinn þar sem tveir þættir eru eftir. Þeir verða sýndir í dönsku sjónvarpi næsta haust en danska þjóðin fær að ákveða hver endalok þáttanna verða með kosningu.



**Sudoku dagsins**

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á [www.sudoku.com](http://www.sudoku.com). Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

	7							
	5	9	1					7
6			3		8		9	
	3	6	8	4				
					9	5	7	1
	2		5		4			9
9					3	8	2	
								4

**Lausn á gátu gærdagsins**

7	1	5	4	3	9	6	2	8
3	4	9	8	6	2	7	5	1
8	6	2	5	1	7	3	9	4
5	9	8	6	7	3	4	1	2
4	3	7	2	8	1	5	6	9
6	2	1	9	5	4	8	7	3
2	5	6	3	9	8	1	4	7
1	8	4	7	2	5	9	3	6
9	7	3	1	4	6	2	8	5



▶ 11.00  
*Spjall og fræðsla*

PETTA FÓLK



10.00 Fréttir 10.05 Ísland í dag – brot af besta efni liðinnar viku 11.00 Petta fólk

12.00 Hádegisfréttir / Íþróttir / Veður / leiðarar blaðanna 12.25 Silfur Egils 14.00 Fréttir 14.10 Ísland í dag – brot af besta efni liðinnar viku 15.00 Petta fólk 16.00 Fréttir 16.10 Silfur Egils 17.45 Hádegisdagur E 18.00 Íþróttir / Kvöldfréttir / veður

19.10 Kompás Íslenskur fréttaskýringarþáttur í umsjá Jóhannesar Kr. Kristjánssonar.

▶ 20.00 Petta fólk (Fréttaljos) Nýr og óvenjulegur spjallþáttur í umsjá Höllu Gunnarsdóttur blaðakonu og heims-hornafلاكara. Í þættinum tekur hún fyrir eitt land og freistar þess að veita okkur innsýn í framtíð heim. Ekki hefur hún þó sjálf í hyggju að uppræða okkur ein og óstudd – þótt margfróð sé og velsigld – heldur er meginmarkmiðið að kalla til góða gesti sem hafa þekkingu á viðkomandi landi og geta frætt okkur sem heima sitjum um menningu þess og sögu.

20.55 Silfur Egils Umræðuþáttur í umsjá Egils Helgasonar.

22.30 Veðurfréttir og íþróttir

23.00 Kvöldfréttir 23.40 Síðdegisdagskrá endurtekin.

**RÁS 1** FM 92,4/93,5

8.05 Morgunandakt 8.15 Tónlist á sunnudagsmorgni 9.03 Lóðrétt eða lárétt 10.15 Kjarnal, menningarsagan og samtíminn 11.00 Guðspjónusta

12.20 Hádegisfréttir 13.00 Fjölskylduleikritið: Landið gullna Elidor 13.45 Fíola Mozarts 14.10 Söngvamála 15.00 Sögumenn: Ég var ofvirk og dansandi 18.26 Seiður og héli 19.00 Afsprengi 19.40 Grískar þjóðsögur og ævintýri 19.50 Óskastundin 20.35 Sagnaslóð 21.15 Laufskálinn 21.55 Orð kvöldsins 22.22 Í deigluinni 22.30 Leikhúsmýslan 23.00 Andrarímur 0.10 Útvarpað á samtengdum rásum

**RÁS 2** FM 90,1/99,9

6.05 Morguntónar 6.45 Veðurfregni 7.05 Morguntónar 9.03 Helgarútgáfan

12.20 Hádegisfréttir 12.45 Helgarútgáfan 16.00 Fréttir 16.08 Rokkland

18.00 Kvöldfréttir 18.28 Tónlist að hætti hússins 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 Að hætti hússins 22.00 Fréttir 22.10 Popp og rólf 0.00 Fréttir

**BYLGJAN** FM 98,9

5.00 Reykjavík Síðdegis. 7.00 Ísland í Bítíð 9.00 Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádeggi Bylgjunnar 13.00 Bjarni Arason 16.00 Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í Dag. 19.30 Bragi Guðmundsson - Með ástarkveðju

**AÐRAR STÖÐVAR**

FM 90,9 TALSTÖÐIN  
FM 99,4 ÚTVARP SAGA  
FM 95,7 Effeinn / Zúber tónlistarstöðin  
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp  
FM 102,9 Lindin / Kristleigt efni  
FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying  
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristleigt efni  
FM 89,5 Kiss / Nýja bítíð í bænum  
FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni  
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying  
FM 104,5 Radíó Reykjavík / Tónlist og afþreying

**Nytsamar Fermingargjafir**



Ferlingar Tilboð

**Hirzlan**  
Smiðsbúð 6 Garðabæ Sími 564 5040



## HRÓSIÐ

...fær Jóna Kristín Heimisdóttir sem er nýkjörin Ungfrú Reykjavíkur ársins 2006.

## HIN HLÍÐIN: ÓLÖF ERLA BJARNADÓTTIR LEIRLISTAKONA

### Fjölskyldan, listin og trúin

**Hvað er að fréttu?** Allt fínt bara. Leirlistafélagið opnaði nýja sýningu í Hafnarborg í gær. Einnig gengur allt vel í Kirsuberjatrénu enda mikil gróska í íslenskri hönnun.

**Augnlitur:** Blágrænn.

**Starf:** Leirlistakona.

**Fjölskylduhagur:** Gift og á tvö börn og barnabörn.

**Hvaðan ertu?** Úr Kópavogi.

**Ertu hjátrúarfull?** Ekki svo mjög. Það hefur minnkað með aldri.

**Uppáhaldssjónvarpsþáttur:** Kastljós.

**Uppáhaldsútvarpsþáttur:** Ég hlusta mest á Gufuna á daginn og nýt þess að hlusta á talað mál á meðan ég vinn.

**Uppáhaldsmatur:** Allur vel eldaður matur er í upphaldi hjá mér.

**Fallegasti staður:** Kúpullinn á Péturskirkjunni í Róm er ansi fallegur.

**iPod eða geislaspilari:** Geislaspilari enn sem komið er.

**Hvað er skemmtilegast?** Að leira, vera með fjölskyldunni.

**Hvað er leiðinlegast?** Mér finnst ekkert svo gaman að þrifa.

**Helsti veikleiki:** Ég get verið sein og of mikill nautnabelgur.

**Helsti kostur:** Ég er opin og félagslynd.

**Helsta afrek:** Að eignast þessi fullkonnustu börn í heimi.

**Mestu vonbrigði:** Að fá ekki 300 milljóna starfslokasamning.

**Hver er draumurinn?** Að bæta mig í starfinu og halda áfram að kynna góðu fólk.

**Hver er fyndnastur/fyndnust?** Þorsteinn Guðmundsson og Jón Gnarr finnst mér oft fyndnir.

**Á hvað trúirðu?** Guð.

**Hvað fer mest í taugarnar á þér?** Það er misjafnt en ég reyni að láta það ekki setjast djúpt í mér.

**Uppáhaldskvikmynd:** The Graduate.

**Uppáhaldsbók:** Engin sérstök í upphaldi en núna er ég að lesa Ellefu mínútur eftir Paulo Coelho.

**Hvað er mikilvægast?** Fjölskyldan, listin og trúin.



## FRÉTTIR AF FÓLKI

Rithöfundurinn Bragi Ólafsson, sem hefur á liðnum árum gefið út verk sín hjá bókaútgáfunni Bjarti, hefur söðlað um og mun framvegis gefa verk sín út hjá Eddu útgáfu. Bjartsmenn kveðja Braga á heimasíðu sinni og draga enga dul á að hans muni verða sárt saknað og þarf svo sem engan að undra þar sem Bragi er í hópi bestu samtímarithöfunda Íslendinga og hefur til dæmis gert stormandi lukku með skáldsögum sínum Gæluþrunum og Hvíldardögum. Bragi er því vitaskuld að sama skapi happafengur fyrir Eddu sem gerði nýlega



annað strandhögg hjá Bjartslíðum þegar útgáfan fékk ljóðskáldið **Kristínu Eiríksdóttur** til að flytja sig um set en hún gaf sína fyrstu bók, *Kjöt-bæinn*, út hjá Bjarti.

Kristín vakti fyrst verulega athygli þegar hún sigraði í Sigurskaldinu 2004, ljóðakeppni Eddu og Fréttablaðsins, á vordögum fyrir tveimur árum. Síðar það sama haust kom *Kjöt-bæinn* út og Kristín hefur verið á góðri siglingu síðan. Sigurskaldid 2006 er í fullum gangi þessa dagana og íslensk ungskáld hafa enn ráðrúm til að senda ljóð í keppnina en skilafrestur rennur út miðvikudaginn 5. apríl.



Tekið er við ljóðum á netfanginu [ljod@edda.is](mailto:ljod@edda.is) og skúffuskáld fædd 1976 og síðar ættu því að hafa hraðar hendur þar sem sagan bendir eindregið til þess að sigurvegarans biði glæstur frami í bókmenntaheiminum. -þþ

## STEVEN HAFT: MESTI AÐDÁANDI ÓLAFS JÓHANNSS

# Heppnir að fá Connelly

Steven Haft er einn aðalframleiðandi kvikmyndarinnar *A Journey Home* en hún byggir sem kunnugt er á bók Ólafs Jóhanns Ólafssonar *Slóð fiðrildanna*. Óskarsverðlaunaleikkonan Jennifer Connelly var nýlega ráðin til að leika aðalhlutverk í myndinni sem er leikstýrt af Liv Ullman. Haft er mjög virtur framleiðandi í Hollywood og á meðal annars heiðurinn af hinni margrómuðu *Dead Poet Society* þar sem Robin Williams fór hamförum í hlutverki kennarans John Keating.

Haft var staddur í New York þegar Fréttablaðið náði tali af honum en framleiðandinn og Ólafur Jóhann er miklir vinir. „Við kynntumst í gegnum endurskoðanda hans sem taldi okkur geta orðið gott „skapandi“ teymi,“ segir Haft og bætir við að hann sé jafnframt einhver mesti aðdáandi skáldsins. „Ekki er nóg með að honum gangi vel í sinni daglegu vinnu heldur hefur Ólafur náð umtalsverðum árangri með sínum skrifum en þau skipta hann engu minna máli,“ útskýrir Haft.

Steven komst yfir *Slóð fiðrildanna* hjá bandarískum útgefanda hennar áður en bókin var bundin inn og varð strax það hrifinn að hann vildi gera kvikmynd eftir henni. „Fyrir mér eru til nokkrar gerðir af kvikmyndum,“ segir Steven. „Annars vegar eru það svokallaðar poppkornskvikmyndir á borð við *King Kong* eða *Mission Impossible* og hins vegar eru það *Miramax*-myndirnar sem fá fólk til að staðnæmast og hugsa,“ segir framleiðandinn. „Það er í þeim flokki sem ég vil vinna,“ bætir hann við.

Ekki tók það félagana nema tíu mínútur að sjá hvers konar leikstjóri yrði heppilegastur til að stýra myndinni. „Við vildum að þetta væri kona sem þekkti norræna menningu og hugsunarhátt,“



STEVEN HAFT Las *Slóð fiðrildanna* áður en hún var gefin út í Bandaríkjunum og varð strax það hrifinn að hann vildi gera kvikmynd eftir henni. FRÉTTABLAÐIÐ / GETTY IMAGES

útskýrir Steven. „Draumurinn var að fá Liv Ullman og þegar hún sýndi verkefninu áhuga duttum við í lukkupottinn,“ segir Steven en lukkudísirnar héldu áfram að vera á bandi þeirra þegar óskarsverðlaunaleikkonan Jennifer Connelly féllst á að leika í myndinni. „Ullman nefndi hana fyrst enda taldi hún að Connelly gæti

túlkað hið unglega sakleysi Dísu sem og hina sorgmæddu hetju,“ útskýrir Steven.

Framundan er að finna karleikara í þrjú stór hlutverk en Haft vildi ómöglega gefa upp hverjir kæmu til greina. „Við höfum gert okkur einhverjar hugmyndir en það kemur í ljós á næstu dögum,“ segir hann. freyrgigja@frettabladid.is

Bláamannafélag Íslands hélt svokallað Pressukvöld á fimmtudaginn þar sem hinn mjög svo umdeildi dómur í svokölluðu Bubbamáli var ræddur. Fundurinn var haldinn á Litla ljóta andarunganum en þegar kjaftavaðallinn þar



leystist upp færðu fjölmargir fjölmiðlungar sig yfir á Ólstofuna sem er eitt helsta varnarþing bjórþyrstra blaðamanna í Reykjavík. Þar

deildi Kastljósdaman **Eyrún Magnúsdóttir** borði með nokkrum óhreinum börnum íslenskrar blaðamennsku með **Mikael Torfason**, fyrrum ritstjóra DV, fremstan í flokki. Lærissveinar Mikael af DV, **Andri Ólafsson** og **Breki Logason**, blaðamaður á *Hér&nú*, ásamt **Jóni Trausta Reynissyni** af Mannlífi fylltu svo pennisan skrautlega flokk en Mikael stal senunni að vanda og virðist hafa heillað Eyrúnu svo hressilega að hann var mættur til hennar í Kastljósið sólarhring síðar til að fara yfir fréttir liðinnar viku.

Velgengni Draumalandsins eftir **Andra Snæ Magnason** hefur verið svo dramatísk að það er að verða álika gáfulegt að flytja fregnir af vinsældum bókarinnar og að flytja uglur til Aþenu eða bera vatn í bakkafullan læk. Bókin er á hvers manns vörum og hún roksels og er þar fyrir utan lesin upp til agna. Fyrsta upplag bókarinnar kláraðist í nýliðinni viku og útgefandinn lagði ofurkapp á að koma 2. prentun í búðir fyrir helgi. Sjálfur fylgir Andri Snær bókinni eftir eins og poppstjörnur hamra heitar plötur sínar með tónleikum og er eins og þeytisþjald á milli upplestra.

Hann gerði þannig góða ferð á Bifröst í vikunni, fyllti bílinn sinn af þeim eintökum sem eftir voru á lager Eddu útgáfu og seldi allt klabbid beint upp úr skottinu að loknum vel heppnuðum upplestri í Borgarfirðinum. -þþ



allt

... sem þig vantar til að hefja nýtt líf

NÝ VÖRU- OG ÞJÓNUSTUSKRÁ Á VISIR.IS/ALLT

## Brjálaðri viku loksins lokið

Úrslitin í Morfís og Músíktílaunum fóru fram á föstudagskvöldið en í þeirri fyrrnefndu báru MR-ingar sigurorð af MH eftir hatrammt stríð að undanfögnu. Hljóm-sveitin The Foreign Monkeys hirti aðalverðlaunin í Músíktílauninum eftir að hafa heillað áhorfendur og dómnefnd upp úr skónum.

Það var hins vegar skammt stórra högga á milli hjá Halldóri Ásgeirssyni því hann kom fram með hljómsveit sinni Furstaskyttan á Músíktílaunum og aðeins tveimur mínútum síðar var hann á leiðinni upp í Háskólabíó þar sem Halldór keppti fyrir hönd MH.

Halldór fór ekki alveg tómhentur heim því hann var valinn Ræðumaður Íslands. „Þetta er búið að vera svolítið brjáluð vika,“ viðurkennir hann þegar Fréttablaðið hafði talið af honum á kaffihúsi í Reykjavík. „Undirbúningur fyrir ræðukeppni tekur yfirleitt dag og

nótt en svo bættust Músíktílaunirnar við,“ segir hann og því hafi gefist lítil tími fyrir námið. „Við urðum að semja eitt lag til viðbótar fyrir keppnina og hittumst klukkan hálf átta á föstudagsmorgninum,“ bætir hann við og segir þá félagi ekki hafa búið við því að þeir kæmst upp eftir undankvöldið. „Við töluðum einmitt um að það yrði hálf erfitt þar sem við vissum að úrslitin í Morfís yrðu sama kvöld,“ segir hann en Furstaskyttan var stofnuð viku fyrir keppnina.

Halldór klárar MH í vor og leggur þá uppí ferðalag um Austur-Evrópu. „Ég ætlaði að taka mér ársfrí frá námi en er sennilega hættur við það. Ætla að reyna við læknis- eða lögræðina.“ -fgg

**HALLDÓR ÁSGEIRSSON** Það var skammt stórra högga á milli hjá Halldóri síðastliðið föstudagskvöld en þá keppti hann bæði í úrslitum Morfís og Músíktílaunum. FRÉTTABLAÐIÐ / DANIEL

ICELANDAIR KYNNIR Í SAMVINNU VIÐ CONCERT OG BYLGJUNA

ICELANDAIR 

VINSÆLASTI SÖNGVARI Á  
ÍSLANDI OG VINSÆLASTA  
SÓPRAN SÖNGKONA BRETLANDS

# GARDAR THÓR CORTES KATHERINE JENKINS

ÁSAMT 40 MANNA HLJÓMSVEIT  
Í LAUGARDALSHÖLL  
LAUGARDAGSKVÖLDIÐ 29. APRÍL 2006

STJÓRNANDI GARÐAR CORTES

## MÍÐASALA ER HAFIN

**BYLGJAN**  
20ÁRA



20% afsláttur af öllum viðburðum Concert ef greitt er með MasterCard á sérstökum MasterCard forsöludegi

Kynnið ykkur frekari tilboð og tónleikadagskrá Concert á vef Tilboðsklúbbs Mastercard, [www.kreditkort.is/tonlist](http://www.kreditkort.is/tonlist)

FORSALA AÐGÖNGUMÍÐA  
Á [WWW.CONCERT.IS](http://WWW.CONCERT.IS)  
OG [WWW.MIDI.IS](http://WWW.MIDI.IS) OG Í  
VERSLUNUM SKÍFUNNAR



# FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is  
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

## Flottar innréttingar

Hönnun - Ráðgjöf - Þjónusta



Síðumúla 35 · 108 Reykjavík · Sími 517 0200

www.heild.is



### BAKÞANKAR

VERNHARÐS ÞORLEIFSSONAR

## Af föntum og fúlmennum

Bubba-málið hefur sennilegast ekki farið framhá mörgum og dómurinn sem féll í kjölfarið hefur verið á milli tannanna á fólki liðna viku. Hann bar einmitt á góma í matarboði sem ég var staddur í um daginn og í kjölfarið hef ég verið að melta málið.

ÉG vil byrja á því að taka það fram að ég skil vel að Bubba hafi sárnað þessi umfjöllun. Hún var á lágu plani og átti sér fátt til málsbóta. Ég skil vel að Bubbi hafi farið í mál við þá sem ábyrgir voru fyrir umfjölluninni og ég skil vel að Bubbi hafi unnið málið og skapað með því forðæmisgefandi dóm. Ég skil bara ekki að umboðsmaðurinn hans skyldi ekki sjá tækifærið sem birtist þeim þarna á silfurfati.

FYRIR um það bil ári birtust myndir af Kate Moss á forsíðum um heim allan þar sem þessi fyrirmynd margra ungra meyja var að þúðra á sér nefið. Í kjölfarið fékk hún meiri fjölmiðlaathygli en hún kærði sig um á þeim tíma. Hún hvarf tímabundið úr sviðsljósinu meðan fjölmiðlar kepptust við að birta fregnir af samningunum sem verið væri að rifta við hana og ýmsar spekulásjónir um á hvaða meðferðarstofnun hún væri. Eftir nokkra mánuði sneri hún aftur, búin að dömpa rokkaranum sem átti að hafa verið valdur að eiturlyfjafíkn hennar, og var í kjölfarið boðnir fleiri og betri samningar en hún hafði áður. Undir handleiðslu góðs umboðsmanns náði hún að haga seglum eftir vindi og standa uppi sterkari í augum almennings.

ÉG hefði haft gaman af því að fylgjast með myndaseríum í Séð og heyrt af Bubba í nálastungum, á smokers anonymous-fundum eða bara uppi á fjöllum í flotta jeppanum sínum að forðast freistingar níkótínskrattans. Rétt markaðssetning hefði sennilega skilað honum hærrí miskabótum en þessum skitna sjö hundruð þúsund kalli. Með tímanum hefði hann jafnvel kannski náð að klóra sig hátt upp í tuttugu millurnar sem honum fannst sanngjarnt að fá. Þetta snýst nefnilega allt um að meta aðstæður.

EN hvaða áhrif hefur þessi dómur fyrir Bubba sjálfan? Er Bubbi sáttari við að leysa ágreining á þennan hátt heldur en að stökkva af sviðinu og gefa dónunum einn go'moren eins og hann gerði í gamla daga? Og nú þegar búið er að rýra mannorð hans, sem metið var á 700.000 krónur, verður þá ódýrara að rýra það næst?

EFTIR að hafa melta málið þá er niðurstaða mín sem sagt sú að Bubbi er einfaldlega fórnarlamb vanhæfs umboðsmanns.



www.icelandexpress.is

## HVERJIR VINNA LEIKINN? Taktu þátt í HM leik Iceland Express

Iceland Express er stolt af því að styrkja HM 2006 á SÝN. Við færum þér HM, hvort sem þú ætlar að njóta leikjanna í sófanum heima eða stúkunnni sjálfri, því í vor verða áfangastaðir Iceland Express í Þýskalandi orðnir þrjár talsins: Frankfurt Hahn, Friedrichshafen og Berlín. Af þessu tilefni efnir Iceland Express til spennandi HM leiks, þar sem í boði eru alls sex miðar á tvo spennandi leiki.

» Peir sem bóka flug til Berlínar, Friedrichshafen eða Frankfurt fyrir 1. maí nk. fara sjálfkrafa í HM pottinn og geta unnið ferð fyrir fjóra á leik Þýskalands og Ekvador á HM 2006 sem fer fram þann 20. júní í Berlín.

» Peir sem bóka flug til Gautaborgar eða Stokkhólms fyrir 1. maí nk. fara sjálfkrafa í HM pottinn og geta unnið ferð fyrir tvo á leik í 16 liða úrslitum HM 2006.

» Bókaðu núna á [icelandexpress.is](http://icelandexpress.is)



FILEN/STIA

Innifalið er flug, gisting og miðar á leikina, í boði Iceland Express og Sýnar. Gildir einungis fyrir nýjar bókanir fyrir 1. maí 2006.

Iceland Express, Grímsbæ, Efstalandi 26, Sími 5 500 600



## AF HVERJU AÐ BORGNA MEIRA?

**AEG** PAKKINN  
- heimilistæki á sérstöku tilboðsverði  
þegar keypt er HTH-innrétting.

**RÁDIO NAUST**  
FURUVÖLLUM · AKUREYRI  
HTH-deild · SÍMI 461-5003

SETTU ÞAÐ SAMAN **HTH**

**ORMSSON**  
SMÁRALIND · SÍMI 530-2900

Komdu í ORMSSON Smáralind!

Opíð í dag frá kl. 13-18!

Soft Lud/KH  
VERÐ FRÁ KR.:  
**199.900,-**



Auglýsingastaða Gubrunar Önnu